

**SKOÐUN** Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um fordóma gegn samkynhneigðum. 20



**MENNING** Mótettukórinn fagnar 400 ára afmæli Hallgríms Péturssonar. 34



**LÍFIÐ** Hinn þýski Mirko Kraeft vill mynda naktar, íslenskar konur. 48



**SPORT** Formaður KKÍ er ósáttur við lítinn stuðning ríkisins við íþróttastarf. 50







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
6. mars 2014
55. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Vilja banna sinubruna

Mannvirkjastofnun vill alfarið banna bændum að brenna sinu eða herða reglur til muna. Bændasamtökin vilja halda í hefðir, en skýra lög og reglur. 8

**Fá að taka fylgjur heim** Ljósmæður á Landspítalanum leyfa stundum mæðrum að taka fylgjuna með sér heim af fæðingardeildinni þrátt fyrir að slíkt sé ólöglegt. 2

**Fækkar vegna lágra launa** Hjúkrunarfræðingar á hjúkrunarheimilum eru með lægri laun en hjúkrunarfræðingar hjá ríkinu. Segja upp en aðrir koma ekki í staðinn. 4

**Eitt skot** Seðlabankastjóri segir að stjórnvöld fái einungis eitt tækifæri til að afnema höftin og þá verði sú aðgerð að heppnast. 12




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SV | 8 |
| Akureyri | 0° | VSV | 7 |
| Egilsstaðir | 0° | VSV | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | SV | 4 |
| Reykjavík | 0° | S | 6 |

**Él eða snjókoma** með köflum vestan- og sunnanlands en nokkuð bjart norðaustan og austan til. Hiti kringum frostmark með ströndum. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Skoða lögmæti starfslokasamninga hjá Landspítala

Starfslokasamningar við þrjá fyrrverandi stjórnendur innan Landspítalans eru nú hjá umboðsmanni Alþingis sem mun leggja mat á lögmæti þeirra. Formleg athugun er ekki hafin. Einn samninganna var til þriggja ára.

**STJÓRNSÝSLA** Grunur leikur á að þrír starfslokasamningar hafi verið gerðir án heimildar á Landspítalanum í tíð fyrrverandi forstjóra sjúkrahússins, Björns Zoëga. Landspítalinn hefur afhent umboðsmanni Alþingis samningana til athugunar.

Umboðsmaður Alþingis óskaði eftir upplýsingum um starfslokasamningana í nóvember síðastliðnum. Svör við fyrirspurninni bárust í janúar, en afstaða til þess hvort embættið hefji formlega athugun mun liggja fyrir á næstu vikum.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum voru samningarnir gerðir árið 2009 og síðar, við þrjá fyrrverandi stjórnendur sjúkrahússins. Samningarnir eru nú til skoðunar hjá umboðsmanni þar sem metið verður hvort farið hafi verið yfir lagaleg mörk við gerð þeirra.

Tveir samninganna voru gerðir til tíu mánaða og fylgdi öðrum þeirra ákvæði um að starfsmaður sinnti á tímabilinu verkefni í tengslum við nýtt sjúkrahús. Hinn samningurinn fól ekki í sér vinnuframlag.

Þriðji samningurinn var upphaflega gerður til þriggja ára og segir yfirlögfræðingur sjúkrahússins að til hafi staðið að finna viðkomandi starfsmanni annað starf innan stofnunarinnar. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir. Samningnum hefur verið sagt upp.

Umboðsmaður Alþingis gaf út álit árið 2007 um heimildir stjórnenda ríkisstofnana til að gera starfslokasamninga. Þar kemur fram sú afstaða fjármálaráðuneytisins að ekki sé unnt að gera starfslokasamninga við ríkisstarfsmenn án sérstakra lagaheimilda.

Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, segir að út frá dómafordæmum sé ekki hægt að fullyrða að óheimilt sé að gera starfslokasamninga. Þó sé ljóst að slíkir samningar séu háðir miklum takmörkunum, þar sem gæta þurfi jafnræðis meðal starfsmanna, fjárheimildir þurfi að vera til staðar og málsmeðferð uppsagnar að standast lög.

eva@frettabladid.is

### Hvernig hið opinbera má segja upp fólki

Fjármálaráðuneytið sendi stjórnendum ríkisstofnana eftirfarandi áréttingu árið 2007 um heimildir þeirra til að binda enda á ráðningu starfsmanns, í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis. Þær heimildir eru:

1. Lögleg uppsögn ráðningarsamnings sem ekki felur í sér neinar heimildir til launagreiðslna eftir að uppsagnarfresti lýkur.
2. Fyrirvaralaus frávikning úr starfi án frekari launa.
3. Lausn vegna heilsubrests þegar þau skilyrði eru fram komin með þriggja mánaða lausnarlaunum.
4. Niðurlagning starfs sem biðlaunaréttur er tengdur við með sex eða tólf mánaða launum samkvæmt ákvæði starfsmannalaga til bráðabirgða.



**ROKKIÐ LIFIR Á ÖSKUDAGINN** Þessir kátu krakkar klæddu sig upp á í tilefni öskudagsins sem var haldinn hátíðlegur um land allt í gær. Búningarnir voru ekki af verri endanum. Þarna voru á ferðinni meðlimir bandarísku rokkhljómsveitarinnar Kiss sem hefur gert garðinn frægan allt frá seinni hluta síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsaka ímynd femínismans:

## Femínisminn er ekki kúl

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við vildum rannsaka viðhorf fólks á menntaskólaaldri til femínisma og niðurstöðurnar voru nett sláandi,“ segir Egill Fannar Halldórsson, en hann og Viktor Sveinsson, báðir fyrrverandi nemendur í Menntaskólanum við Sund, unnu rannsókn á viðhorfum ungs fólks til femínisma sem lokakjörsviðsverkefni á síðasta ári.

Markmið verkefnisins var að fá menntskælinga til að kynna sér femínisma og mynda sér eigin skoðun. Áður en þeir lögðu af stað í rannsóknina kynntu þeir sér efnið vel, lásu bækur, töluðu við góða kennara og sérfræðinga á borð við Hildi Lilliendahl.

- glp / sjá síðu 54






Talsmaður stækkunarstjóra ESB um framhald aðildarviðræðna:

## Hafa ekki sett nein tímamörk

**EVRÓPUMÁL** Peter Stano, talsmaður Štefans Füle, stækkunarstjóra Evrópusambandsins, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að þrátt fyrir að það sé hvorki Íslandi né sambandinu í hag að ákvörðun um framhald viðræðnanna dragist óendanlega hafi ESB ekki sett nein föst tímamörk í þeim efnum.



ŠTEFAN FÜLE

Stano vísar þar til orða Füles, bæði á fundi með Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra sem og þegar framvinduskýrslan um Ísland var kynnt.

Við síðarnefnda tilefnið sagði Füle: „Það er undir Íslandi komið, stjórnvöldum, Alþingi og íslenskum almenningi. Við setjum engin tilbúin tímamörk. Ég hef gert það ljóst að ég muni virða ákvarðanir þeirra og tímasetningar.“

Stano segir að allri annarri túlkun á orðum stækkunarstjóra sé hafnað, sem og að þau séu sett í annað samhengi en það sem þau voru látin falla í.

- þj / sjá síðu 12







## SPURNING DAGSINS



Hildur, ertu að springa?

**„Nei, en meirihlutinn mætti eyða talsvert meira púðri í þetta mál.“**

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir borgina ekki hafa brugðist við ítrekuðum kvörtunum íbúa undanfarinn mánuð vegna sprenginga á Lýsisreitnum.

Sitjandi bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í Garðabæ óánægðir með vinnubrögð uppstillingarnefndar:

# Vissu ekki af reglunni um átta ára hámark

**GARÐABÆR** „Það kom verulega á óvart að heyra af þessari svokölluðu átta ára reglu,“ segir Páll Hilmarsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ, sem hlaut ekki brautargengi við uppstillingu á framboðslista fyrir komandi kosningar.

Ástæðan sem Páli var gefin fyrir því að hann fengi ekki sæti ofarlega á lista, eins og hann sóttist eftir, var að hann hefði verið átta ár í bæjarstjórn og að uppstillingarnefnd Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ miðaði við að enginn bæjarfulltrúi ætti að sitja lengur en tvö kjörtímabil. Páll segir regluna aldrei hafa borið á góma áður en fulltrúi nefndarinnar hafði samband við hann og bauð honum að sitja í 20. sæti listans.

„Í janúar var ég boðaður í viðtal hjá nefndinni. Þar var farið yfir minn pólitíska feril og hvað ég hefði fram að færa til bæjarbúa. Þar var aldrei minnst á þessa reglu, enda hefði ég aldrei boðið mig fram ef ég hefði vitað af þessari reglu.“

Undir þessi orð tekur annar bæjarfulltrúi, Stefán Konráðsson. „Ef ég hefði vitað af þessari reglu hefði ég aldrei sóst eftir sæti á listanum. Ég held að þetta sé fyrirsláttur til að komast frá málinu.“

Aðeins einn af núverandi bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins verður á listanum, fyrir utan Erling Ásgeirsson sem er í heiðurssæti. Gunnar Einarsson bæjarstjóri mun leiða listann. **- kak**



**Á FUNDI UPPSTILLINGARNEFNDAR** Tveir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks eru ósáttir við störf uppstillingarnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VEGGJAKROT** Hallfríður Tryggvadóttir, ellilífeyrisþegi og fyrrverandi kennari, málar yfir veggjakrot á vegg við Suðurgötu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veggjakrotarar gera sér ekki grein fyrir tjóni sem þeir valda:

# Krota á veggi húsa í skjóli nætur

**REYKJAVÍK Hallfríður Tryggvadóttir, ellilífeyrisþegi og fyrrverandi handmenntakennari, segir að veggjakrotarar sem kroti á eigur fólks geri sér líklegast ekki grein fyrir tjóninu sem þeir valda.**

**„Eina ráðið er að mála fljótt yfir aftur. Nú verð ég bara að vona að þeir láti þetta vera í bili,“ segir Hallfríður, sem málaði í gær yfir veggjakrot á vegg við Suðurgötu 18 þar sem hún býr. Hún segist ekki vera að mála yfir veggjakrot á veggnum í fyrsta skiptið.**

**„Þetta eru unglingar sem gera þetta í skjóli nætur. Sennilega vegna spennunnar,“ segir Hallfríður.** **- js**

Láðist að framkvæma mat:

# Fær bætur fyrir að missa vinnu

**DÓMSMÁL** Bryndísi Sigrúnu Richter voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdar tvær milljónir króna í skaðabætur frá Seltjarnarnesbæ.

Ástæðan er sú að bænum láðist að framkvæma mat á nauðsyn þess að leggja niður stöðu sem hún gegndi sem deildarstjóri launadeildar bæjarins áður en það var gert.

Að auki hefði bærinn að mati dómsins átt að kanna hvort hægt væri að veita henni nýja stöðu mannauðsstjóra áður en hún missti vinnuna hjá bænum.

Bryndís fékk við starfslokin greidd mánaðarlaun í tólf mánuði eftir að staða hennar var lögð niður. **- js**

Ályktun frá Búnaðarþingi:

# Vilja frest frá vanrækslugjaldi

**SAMGÖNGUR** Bændasamtök Íslands ályktuðu á nýliðnu Búnaðarþingi að stjórn samtakanna hefðu viðræður við innheimtuaðila vanrækslugjalda sem eru innheimt ef bifreið undirgengst bifreiðaskoðun of seint.

Í ályktuninni segir að gjaldið leggist af þungt á þá sem búa langt frá skoðunarstöðvum og vilja að þeir sem búi hvað lengst frá næstu skoðunarstöð fái undanþágu frá tímamörkum sem eru sett um álagningu gjaldsins.

Á strjálbýlustu stöðunum er að sögn samtakanna ómögulegt að láta skoða öll ökutæki. Skoðunarmenn stoppa þar stutt við og anna ekki eftirspurn. **- js**

# Smygla fylgjum út af fæðingardeildinni

Ljósmæður á Landspítalanum heimila stundum mæðrum að taka fylgjuna með sér heim af fæðingardeildinni. Yfirmaður fæðingardeildar og sóttvarnalæknir segja slíkt ólöglegt. Sumar mæður leita sér aðstoðar við matreiðslu fylgjunnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Mörg dæmi eru um að ljósmæður hafi orðið við beiðni nýbakaðra mæðra sem hafa viljað taka fylgjuna með sér heim af fæðingardeildinni. Þetta tíðkast þó að óheimilt sé samkvæmt reglugerð að fjarlægja líkamshluta eða vefi af spítalanum.



**HILDUR HARÐARDÓTTIR**

„Frá mínum bæjardyrum séð þá er ekki eðlilegt að afhenda líffæri og meðhöndla utan stofnunarinnar,“ segir Hildur Harðardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans.

Hildur segir að sóttvarnasjónarmið vegi þar þyngst. „Það kemur til greina að setja þetta í sérstaka verklagsreglu, um hvernig fylgjan er meðhöndluð,“ segir Hildur.

Undir þessi sjónarmið tekur Haraldur Briem sóttvarnalæknir. „Þetta hljómar ekki vel og er eitthvað sem þarf að skoða nánar,“ segir Haraldur.

Samkvæmt verklagsreglum Landspítalans og reglugerð um meðhöndlun úrgangs eru fylgjan og aðrir líkamshlutar sem falla til jafnan brenndir.

Kona, sem starfar sem dúla og vildi ekki láta nafns síns getið, segir afar sjaldgæft að mæður vilji taka fylgjuna heim af fæðingardeildinni. „Það er alltaf gert í samráði við starfsfólk spítalans,“ segir konan.

Hún segir ólíkar ástæður geta verið fyrir því en sumar mæður vilji borða fylgjuna. „Ég hef aðstoðað þær með að útbúa hylki með þurrkaðri fylgju,“ segir konan.

Í þeim tilfellum er fylgjan þurrkuð og mulin og sett í hylki, sem móðirin tekur síðan inn.

Hún segir það gert fyrir þær mæður sem hugnist ekki að borða fylgjuna en vilji samt neyta hennar. Sumar borði hana þó án þurrkunar að sögn konunnar. Á netinu má finna fjölda uppskrifta þar sem fylgjan er hluti af matreiðslunni.

Konan segist ekki þiggja greiðslu fyrir þessa þjónustu. „Þetta er ekki hefðbundin dúluþjónusta.“ Hún neitar því að mæðurnar óski eftir þjónustunni vegna ráðlegginga hennar. „Það eru til rannsóknir sem að hafa sýnt fram á ávinning af þessu,“ segir konan.

johanness@frettabladid.is



**FYLGJA** Sumir telja neyslu fylgjunnar leiða af sér heilsufarslegan ávinning. MYND/JEREMY KEMP

## Hvað er dúla?

„Dúlur eru konur sem aðstoða barnshafandi konur og fjölskyldur þeirra í, fyrir og eftir fæðingu og veita samfellda þjónustu og eru stuðningsaðilar,“ segir Soffía Bæringsdóttir dúla.

„Hlutverk þeirra er ekki klínískt og við vinnum fyrir fjölskyldurnar á þeirra forsendum,“ bætir hún við.

Soffía segir að dúlur geti meðal annars hjálpað til við að veita jákvæðari upplifun af fæðingum.

Soffía segir það af og frá að matreiðsla fylgju sé hefðbundin þjónusta dúlu.




Samningar strandríkjanna um makrílveiðar báru ekki tilætlaðan árangur:

# Viðræðunum slitið til næsta árs

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningaviðræðum Íslands, ESB, Noregs og Færeyja í makríldeilunni hefur verið slitið fyrir yfirstandandi ár. Samningafundur í málinu var haldinn í Edinborg í gærkvöldi en hann bar ekki tilætlaðan árangur.

Á fundinum átti að reyna til þrautar að ná sátt um skiptingu veiðiheimilda í makrílstofninum.

„Það er mikil synd að ekki hafi tekist að ljúka samningi, tækifærið var svo sannarlega til staðar eftir mun hærri ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknarráðsins nú í haust. Hægt hefði verið að semja um veiðar innan marka ráðgjafar án þess að nokkurt ríki hefði þurft að draga úr veiðum sínum,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í fréttatilkynningu.



**MAKRÍLVINNSLA** Samningaviðræður um skiptingu veiðiheimilda úr makrílstofninum fóru út um þúfur í gær þannig að ljóst er að ekki mun nást sátt á þessu fiskveiðiári. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

„Þetta eru gríðarleg vonbrigði því við teljum ákaflega brýnt að ná stjórn á veiðum á þessum stofni og óttumst ofveiði á honum,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ.

„Við óttumst að núna verði veitt án samninga þetta ár og það er þá ekki nema með haustinu á næsta ári sem hægt verður að setjast að samningaborðinu að ný,“ segir Kolbeinn.

Þangað til er hætt við að veitt verði umfram það sem ráðlegt þykir, sem geti bitnað á makrílstofninum. **-js**




ENNEMM / SÍA / NM65294

## Samskip eru Menntafyrirtæki ársins

Samtök atvinnulífsins hafa útnefnt Samskip Menntafyrirtæki ársins 2014.

Í umsögn dómnefndar er bent á að Samskip leggja sig fram um að efla mannauðinn á skipulagðan og fjölbreyttan hátt með virkri fræðslu sem nær til alls starfsfólks.

Starfsfólk Samskipa er hvatt til að takast á við nýjar og ögrandi áskoranir.
Kannanir staðfesta mikla ánægju í starfi og góðan starfsanda.

**Við þökkum viðurkenninguna og siglum menntaveginn áfram með stolti!**

www.samskip.is

SAMSKIP
Saman náum við árangri

## SVONA ERUM VIÐ



**26** **ökumenn voru teknir fyrir að tala í síma við akstur í janúar.**

**Meðalaldur þessara ökumanna var 39 ár.**

Um 42 prósent voru karlar en 58 prósent konur.

*Heimild: Ríkislögreglustjóri*

Framhald Evrópusambandsmálsins á Alþingi hefur ekki ennþá verið rætt við stjórnarandstöðu:

# Hundakúnstir og undanbrögð ríkisstjórnar

**ALÞINGI** „Við sjáum stöðugt nýjar hundakúnstir og undanbrögð í fjölmiðlum. Stjórnvöld hafa ekki boðað til neinna viðræðna við stjórnarandstöðuflokkana um hvernig ESB-umræðum verði framhaldið á Alþingi,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, aðspurður um framhald ESB-málsins.

Fyrir síðustu helgi sömdu stjórnin og stjórnarandstaðan um það á Alþingi að ljúka umræðum um skýrslu Hagfræðistofnunar um ESB og taka á dagskrá þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga aðildarumsóknina að ESB til baka.

„Ég veit ekki betur en því hafi verið lofað að menn myndu setjast niður og ræða framhaldið í nefndarvikunni og reyna að ná saman um hvernig hægt yrði að koma ESB-málum í lýðræðislegt ferli,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.

Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata, segir að málið sé hjá stjórnvöldum, það sé þeirra að hafa samband við stjórnarandstöðuna og ræða hvernig framhald ESB-málsins verði.

Í sama streng tekur Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, sem bendir jafnframt á að stjórnvöld hafi enn fjóra daga til stefnu uns Alþingi haldi áfram fyrstu umræðu um þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um að draga aðildarumsóknina til baka. **- jme**



**EKKI VERIÐ RÆTT** Stjórnvöld hafa ekki rætt við stórnarandstöðuna um hvert verði framhald ESB-málsins. FRÉTTABLAÐIÐ / DANIEL



**RUSL** Óþrif fylgja moltugerð á Suðurnesjum FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Rottur á vatnsverndarsvæði:

## Missa leyfi til moltugerðar

**UMHVERFISMÁL** Gámaþjónustan verður að hætta moltugerð á Pattersonflugvelli. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kröfu fyrirtækisins um að ógilda ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um að afturkalla starfsleyfi fyrirtækisins.

Gámaþjónustan var komin út fyrir athafnasvæði sitt og inn á vatnsverndarsvæði Suðurnesja sem stóð ógn af óþrifnaðinum sem auk þess að menga dró að sér rottur. Fyrirtækinu hefur verið gefinn „hæfilegur“ frestur til að binda enda á moltugerðina. **- gar**

Spá nýrri tækni innan tíðar:

## Flutningaskip án áhafnar

**TÆKNI** Ómönnuð flutningaskip gætu orðið að veruleika innan áratugar, samkvæmt framleiðandanum Rolls-Royce. ESB ætlar að setja 3,5 milljónir evra í verkefnið.

„Nú er runninn upp sá tími að við íhugum gerð ómannaðra skipa af ýmsum toga. Stundum verður það sem var óhugsandi í gær mögulegt á morgun,“ sagði Oskar Levander hjá Rolls-Royce, í frétt BBC. „Tæknin er til staðar og er þá ekki þá kominn tími til að færa sum verkefni yfir á land? Er betra að hafa 20 manna áhöfn á siglingu um Norðurhöf eða til dæmis fimm í stjórnherbergi á landi?“ **- fb**

# Ólga vegna launa á hjúkrunarheimilum

**Hjúkrunarfræðingar á hjúkrunarheimilum eru með lægri laun en hjúkrunarfræðingar hjá ríkinu. Segja upp en aðrir koma ekki í staðinn. Kemur niður á þjónustunni og lífsgæðum íbúa, segir varaformaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ólga er nú meðal hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarheimilum sem eru með lægri laun en hjúkrunarfræðingar í starfi hjá ríkinu. Við blasir að gripið verði til einhvers konar aðgerða, að sögn Ragnheiðar Gunnarsdóttur, varaformanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.



**GÍSLI PÁLL PÁLSSON**

Hún segir launaleiðréttinguna sem hjúkrunarfræðingar í starfi hjá ríkinu fengu í fyrra í gegnum stofnanasamninga ekki hafa skilað sér til hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. „Eina leiðin til að leiðrétta það misræmi sem er á kjörum hjúkrunarfræðinga er í gegnum kjarasamninga sem nú eru lausir. En hjúkrunarfræðingar á hjúkrunarheimilum eru ekki sáttir við að fá bara 2,8 prósenta hækkun eins og aðrir þar sem hún kemur ofan á lægri grunn en hjá hinum.“

Að sögn Ragnheiðar eru hjúkrunarfræðingar á hjúkrunarheimilum farnir að segja upp og hverfa til starfa annars staðar þar sem þeir fá hærri laun. „Það er víða undirmönnun. Fólk hættir og annað kemur ekki í staðinn. Þetta kemur niður á gæðum hjúkrunarinnar. Færri verða til að leiðbeina minna menntuðu starfsfólki og tryggja örugga og faglega hjúkrun. Lífsgæði þeirra sem búa á hjúkrunarheimilunum munu versna.“



**Á HJÚKRUNARHEIMILI** Staðan á hjúkrunarheimilum, sem rekin eru á daggjöldum, er misalvarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gísli Páll Pálsson, forstjóri í Mörk, hjúkrunarheimili, og formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, segir að í síðustu viku hafi verið leitað eftir meiri fjármunum frá ríkinu í tengslum við nýja kjarasamninga.

„Við vorum svo grunlaus að við héldum að hækkanirnar frá ríkinu í fyrra kæmu sjálfkrafa á okkar stofnanir. Það var óskynsamlegt hjá báðum ríkisstjórnunum að gera þetta svona. Svokallað jafnlaunaátak endaði í ójafnlaunaátaki.“

Að sögn Gísla er staðan misalvarleg á hjúkrunarheimilunum sem rekin eru á daggjöldum. „Við höfum bent á það í mörg ár að daggjöld þurfi að hækka um 10 prósent og heilbrigðisráðherra viðurkenndi nú í desember að daggjaldagrunnurinn væri veikur.“

**ibs@frettabladid.is**



> **Þetta kemur niður á gæðum hjúkrunarinnar. Færri verða til að leiðbeina minna menntuðu starfsfólki og tryggja örugga og faglega hjúkrun.**
>
> *Ragnheiður Gunnarsdóttir varaform. Félags ísl. hjúkrunarfræðinga*

Óánægja ríkir á Indlandi:

## Þingkosningar hefjast í apríl

**INDLAND, AP** Þingkosningar hefjast á Indlandi 7. apríl og standa yfir til 12. maí. Margir sérfræðingar telja að kosningarnar verði þær mikilvægustu í rúm þrjátíu ár í þessu fjölmennasta lýðveldi heimsins.

Mikil óánægja hefur ríkt á Indlandi að undanförnu vegna spillingar og vonbrigða yfir frammistöðu stjórnmálaveldisins Nehru-Gandhi, sem hefur ríkt yfir indverskum stjórnmálum síðan landið öðlaðist sjálfstæði frá Bretum árið 1947. Þess vegna þykir stjórnarandstöðuflokkurinn Bharatiya Janata líklegur til árangurs í kosningunum. **-fb**



**STEINN FYRIR STEIN** Valgeir, Ragnar og Eyþór eru meðal þeirra sem munu spila fyrir ABC. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggja heimili með tónlist:

## Tónlistarfólk leggur ABC lið

**GÓÐGERÐAMÁL** Barnahjálp ABC heldur á næstunni 20 tónleika til styrktar byggingu skóla og heimavistar í Kariobangi-fátækrahverfinu í Naíróbí í Kenýa.

Fjöldi valinkunnra tónlistarmanna mun koma fram á tónleikunum, sem verða alla fimmtudaga næstu þrjá mánuði, en þeir fyrstu í röðinni fara fram í listamiðstöðinni Líf fyrir líf á morgun klukkan 17. Miðaverðið er 5.000 krónur en fyrir það má kaupa 75 múrsteina sem verða notaðir við byggingu skólans. **- js**


Ert þú með **verki**?



**Stoðkerfislausnir**

henta þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu.

- Hefst **10. og 11. mars**
- 2x í viku: **Þri. og fim. kl. 16:30**
- 3x í viku: **Mán., mið. og fös. kl. 15:00**
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Þjálfarar Anna Borg og Arna Steinarsdóttir sjúkraþjálfarar

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SNJÓKOMA EÐA ÉL** verða sunnan- og vestanlands í dag og á morgun en nokkuð bjart norðaustan til. Síðdegis á laugardaginn og fram á sunnudagsnótt gengur svo vonskuveður yfir landið með hvassviðri eða stormi, snjókomu og slyddu eða rigningu.




**Á morgun**
Strekkingur eða allhvasst SV-lands og með S-ströndinni, annars hægari.




**Laugardagur**
Vaxandi vindur, hvasst eða stormur síðdegis fyrst S-lands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 10° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 19° | New York | -1° | París | 13° |
| Aþena | 16° | Billund | 10° | Gautaborg | 8° | London | 14° | Orlando | 23° | San Francisco | 15° |
| Basel | 1° | Frankfurt | 12° | Kaupmannahöfn | 8° | Mallorca | 16° | Ósló | 5° | Stokkhólmur | 7° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Nýtt bað fyrir páska!
20-40% Afsláttur
Line hvít, 90 og 120 cm.
DUCAL hvít, 60 - 120 cm.
Hnota, margar stærðir.
68.400
Hvít, 100 cm.
með spegilskáp.
49.900
Hvít, 60 cm.
með spegilskáp.
29.900
Hvít, 53x31 cm.
með spegli.
Sturtuklefar 70, 80 og 90 cm.
CHRISTINA Blöndunartæki, mikið úrval.
Verð frá 25.900
Sturtugler, 6, 8 eða 10 mm.
Verð frá 18.900
Speglaskápar 50 - 120 cm.
Verð frá 9.900
Handklæðaofnar margar stærðir.
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margar íbúðir verða í nýrri byggð á Hlíðarenda í Reykjavík?
**2.** Hvaða Íslendingur átti stóran þátt í tæknivinnslu myndarinnar Gravity?
**3.** Hvernig verslanir eru að tínast úr miðborg Reykjavíkur?

**SVÖR:**
**1.** 600. **2.** Daði Einarsson. **3.** Antikbúðir.

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands leggst í samhljóða ályktun gegn þingsályktunartillögu utanríkisráðherra:

# Leggja til hlé á aðildarviðræðum við ESB

**VIÐSKIPTI** Viðskiptaráðs Íslands telur ekki rétt að slíta aðildarviðræðum við ESB á þessum tímapunkti líkt og lagt er til í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu utanríkisráðherra. Þetta kemur fram í ályktun sem stjórn Viðskiptaráðs samþykkti samhljóða á fundi sínum í gær.

Vísað er til fyrri ályktunar stjórnarinnar frá því í nóvember 2012 þar sem stjórnin taldi brýnt að aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið yrðu til lykta leiddar og að kapp yrði lagt á að ná sem allra bestum samningi sem síðan yrði lagður í dóm þjóðarinnar. „Í ljósi þess að hvorugur núverandi stjórnarflokka er fylgjandi ESB-aðild má færa rök fyrir þeirri afstöðu að torvelt gæti reynst að halda aðildarviðræðum áfram á þessum tímapunkti. Þrátt fyrir það telur stjórn Viðskiptaráðs ekki rétt að slíta viðræðunum,“ segir í ályktuninni nú.

„Með slíkri ákvörðun væri lokað á mikilvægan valkost í efnahagsmálum, einkum hvað varðar framtíðarskipan peningamála.“

Stjórn ráðsins telur skynsamlega sáttaleið að gera hlé á aðildarviðræðunum til loka þessa kjörtímabilsins. „Sú leið myndi skapa grundvöll fyrir stjórnvöld til að vinna að uppbyggingu efnahagslífsins næstu þrjú ár í breiðari sátt við aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila en ella.“ **- óká**



**Á NÝAFSTÖÐNU VIÐSKIPTAÞINGI** Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, heldur ræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Stjórnarskrá stöðvar ekki þjóðaratkvæði

Sigurður Líndal lagaprófessor er ósammála forsætisráðherra og segir vel hægt að halda bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB. Björg Thorarensen lagaprófessor segir þetta ekki geta átt við um þingsályktun.

**FRÉTTASKÝRING**

Kemur ákvæði í stjórnarskrá í veg fyrir að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna við Evrópusambandið?

Ekkert í stjórnarskránni kemur í veg fyrir að sitjandi þing bindi sig til að fara að niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu, segir Sigurður Líndal lagaprófessor. Björg Thorarensen lagaprófessor er honum ósammála.

Álit Sigurðar stangast á við orð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Í Fréttablaðinu í gær sagði Sigmundur: „Eins og sakir standa þá er ekki hægt að halda bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, eingöngu ráðgefandi og um leið kemur fram í stjórnarskrá að [þingmenn] séu ekki bundnir af neinu nema sannfæringu sinni.“

Sigurður, sem var skipaður formaður stjórnarskrárnefndar sem nú er starfandi af Sigmundi Davíð, segir þetta ekki rétt. Hann segir þá leið sem Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur talað fyrir vel færa.

Þorsteinn hefur bent á að hægt væri að bæta ákvæði inn í þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um að hún taki aðeins gildi staðfesti þjóðin hana í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig myndi sitjandi þing skuldbinda sig til að fara eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Vilji þingmeirihlutinn ekki halda viðræðunum áfram geti hann sett umsóknina á ís.

„Auðvitað getur Alþingi bundið sjálft sig með þingsályktun. Þingið getur ákveðið það með þingsályktun að halda bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, og þannig getur Alþingi bundið sjálft sig,“ segir Sigurður.



**STJÓRN** Gefin voru fyrirheit um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við Evrópusambandið fyrir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björg segir þetta ekki rétt. Hún segir að þingið geti samt ákveðið að binda gildistöku laga sem það hafi sett við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu. Það geti ekki átt við um þingsályktun eins og stjórnarmeirihlutinn hefur lagt fram um að slíta viðræðunum þar sem hún sé ekki háð neinum áskilnaði um gildistöku eins og lög.

„Hér er því aðeins hægt að ræða um pólitíska skuldbindingu með pólitískar afleiðingar. Telji ríkisstjórn og meirihluti þings að baki henni ekki mögulegt að fylgja skýrum vilja þjóðarinnar í tilteknu máli, verður að reyna á það í nýjum kosningum hvort kjósendur velja nýjan pólitískan meirihluta sem er tilbúinn að leiða samningaviðræður við ESB,“ segir Björg.

### Þarf ekki að kjósa á milli

Sigmundur Davíð talaði í Fréttablaðinu í gær um að stjórnarskráin heimilaði þinginu aðeins að boða til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann sagði ekki loku fyrir það skotið að gera breytingar á stjórnarskrá til að heimila bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur.

Breytingar á stjórnarskrá hafa hingað til þurft að fara þannig fram að eitt þing gerir breytingar sem ekki taka gildi fyrr en kosið hefur verið á ný til þings og nýtt þing hefur staðfest breytingarnar.

Með tímabundnu ákvæði sem sett var inn í stjórnarskrá á síðasta kjörtímabili var opnað fyrir möguleika á annarri leið. Þá þurfa minnst tveir þriðjuhlutar þingmanna að samþykkja frumvarp um breytingar á stjórnarskrá. Því næst þarf að bera þær breytingar upp fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sú atkvæðagreiðsla á að fara fram sex til níu mánuðum eftir að frumvarpið hefur verið samþykkt á Alþingi. Til að breytingarnar teljist samþykktar þarf meirihlutinn að samþykkja þær í þjóðaratkvæðagreiðslunni, og þarf minnst 40 prósent atkvæðisbærra manna að samþykkja.

brjann@frettabladid.is, kjartanatli@365.is

### STJÓRN VELUR BIÐLEIK



„Mér finnst þetta mjög undarlegt mál og sýnist að stjórnin sé fallin í einhverja biðleiki,“ segir **Guðmundur Steingrímsson**, formaður Bjartrar framtíðar.

Hann segir vel hægt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu strax. „Þó niðurstaðan yrði að forminu til ráðgefandi hljótum við að gera þá kröfu til stjórnmálamanna að þeir séu svo miklir þjónar fólksins að þeir fari að vilja þjóðarinnar þegar hann kemur fram.“

Guðmundur segir stefnu Bjartrar framtíðar skýra, klára eigi aðildarviðræðurnar og kjósa um niðurstöðuna.

### SNÝST UM LOFORÐIN



„Það er varla hægt að taka þetta alvarlega,“ segir **Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingarinnar, um hugmyndir forsætisráðherra um stjórnarskrárbreytingar.

„Málið snýst um hvernig þeir ætla að efna skýrt loforð sem þeir veittu kjósendum. Það loforð var aldrei skilyrt því að það væri búið að breyta stjórnarskrá,“ segir Árni.

„Það er auðvitað alltaf hægt að finna einhverja nýja leiki til að tefja málið, en ef meirihluti þingsins er tilbúinn til að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu þarf ekki bindandi atkvæðagreiðslu.“

### SPURNINGIN EINFÖLD



„Það er rétt að lagalega er ekki hægt að halda bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, en þar sem spurningin er einföld og svarið annaðhvort já eða nei myndi maður halda að stjórnmálamenn gætu sæst á að hlíta niðurstöðunni,“ segir **Katrín Jakobsdóttir**, formaður Vinstri grænna.

Katrín segir að þar sem mikill fjölda kjósenda þurfi að samþykkja breytingu á stjórnarskrá samkvæmt bráðabirgðaákvæði sé erfitt að gera slíkar breytingar nema samhliða stórum kosningum á borð við sveitarstjórnarkosningar eða forsetakosningar.

### VILL GERA BREYTINGAR



„Ég yrði mjög ánægð ef við gerðum þessar breytingar á stjórnarskránni sem Sigmundur Davíð [Gunnlaugsson] er að tala um, og ég skora á hann að leggja fram frumvarp strax í næstu viku,“ segir **Birgitta Jónsdóttir**, kafteinn Pírata.

Hún segir að verði þessi leið fyrir valinu hljóti stjórnarflokkarnir að vera tilbúnir til að bíða með að slíta viðræðunum við ESB. Þá sé augljóst að málinu verði frestað þar til búið sé að breyta stjórnarskrá og fá að því loknu niðurstöðu um ESB með þjóðaratkvæðagreiðslu.

# Tilboð á grísakjöti á dönskum dögum



**Grísabógur hringskorinn**
**598kr/kg**
verð áður 979

**Grísahryggur purusteik 1.299kr/kg**
verð áður 1.799

**Grískótilettur beinlausar 1.599kr/kg**
verð áður 1.999

**Grísalundir 1.599kr/kg**
verð áður 2.499

**Grísahnakka file 1.099kr/kg**
verð áður 1.899

direkte fra **Denmark**




**Hot dog pylsur, pylsubrauð og dressing**
*Allt sem þú þarft í danska Pølse.*

*Ekta dönsk lifrakæfa*
direkte fra **Denmark**




**Tulip kæfur**
*2 tegundir*

direkte fra **Denmark**




**Sambakossar**
*Gefðu danskan súkkulaði koss.*

direkte fra **Denmark**




**Jolly Cola**
*Ómissandi drykkur á dönskum dögum.*

*Nýtt í Hagkaup*
direkte fra **Denmark**




**Kims purusnakk**
*Stökkt og bragðgott.*

direkte fra **Denmark**




**Pinguin lakkrísstangir**
*Lakkrís er ekki bara lakkrís.*

direkte fra **Denmark**




**Toms súkkulaði**
*Gæða súkkulaði, nammi namm.*

direkte fra **Denmark**



**Dan Cake**
*Við fengum danska bakara til að redda dönskum dögum.*

*Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.*

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

LEXUS NOTAÐIR BÍLAR



CT 200 hybrid
EXE

1,8 Bensín/Rafmagn
Sjálfskiptur. Skráður 06/13
Ekinn 10.000 km.

Verð 5.400.000 kr.

LEXUS

Kauptúni 6 | sími 570 5400
lexus@lexus.is



**SINUBRUNI** Mengun, hætta, kostnaður og óþægindi íbúa er nefnt sem rök fyrir banni við sinubrennum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja bann við sinubrennum bænda

Mannvirkjastofnun vill banna sinubrennur bænda alfarið, eða setja mun strangari ramma um leyfisveitingar. Bændasamtökin vilja að gætt sé að grónum hefðum, en skrifa undir að skýra þurfi lög og reglur.

**ÖRYGGISMÁL** Það er álit Mannvirkjastofnunar að banna beri sinubrennur alfarið. Ef sátt um slíkt bann fæst ekki í samráði við samtök bænda telur stofnunin að reglur um veitingu leyfa til sinubrenna verði teknar til gagngerrar endurskoðunar og leyfum markaður mun skýrari og strangari rammi.

Þetta kemur fram í svari Mannvirkjastofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við erindi um álit stofnunarinnar á því hvort banna eða takmarka eigi sinubrennur. Innan ráðuneytisins er unnið að frumvarpi til laga um varnir gegn gróðureldum, og er málið á þingmálaskrá yfirstandandi þings.

Þeir sem kallaðir voru til ráðgjafar eru sammála Mannvirkjastofnun um bann eða strangar reglur; Félag slökkviliðsstjóra, Umhverfisstofnun og margir sýslumenn úti um land. Þessi hópur benti á að af sinubrennum stafaði mengun, hætta, kostnaður og óþægindi fyrir íbúa. Fram kom hjá sýslumanninum á Húsavík og kollega hans í Borgarnesi að kvörtunum íbúa vegna sinubrenna bænda fari fjölgandi.

Bændasamtök Íslands lögðu hins vegar áherslu á að allar breytingar væru vel ígrundaðar og rökstuddar, enda byggðust sinubrennur bænda „á gamalli hefð og það væru ekki endilega þær brennur sem væru að valda ónæði eða tjóni“, eins og segir í bréfinu en samkvæmt upplýsingum frá BÍ eru samtökin sammála því sjónarmiði að skýra þurfi lögin og reglugerðina sem þeim fylgir.

Í bréfinu tekur Mannvirkjastofnun eindregna afstöðu: „Fyrir liggur að sinubrennur valda mengun og óþægindum fyrir fólk í nánasta umhverfi. Fari sinubrenna úr böndunum og kalla þarf til slökkvilið lendir sá kostnaður á íbúum viðkomandi sveitarfélags. Með breytingum á veðráttu og breyttum búskaparháttum hefur hætta vegna sinubrenna aukist síðustu ár á sama tíma og gagnsemi hennar í landbúnaði er í besta falli umdeild.“

Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri Borgarbyggðar, gerði leyfisveitingar þessar að umtalsefni á málþingi Sambands sveitarfélaga um gróðurelda í fyrra.

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Mannvirkjastofnun og bréfritari, segir að við vinnuna hafi komið í ljós að sinubrennur tíðkast aðeins á nokkrum svæðum á landinu, og fáir einstaklingar á afmörkuðum svæðum hafi sótt um slík leyfi á undanförnum tíu árum. Leyfisveitingarnar séu að stærstum hluta gefnar út af sýslumönnum fimm umdæma; sýslumanni Snæfellinga í Stykkishólmi og sýslumönnunum á Blönduósi, á Húsavík, í Borgarnesi og í Vík. Umdæmin eru alls 24.

svavar@frettabladid.is

## SAMA GILDI UM ÁRAMÓT OG BÆNDABRENNUR

Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri Borgarbyggðar, benti á það á ráðstefnu Sambands sveitarfélaga um gróðurelda í janúar í fyrra, að mikið ósamræmi væri við leyfisveitingar þegar kæmi að meðferð elds á víðavangi. Áramótabrenna væri háð leyfi landeiganda, slökkviliðs og umsagnar heilbrigðiseftirlits. Þá bæri að vátryggja fyrir hugsanlegum skaða fyrir allt að 150 milljónir króna. Bóndi þarf einungis að hafa samband við búnaðarfélag til að fá umsögn. Að því fengnu skrifar sýslumaður út leyfi til sinubrennslu án þess að greiðsla komi fyrir eða beðið sé um tryggingar. Bóndinn beri í raun litla ábyrgð ef illa fer, og sé því síður krafinn um greiðslu vegna skemmda eða kostnaðar slökkviliðs ef til útkalls kemur.

Í bréfi Mannvirkjastofnunar til umhverfisráðuneytisins segir að „brýna nauðsyn ber til að auka aðkomu slökkviliðsstjóra, náttúruverndaryfirvalda og heilbrigðiseftirlits að leyfisveitingunni og auka til muna eftirlit með framkvæmdinni. Jafnframt þarf að setja skýrari ákvæði í löggjöfina um að leyfishafi sé ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar af slökkvistarfi ef brenna fer úr böndunum og jafnvel að sett verði ákvæði um skyldu til að kaupa vátryggingu áður en eldur er kveiktur sambærilegt við það sem gildir um áramótabrennur.“

VATNIÐ OG ORKAN

MORGUNVERÐARFUNDUR
Í NORÐURLJÓSASAL HÖRPU,
FÖSTUDAGINN 7. MARS.

ÁRIÐ 2014 ER DAGUR VATNSINS HELGAÐUR VATNI OG ORKU. AÐ ÞVÍ TILEFNI EFNUM VIÐ TIL MORGUNFUNDAR Í NORÐURLJÓSASAL HÖRPU, FÖSTUDAGINN 7. MARS.

**Opnun fundar og fundarstjórn**
Kristín Linda Árnadóttir
*forstjóri Umhverfisstofnunar*

**Experiences with the Hydropower Sustainability Assessment Protocol: Applying a Sustainability Tool Globally and in Iceland**
Joerg Hartmann *ráðgjafi*

**Sjálfbærnivísar fyrir vatnsafl og jarðhita. Hvernig geta þeir nýst við skipulags- og framkvæmdaáætlanir á Íslandi**
Guðni A. Jóhannesson *orkumálastjóri*

**Rammaáætlun – samkomulag um orkunýtingu og náttúruvernd**
Stefán Gíslason *formaður verkefnisstjórnar Rammaáætlunar*

**Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vatnafar: Hvaða afleiðingum má búast við á umhverfi og samfélag?**
Árni Snorrason *forstjóri Veðurstofu Íslands*

**Fyrirspurnir og umræður**

*Fundartími er 8:30-10:00 – boðið er upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.*
*Skráning fer fram á www.os.is eða í síma 569 6000. Allir velkomnir.*

Veðurstofa Íslands
UN WATER WORLD WATER DAY 2014 & water energy 22.03.2014
UMHVERFISSTOFNUN
Landsvirkjun
ORKUSTOFNUN

# netto
Kræsingar & kostakjör



**LAMBAFILLE**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 4.595~~
**3.998,-**



**GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 2.198~~
**1.495,-**
-32%



**TÓMATAR**
ÝMSAR TEGUNDIR
**30%**
AFSLÁTTUR



**KJÚKLINGAVÆNGIR**
HVÍTLAUKSMARINERAÐIR
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 698~~
**349,-**
-50%



**LAMBALÆRI**
ÍSLANDSKRYDDAÐ
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.794~~
**1.399,-**



**ORGANIC PIZZUR**
MOZZARELLA/SALAMI
**VERÐ PER PIZZA**
~~ÁÐUR 579~~
**498,-**

MARGARITA
**VERÐ PER PIZZA**
~~ÁÐUR 498~~
**398,-**



**CO-OPERATIVE**
MORGUNVERÐARKÖKUR
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 359~~
**269,-**
-25%



**AQUAFRESH**
TANNBURSTI OG TANNKREM
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 499~~
**399,-**
-20%



-100KR
**OCEAN SPRAY**
TRÖNUBERJASAFI 1 L
**LÍTRAVERÐ**
~~ÁÐUR 399~~
**299,-**

**Tilboðin gilda 6. -9. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Frægur bandarískur uppljóstrari talar frá Rússlandi á SXSW-hátíðinni:

# Snowden á ráðstefnu í Texas



EDWARD SNOWDEN

**BANDARÍKIN** Uppljóstrarinn Edward Snowden verður einn af fyrirlesurum á South by Southwest Interactive-hátíðinni sem hefst á föstudaginn í Austin í Texas.

Snowden verður þó ekki á bandarískri grundu heldur talar hann frá Rússlandi um það hvernig tæknisamfélagið þarf að verja sig gegn stórum eftirlitskerfum. Snowden mun ræða við tæknisérfræðinginn Christopher Soghoina um áhrif Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna, NSA, á tæknisamfélagið og hvernig tæknin getur verndað okkur frá stórum eftirlitskerfum,“ sagði í tilkynningu frá SXSW.

Gestir í salnum geta spurt spurninga á fyrirlestrinum, auk þess sem fjölmiðillinn The Texas Tribune sendir beint frá honum á netinu.

Snowden er fyrrverandi starfsmaður bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, og verktaki hjá NSA sem flúði frá Bandaríkjunum eftir að hann lak njósnaupplýsingum frá bandarískum stjórnvöldum. Hann fékk tímabundið hæli í Rússlandi í fyrra. Hann á yfir sér ákærur fyrir njósnir og þjófnað á bandarískum eigum í Bandaríkjunum.

Á meðal annarra fyrirlesara á SXSW-hátíðinni verða mannréttindalögfræðingurinn Glenn Greenwald og Julian Assange, stofnandi WikiLeaks.

- fb



**LAVROV Í PARÍS** Utanríkisráðherra Rússlands tekur í höndina á François Hollande, forseta Frakklands, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Hundsaði úkraínska kollega sína

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, vildi ekki ræða við kollega sína frá Úkraínu á fundi í París í gær. ESB hefur boðið Úkraínu fimmtán milljarða evra.

**FRAKKLAND,AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, fundaði í París í gær með John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og kollegum sínum frá stærstu ríkjum Evrópusambandsins. ESB hefur boðið Úkraínu fimmtán milljarða evra björgunarpakka en Úkraínumenn segjast þurfa 35 milljarða evra til að komast hjá gjaldþroti.

Samkvæmt upplýsingum frá háttsettum frönskum samningamanni vildi Lavrov ekki hitta úkraínska kollega sína í gær. Lavrov sagði Rússa vera opna fyrir samningaumleitunum en vandamálið væri að þeir þverneituðu að viðurkenna nýja ríkisstjórn Úkraínu og hvað þá að sitja með henni til borðs og ræða málin.

Herlið Rússa er enn á Krímskaga og virðist ekki vera á leið þaðan í bráð. Lavrov sagði á fundinum í París að Vesturlönd hefðu stutt atburði í Úkraínu sem Rússar litu á sem valdarán. Um leið hefðu þau með stuðningi sínum sett slæmt fordæmi fyrir þá sem hyggi á valdarán í öðrum ríkjum.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna er byrjuð að styrkja varnir bandamanna sinna í Evrópu vegna ástandsins á Krímskaga. Að sögn Chucks Hagel, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, eru sameiginlegar flugæfingar hafnar með pólska lofthernum. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna ætlar einnig að taka meiri þátt en áður í herflugi NATO-ríkjanna innan Eystrasaltsríkjanna.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti fund með Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, í Tallinn í gær. Þeir ræddu framvindu mála í Úkraínu síðustu daga og með hvaða hætti alþjóðasamfélagið gæti brugðist við hernaðaraðgerðum Rússa á Krímskaga.

Gunnar Bragi ítrekaði fordæmingu Íslands á framferði Rússa. Hann sagði aðgerðir þeirra á Krímskaga brot á alþjóðalögum og undirstrikaði að rússneskur liðsafli yrði að hverfa aftur til bækistöðva sinna svo hægt verði að leita sátta með friðsamlegum hætti.

freyr@frettabladid.is

## Óttast um líf foreldra sinna og vina

Natalia Rumba fæddist í Sevastopol á Krímskaga og bjó þar þangað til hún flutti til Íslands fyrir sex árum. Fjölskylda hennar og vinir búa þar enn og talar hún við þau daglega.

Hún segir fjölmiðla draga taum Vestur-Úkraínumanna sem dreifi hatursáróðri um Rússa, sem séu ekki að hernema Krím heldur verja íbúana. Vísar hún í netupptökur frá Krím frá 23. febrúar þegar 25 þúsund manns hafi komið þar saman og kallað eftir aðstoð Rússa. Hún segir að eftir upplausn Sovétríkjanna hafi verið óljóst hverjum Krím tilheyrði og allt í einu hafi svæðið heyrt til Úkraínu án þess að íbúarnir væru spurðir álits.

- hþ


## AÐALFUNDUR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. verður haldinn fimmtudaginn 27. mars 2014 kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík.

### DRÖG AÐ DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2013
4. Tillaga um breytingu á samþykktum er veiti stjórn heimild til hækkunar hlutafjár félagsins
5. Tillaga um breytingu á 11. gr. samþykkta félagsins
6. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
9. Kosning endurskoðenda
10. Önnur mál, löglega upp borin

### REGLUR UM ÞÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, þar til endanleg dagskrá og tillögur birtast tveimur vikum fyrir fundinn. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is/investors/agm

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu. Hluthafar geta fengið atkvæðaseðla senda til sín, en einnig má nálgast þá í höfuðstöðvum félagsins þar sem greiða má atkvæði alla virka daga milli kl. 9:00 og 16:30. Atkvæðin skulu berast félaginu fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta veitt skrifleg umboð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík umboð skulu berast félaginu áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is/investors/agm

### AÐRAR UPPLÝSINGAR

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is/investors/agm

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:30.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 má tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 6. mars 2014

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is



# Notaðir bílar

Frábært úrval af notuðum bílum. Veldu þann sem hentar þínum þörfum best.




**Chevrolet Captiva LT**
Árgerð 2013 | Nýskr. 03 | Sjálfskiptur
2000 | Dísel | Ekinn: 39.000 km.
**Verð 4.990.000 kr.**




**Chevrolet Cruze LT**
Árgerð 2013 | Nýskr. 05 | Beinskiptur
1800 | Bensín | Ekinn: 39.000 km.
**Verð 2.490.000 kr.**




**Chevrolet Aveo LTZ**
Árgerð 2012 | Nýskr. 12 | Beinskiptur
1600 | Bensín | Ekinn: 47.000 km.
**Verð 2.090.000 kr.**

**Opnunartími:** Virkir dagar 10-18 og laugardaga 12-16

**Reykjavík**
Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035
Netf: notadir@benni.is

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Netf: svavar@benni.is

Þú finnur bílinn á **benni.is**

Bílabúð Benna | Notaðir bílar



DEBENHAMS
BAKER
BY TED BAKER
butterfly by
MATTHEW WILLIAMSON
GERRY WEBER
JEFF BANKS
LONDON
JASPER CONRAN
STAR BY
julienmacdonald
PREEN
TAIFUN
COLLECTION
principles BY
BEN de LISI
TODD LYNN
ROCHA.JOHN ROCHA
JONATHAN SAUNDERS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ
HÖNNUÐUM DEBENHAMS
FYRIR DÖMUR, HERRA
OG BÖRN
Gildir út sunnudag
Gerðu lífið
skemmtilegra
Opið í dag 11 - 21
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Dyrnar virðast standa opnar

Evrópusambandið bíður ákvörðunar Íslands um framhald aðildarviðræðna. Stækkunarstjóri sambandsins hefur ítrekað sagt, nú síðast í janúar, að ESB sé tilbúið til að halda áfram samningaviðræðum hvenær sem Íslendingar kjósi, kjósi þeir nokkurn tímann að gera það.

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Matthias Brinkmann, sendiherra Evrópusambandsins (ESB) á Íslandi, hafnar því að ESB þrýsti á um að ríkisstjórn Íslands ákveði hvort hún vilji halda áfram aðildarviðræðum eða slíta. Í viðtali við fréttastofu RÚV í gær sagði hann fordæmi fyrir því að aðildarumsóknir væru settar á bið um ótiltekinn tíma, líkt og í dæmi Möltu. Aldrei væri þrýst á umsóknarríki að taka ákvörðun.

Brinkmann sagði að í tilfelli Íslands hefði komið á óvart að hlé hefði verið gert á aðildarviðræðunum og hefði sambandið viljað fá skýrari línur um ýmis atriði í samningaviðræðunum. Á fundi Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra með Jose Manue Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um miðjan júlí í fyrra kom fram í máli Barrosos að sambandið biði svara um næstu skref frá Íslandi. „Klukkan tifar og það eru líka sameiginlegir hagsmunir okkar allra að ákvörðun verði tekin án frekari tafar,“ sagði Barroso þá.

Heimildir blaðsins meðal embættismanna Evrópusambandsins herma að oflestur væri að draga þá ályktun af orðum Barrosos að Ísland ætti að gera í snatri upp við sig hvort landið vildi halda viðræðum áfram. Fremur hafi verið um að ræða beiðni um skýrari línur varðandi næstu skref, enda nokkuð undir og hópar starfsfólks sem skipað hafi verið til verka í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Því þyrfti að skýrast hvað væri fram undan. Hlé á viðræðum gæti vel verið einn af þeim kostum.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins áréttaði Brinkmann að ákvörðun um hvað gerðist varðandi framhald viðræðna Íslands og Evrópusambandsins væri algerlega Íslands. „Evrópusambandið verður tilbúið til að halda aðildarviðræðunum áfram, þegar og ef Ísland tæki ákvörðun um það, en viðurkennir hvaða ákvörðun sem Ísland kann að taka,“ segir hann.



**ŠTEFAN FÜLE**



**MATTHIAS BRINKMANN**

Í ályktun Evrópuþingsins frá því í byrjun janúar er bent á að skoðanakannanir á Íslandi bendi til þess að meirihluti landsmanna vilji ljúka aðildarviðræðunum og að Ísland haldi stöðu sinni sem umsóknarríki. Beðið sé ákvörðunar þingsins um hvort halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðnanna. Þingið kveðst í ályktun sinni líka vonast til þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram í fyrirséðri framtíð.

Í umræðum um framvinduskýrslu vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið á Evrópuþinginu 15. janúar síðastliðinn kvaðst Göran Färm, fulltrúi jafnaðarmanna, harma stefnu nýrrar ríkisstjórnar á Íslandi, en áréttaði um leið mikilvægi þess að virða stefnu íslenskra stjórnvalda. Hann kvað mikilvægt að skilja svo við að ljóst væri að Evrópusambandið hefði ekki skellt hurðinni á Ísland, heldur væri reiðubúið að halda viðræðum áfram. „Sem ætti raunar að vera auðveldara núna eftir að ESB hefur fengið endurbætta fiskveiðistjórnarstefnu,“ sagði hann.

Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópu, varð til svars í þinginu. „Við ættum að halda dyrum opnum fyrir ríkisstjórn Íslands og íslensku þjóðina, kjósi hún að hefja aðildarviðræður á ný,“ sagði hann. „Liggi á einhverjum tíma fyrir ákvörðun um að halda áfram leiðina í átt að aðild að Evrópusambandinu, þá ættum við að vera reiðubúin að hjálpa Íslendingum í þeirri vegferð.“

Skilaboð Füles til þingsins voru nokkurn veginn samhljóða ræðu sem hann flutti fyrir utanríkismálanefnd Evrópuþingsins 16. október í fyrra.

„Við höfum ekki, af okkar hálfu, horfið frá ferlinu. Hvenær sem er, og ef Ísland óskar þess nokkurn tíma, er framkvæmdastjórnin reiðubúin að halda áfram vinnu við aðildarviðræðurnar, sem þegar eru langt komnar. Og ég er þess enn fullviss um að við getum komist að niðurstöðu sem er jákvæð og hagfelld öllum hlutaðeigandi,“ sagði Füle þá.

olikr@frettabladid.is









**Á FUNDINUM** Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Katrín Ólafsdóttir, nefndarmaður í peningastefnunefnd bankans, sátu fyrir svörum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áætlun um afnám hafta ekki tímabær

Seðlabankastjóri segir innihald endurskoðaðrar áætlunar um afnám gjaldeyrishafta velta á uppgjöri föllnu bankanna. Stjórnvöld fái einungis eitt tækifæri til að afnema höftin og þá verði sú aðgerð að heppnast.

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld eiga ekki að birta endurskoðaða og tímasetta áætlun um afnám gjaldeyrishafta fyrr en niðurstaða um uppgjör á búum föllnu bankanna liggur fyrir. Innihald áætlunarinnar veltur á uppgjörinu og birting hennar kynni að gagnast kröfuhöfum bankanna.

Þetta sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær þegar hann svaraði spurningum Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns og formanns Bjartrar framtíðar. Guðmundur hafði þá meðal annars spurt hvort Seðlabankinn teldi að vinna samkvæmt áætlunum um afnám gjaldeyrishafta gengi vel.

„Ég held að það sé mikilvægt að allir hafi það í huga að þetta er mjög stórt og flókið mál og öfugt við það sem við vorum að ræða hér varðandi peningastefnuna. Ef við gerum einhver smá mistök þar þá er hægt að leiðrétta þau á næsta fundi, en þarna fáum við bara eitt skot og það verður að heppnast,“ sagði Már.

Hann sagði ákveðinn „strúktúr í gangi“ varðandi afnám haftanna, bæði innan stjórnsýslunnar og í samvinnu hennar og Seðlabankans.

„Þetta er að mínu mati allt í mjög eðlilegum gangi,“ sagði Már.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, spurði á fundinum hversu lengi væri hægt að búa við það að aðgerðaáætlun um losun gjaldeyrishafta „væri haldið leyndri“. Steingrímur vísaði þar í ræðu Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, í Valhöll þann 25. febrúar síðastliðinn, þar sem ráðherra sagði að áætlun um afnám gjaldeyrishafta hefði verið virkjuð í haust.

„Ég býst við því að fjármálaráðherra, þó ég þurfi ekki að tala fyrir hans hönd, hafi meint það að þessi strúktúr, sem er að vinna í þessu, hann var settur á fót í haust en það eru engar framkvæmdir sem hafa átt sér stað ennþá, sem betur fer því þetta verður allt að vera mjög vel undirbúið,“ sagði Már.

„Það er líka mikilvægt varðandi það hvernig þessi bú verða gerð upp og hvaða áhrif það hefur á höftin, það er þess eðlis að ég hef ekki séð það fyrir mér að það sé hægt að birta um það einhverja nákvæma áætlun, svipað eins og bandamenn hefðu birt í BBC áætlun sína um innrás sína í Normandí,“ sagði Már.

haraldur@frettabladid.is

EGF

# EGF húðvörudagar

í Hagkaup 6.-12. mars




**20% afsláttur**

af EGF Húðdropum™ 15 ml

## Kaupauki*

**EGF kaupauki ef keyptar eru 2 eða fleiri EGF húðvörur**

Inniheldur:
EGF Húðdropa™ 2,5 ml
EGF Húðnæringu 7 ml
EGF Dagkrem 7ml

*Takmarkað magn.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**Reiðhjólamenn í Landmannalaugum.** Lauf reiðhjólagaffallinn byggir á byltingarkenndri íslenskri hugmynd og ofurléttum koltrefjum.




JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Niðurstöður rannsókna vísindamanna á heilbrigðisvísindasviði Háskólans í Gautaborg sýna lykil að vellíðan eldri borgara:

# Samræður aldraðra bæta andlega og líkamlega heilsu



**ALDRAÐIR** Samræður eru heilsubót. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samkomur aldraðra, þar sem menn ræða um það sem fylgir því að eldast, og heimsóknir frá heimaþjónustu geta komið í veg fyrir heilsuvandamál hjá þeim sem eru eldri en 80 ára. Þetta eru niðurstöður rannsókna við Háskólann í Gautaborg.

Í rannsókninni tóku þátt 459 íbúar í Gautaborg sem skipt var í þrjá mismunandi hópa. Í einum hópnum tóku einstaklingarnir þátt í samkomum aldraðra þar sem meðal annars var rætt um það sem fylgir því að eldast og hvernig leysa megi vandamál sem koma upp heima fyrir. Annar hópur fékk heimsóknir frá heimaþjónustu þar sem rætt var við einstaklingana um heilsu þeirra og þörf fyrir umönnun og þjónustu. Þriðji hópurinn fékk hefðbundnar upplýsingar um hvaða úrræði sveitarfélagið býður upp á.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að líkindin á heilsufarslegum vandamálum minnkuðu um helming í allt að tvö ár hjá þeim sem tóku þátt í samkomum aldraðra eða fengu heimsókn. Þeir voru jafnframt ánægðari með líkamlega og andlega heilsu sína eftir eitt og tvö ár.

Mestur árangur var af samkomum aldraðra, að því er haft er eftir Linu Behm hjúkrunarfræðingi á vef Dagens Nyheter. Á samkomunum var það reynsla þátttakenda sjálfra og þarfir þeirra sem stýrðu umræðuefninu en ekki „stjórnendur samræðnanna“. Að sögn Behms kváðust þátttakendur hafa lært hverjir af öðrum. Það hefði haft jákvæð áhrif á þá og mögulega hvatt þá til meiri virkni.

Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að aldraðir sem líta svo á að þeir séu heilbrigðir eru í minni hættu á að fá þunglyndi auk þess sem líkurnar á að þeir lifi lengur eru meiri. **- ibs**


Kosning til stjórnar VR er hafin!

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsa meðal félagsmanna VR til stjórnar er hafin og stendur til kl. 12.00 á hádegi 14. mars nk.

Láttu þig málið varða og hafðu áhrif með því að kjósa.

Kosið er á Mínum síðum, á www.vr.is

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR







**MATARÆÐI** Þótt ávaxta- og grænmetisneysla barnanna sem tóku þátt í rannsókninni á áhrifum fjölskyldumeðferðar hafi aukist mikið borða fæst þeirra fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag, að því er segir í grein í Læknablaðsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Fjölskyldumeðferð gegn offitu

Jákvæð áhrif á heilsu barnanna og líðan bæði til skemmri og lengri tíma, segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði. Þverfaglegt teymi stýrir meðferð á göngudeild Barnaspítala Hringsins.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á áhrifum fjölskyldumeðferðar vegna offitu barna virðist lofa góðu, bæði til lengri og skemmri tíma. Þetta kemur fram í grein í Læknablaðinu þar sem greint er frá framkvæmd rannsóknarinnar. Göngudeild fyrir of feit börn er nú starfrækt á Barnaspítala Hringsins á grunni niðurstaðna rannsóknarinnar. Þar stýrir þverfaglegt teymi meðferðinni og fylgir eftir of feitum börnum og fjölskyldum þeirra.

„Fjölskyldumiðaða atferlismeðferðin hafði jákvæð áhrif á heilsu og líðan bæði til skemmri og lengri tíma litið og er sérstaklega mikilvægt að benda á að hér er um að ræða breytingar á blóðmælingum, þunglyndi, kvíða, félagsfærni og sjálfsmynd. Þetta er það sem raunverulega skiptir máli og þarf að vera sýnilegra í allri umræðu um holdafar í stað þess að fókusinn í umræðunni sé alltaf á líkamsþyngdina sem slíka,“ segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem er einn greinarhöfunda.

Hún segir að einstaklega ánægjulegt hafi verið að sjá að sjálfsmynd barnanna hafi haldið áfram að styrkjast eftir að meðferð lauk. „Leiða má líkur að því að vissir meðferðarþættir hafi ýtt undir eða aukið færni sem eykur trú einstaklinganna á eigin getu.“

Úrtakið í rannsókninni samanstóð af 84 of feitum börnum á aldrinum 8 til 13 ára og einu foreldri hvers barns. Sextíu og ein fjölskylda lauk 12 vikna meðferð sem dreifðist yfir 18 vikur og var þátttakendum, sem voru valdir í rannsóknina með aðstoð skólahjúkrunarfræðinga á höfuðborgarsvæðinu, fylgt eftir í tvö ár eftir að meðferð lauk.



> **Leiða má líkur að því að vissir meðferðarþættir hafi ýtt undir eða aukið færni sem eykur trú einstaklinganna á eigin getu.**
>
> *Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent í næringarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands*

Fyrir og eftir meðferð var mæld hæð og þyngd barna, hreyfing, dagleg neysla ávaxta og grænmetis, blóðþrýstingur og ýmis blóðgildi.

Lagðir voru fyrir börnin sjálfsmatslistar til að meta andlega líðan og félagsfærni. Hæð og þyngd foreldra var mæld fyrir og eftir meðferð og einnig svöruðu foreldrar sjálfsmatslista fyrir þunglyndi.

Í meðferðinni lækkaði líkamsþyngdarstuðull foreldra frá upphafi til loka meðferðar, að því er greint er frá í Læknablaðinu. Meðferðin bar því ekki einungis árangur fyrir börnin heldur einnig fyrir foreldra. Niðurstöður úr eftirfylgd benda þó til þess að foreldrum hafi ekki gengið nægilega vel að viðhalda þeim árangri þar sem þeir þyngdust aftur að meðferð lokinni.

Greinarhöfundar benda á að offita barna hafi aukist á undanförnum áratugum og að brýn þörf sé á gagnreyndu meðferðarformi til að sporna gegn þessari þróun. Meðferðin sem var rannsökuð hér tók mið af bandarískri meðferð sem hefur verið í þróun í 30 ár.

ibs@frettabladid.is


DACIA
NÝR DACIA DUSTER 4X4
NÝI SPORTJEPPINN SEM SLEGIÐ HEFUR Í GEGN
Duster
DACIA DUSTER
4X4 DÍSIL
5,3 l/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
Verð frá:
3.990 ÞÚS. KR.
Þú getur reynsluekið nýjum Dacia Duster 4x4 hjá eftirtöldum umboðsmönnum:
KEFLAVÍK - GE bílar
SELFOSSI - IB ehf.
AKRANESI - Bílasalan Bílás
AKUREYRI - Bílasala Akureyrar
www.dacia.is
Hluti af staðalbúnaði
Stöðugleikastýring - Læsing á miðdrifi - Spólvörn - Hljómtæki með geislaspilara og USB tengi fyrir mp3
Handfrjáls Bluetooth símabúnaður - Aðgerðarhnappar við stýri - Hraðastillir - Hiti í sætum - Loftkæling
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Bankarnir högnuðust um 64,6 milljarða króna í fyrra

Samkvæmt ársreikningum stóru viðskiptabankanna þriggja greiða þeir samtals 36,9 milljarða króna í skatta og önnur opinber gjöld. Hagnaður Íslandsbanka og Arion banka dróst saman milli ára en jókst hjá Landsbankanum.

Skattgreiðslur viðskiptabankanna stóru, Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka, jukust um 70,6 prósent á milli áranna 2012 og 2013, samkvæmt því sem lesa má úr nýbirtum ársreikningum þeirra. Allir kvarta þeir undan auknum opinberum álögum, sem setji mark sitt á reksturinn.

Þannig dregur úr hagnaði á milli ára hjá Arion banka og Íslandsbanka, en báðir birtu uppgjör skömmu fyrir mánaðamót. Hagnaður Íslandsbanka dróst saman um eitt og hálft prósent, fór úr 23,4 milljörðum í 23,1 milljarð króna, en hagnaður Arion banka um fjórðung, fór úr 17,1 milljarði í 12,7 milljarða. Einungis Landsbankinn eykur hagnað sinn á milli ára, fer úr 25,4 milljörðum króna í 28,8 milljarða, sem er 13,4 prósenta aukning á milli ára.

Heildareignir jukust hjá öllum bönkunum. Samtals áttu þeir í lok síðasta árs sem svarar 2.956,4 milljörðum króna, en það er aukning um 5,3 prósent frá fyrra ári þegar þeir áttu sem svarar 2.808,5 milljörðum króna. Bankarnir leggja allir til að hluta hagnaðar síðasta árs verði varið til greiðslu arðs, en mismikils þó eftir bönkum.

Íslandsbanki leggur til lægsta hlutfallið af hagnaði, 40 prósent, sem samsvarar því að bankinn greiði hluthöfum sínum 9,2 milljarða króna í arð.

Arion banki leggur til að arðgreiðslan nemi 60 prósentum af hagnaði og verði 7,6 milljarðar króna. Báðir bankarnir eru að stærstum hluta í eigu kröfuhafa. Ríkið á þó fimm prósenta hlut í Íslandsbanka og fær því 461,4 milljónir króna hlutdeild af arðgreiðslu bankans. Arion banki er svo aftur að 13 prósentum í eigu ríkisins sem því fær 988 milljóna króna hlut.

Landsbankinn, sem núna leggur til greiðslu arðs af 70 prósentum hagnaðar síðasta árs, eða sem svarar 20,1 milljarði króna, er hins vegar að stærstum hluta í eigu ríkisins. Bankasýslan fer með 97,08 prósenta eignarhlut í bankanum og því renna rúmir 19,5 milljarðar af arðgreiðslunni til ríkisins. Alls fær íslenska ríkið því rétt tæpan 21 milljarð króna í arð af eign sinni í viðskiptabönkunum þremur.

Á kynningarfundi um uppgjör Landsbankans í gærmorgun, sem var síðastur bankanna til að birta uppgjör sitt í byrjun þessarar viku, kom fram í máli Hreiðars Bjarnasonar, framkvæmdastjóra fjármála hjá bankanum, að gangi arðgreiðslan eftir á aðalfundi muni hún hafa áhrif til lækkunar á eigin fé bankans sem nemi rúmum tveimur prósentum. „En eiginfjárstaðan er áfram gríðarlega sterk verði tillagan samþykkt," bætti hann við. Í árslok stóð eiginfjárhlutfall bankans í 26,7 prósentum.

olikr@frettabladid.is



HÖSKULDUR ÓLAFSSON BIRNA EINARSDÓTTIR STEINÞÓR PÁLSSON

## Laun hækkuðu hjá öllum bankastjórum

Breytingar til hækkunar urðu á launakjörum allra yfirmanna í viðskiptabönkunum þremur milli áranna 2012 og 2013 að því er lesa má út úr ársskýrslum bankanna sem birtar hafa verið síðustu daga.

Af bankastjórnunum þremur er Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, með hæst mánaðarlaun, 4,2 milljónir króna. Laun hans hækkuðu um 13,9 prósent á milli ára, en á fyrra ári námu mánaðarlaun hans 3,7 milljónum.

Næsthæst laun er svo Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, með, eða sem svarar rúmum þremur milljónum króna. Séu árangurstengdar greiðslur teknar með má svo hækka mánaðartekjur hennar í fyrra í 3,6 milljónir króna. Hækkun milli ára nemur 15,6 prósentum og 27 prósentum ef árangurstengdu greiðslurnar eru teknar með.

Hlutfallslega hækka hins vegar mest á milli ára laun Steinþórs Pálssonar, bankastjóra Landsbankans, eða um 32,5 prósent. Hann er engu að síður með umtalsvert lægri laun en kollegar hans í hinum bönkunum. Launagreiðslur (með lífeyrissjóðsgreiðslum) til hans jafngilda mánaðarlaunum upp á rúmlega 1,8 milljónir króna í fyrra, en árið áður námu laun hans tæpum fjórtán hundruð þúsundum á mánuði.



Uppgjör Norðlenska kynnt:

## Eigendur fá 15 milljónir í arð

Rekstur Norðlenska matborðsins ehf. skilaði 138,4 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 188,5 milljóna hagnað árið 2012. Samþykkt var á aðalfundi félagsins 28. febrúar síðastliðinn að greiða eigandanum, Búsæld ehf. félagi 525 bænda, arð að upphæð fimmtán milljónum króna.

Í tilkynningu félagsins um uppgjör síðasta árs segir að ársvelta þess hafi numið tæpum 5,2 milljörðum króna. Það er veltuaukning um rúm 9,8 prósent á milli ára. - hg



**VÖRUFLUTNINGAR** Útflutningur Íslands nam alls 41,3 milljörðum króna á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bráðabirgðatölur Hagstofu:

## Hagstæð vöruskipti í febrúar

Vöruskiptin í febrúar voru hagstæð um tæpa fjóra milljarða króna þegar þau eru reiknuð á fobverðmæti.

Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Þar segir að útflutningur hafi numið 41,3 milljörðum króna og innflutningur um 37,3 milljörðum.

Með fob-verði (free on board) er átt við verð vörunnar komið um borð í flutningsfar í útflutningslandi. - hg





CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu

# HVER VERÐUR AFSLÁTTURINN?

**Giskaðu á hvort liðið vinnur í kvöld á Facebook-síðu Olís.**
**Tveir markahæstu menn þess liðs sem fleiri veðja á, stýra afslætti lykilhafa.**

Dæmi: Ef tveir markahæstu menn þess liðs sem fær fleiri stig á Facebook skora samtals 10 mörk verður 10 kr. afsláttur af eldsneytistlítranum á morgun fyrir lykilhafa Olís og ÓB.



## HAUKAR–FH

Fimmtudaginn 6. mars kl. 20.00 í Schenker-höllinni

Olís er stoltur styrktaraðili úrvalsdeildar karla og kvenna á Íslandsmótinu í handbolta.

olís DEILDIN

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 140552

# SKOÐUN

Stjórnarmeirihlutinn forherðist í afstöðu sinni:

## Rökleysur ráðherra

Rökleysurnar sem forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa borið á borð fyrir almenning undanfarna daga, sem réttlætingu á að svíkja loforð sín um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, eru með ólíkindum. Það getur varla verið að ráðherrarnir trúi þessum málflutningi sjálfir og það er nánast útilokað að þjóðin geri það. Tökum nokkur dæmi.

1. Bjarni Benediktsson segir í fréttum RÚV á mánudag að óraunsætt sé að kjósa um málið þar sem fyrir Alþingi liggi engin tillaga um að ganga í ESB eða halda aðildarviðræðunum áfram. En fyrir Alþingi liggur tillaga um að slíta viðræðum og draga aðildarumsóknina til baka. Er ekki hægt að kjósa um hana?

2. Sigmundur Davíð segir í Fréttablaðinu í gær að kannski verði hægt að breyta stjórnarskránni á kjörtímabilinu þannig að þjóðaratkvæðagreiðslur verði bindandi og hægt að halda „alvöru" atkvæðagreiðslu. Núna sé það þannig að þjóðaratkvæðagreiðsla sé bara ráðgefandi og þingmenn séu bundnir af sannfæringu sinni.


Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Hann er með þessu að segja að jafnvel þótt þjóðin vildi halda áfram viðræðum myndu stjórnarliðar greiða atkvæði gegn því. Af hverju sögðu þeir Bjarni okkur þetta ekki fyrir kosningar? Gátu kjósendur gengið út frá öðru en að atkvæðagreiðslan færi fram samkvæmt núverandi löggjöf? Og ef það var alls ekki meiningin að fara eftir niðurstöðum þjóðaratkvæðis, til hvers þá að lofa því?

3. Sigmundur segir í Kastljósi í fyrrakvöld að ESB þrýsti á ákvörðun og þess vegna verði að drífa tillöguna um að slíta viðræðunum í gegnum Alþingi. Jafnvel þótt það væri rétt – sem það er ekki, vegna þess að í ESB er ríkur vilji til að halda dyrunum opnum fyrir Ísland – þýddi það ekki ákvörðunin gæti bara verið á annan veginn. Ef ESB vill fá svar fljótt, þarf stjórnin að flýta sér að halda atkvæðagreiðsluna sem hún lofaði.

4. Forsætisráðherrann segir í Kastljósi að ekki sé verið að taka neitt vald af þjóðinni af því að hún hafi ekki fengið að koma að ákvörðuninni um að sækja um. Það var vitað fyrir kosningar, samt lofuðu stjórnarflokkarnir þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú heitir það allt í einu að ákvarðanir fyrri ríkisstjórnar núlli út kosningaloforðin. Það er ekki heil brú í þessu.

5. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ítrekar „ómöguleikann" í Kastljósi og segir að ákvarðanir þjóðarinnar verði að vera „framfylgjanlegar"; það sé „ekki hægt að kjósa um að ríkisstjórn sem er andvíg inngöngu eigi að vera í viðræðum um að komast inn í sambandið". Hann er eins og fleiri stjórnarliðar lengi að skilja þetta. Ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að fara eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem stjórnarflokkarnir lofuðu, fer hún frá og önnur stjórn framkvæmir þjóðarviljann.

Á tímabili leit út fyrir að stjórnarflokkarnir væru byrjaðir að hlusta á kröfur kjósenda um að þeir stæðu við loforð sín. Nú blasir við að þeir hafa heldur forherzt í afstöðu sinni. Þeir ætla að hunza 45.000 undirskriftir, mörg þúsund manna mótmælafundi og þau ríflega 80 prósent sem segjast í skoðanakönnunum vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna.

Kjósendur eiga í bili ekki marga kosti. Kannski helzt að fleiri skrifi upp á kröfuna um atkvæðagreiðslu og mæti á útifundi – og voni að stjórnarherrarnir leggi um síðir við hlustir og dragi rökréttar ályktanir.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



**Þjáist þú af slæmum tíðaverkjum?**
***Þá gætir þú verið með endómetríósu (legslímuflakk)***

**Samtök um endómetríósu**
**halda aðalfund laugardaginn 8. mars kl. 13.00**
**í fundarsal Kvennadeildar, Landspítalanum við Hringbraut**
(gengið er inn um aðaldyr Kvennadeildar á fyrstu hæð og síðan til hægri)

**DAGSKRÁ**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- **Fyrirlestrar**
  **Áhrif endómetríósu á lífsgæði kvenna**
  Bryndís Rut Logadóttir og Brynja Gestsdóttir hjúkrunarfræðingar
  **Nýtt um endómetríósu**
  Reynir Tómas Geirsson prófessor/yfirlæknir

*Allir velkomnir – gott tækifæri til að fræðast um sjúkdóminn og starf samtakanna.*

SAMTÖK UM ENDÓMETRÍÓSU
www.endo.is
endo@endo.is
facebook.com/endometriosa


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eygló situr heima

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra ætlar ekki að vera viðstödd Ólympíumót fatlaðra í Sotsjí og segir það vegna þróunar mála í Úkraínu síðustu daga. Ráðherrann segir að það sé sitt mat, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að það ekki rétt að heimsækja Rússland á þessum tíma. Fyrir Vetrarólympíuleikana í Sotsjí var bent á bága réttarstöðu hinsegin fólks í Rússlandi og mannréttindabrot rússneskra stjórnvalda. Það aftraði ekki Ólafi Ragnari Grímssyni forseta frá að fara á leikana. Hann hitti Pútín en sagðist ekki hafa verið í aðstöðu til að ræða málefni þeirra sem stjórnvöld beita mannréttindabrotum þar sem forsetarnir hittust ekki formlega. Raunar sagði hann í samtali við RÚV að Ólympíuleikarnir væru íþróttahátíð, ekki pólitísk hátíð. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra fór líka til Sotsjí. Hann kvaðst heldur ekki hafa haft færi á að ræða mannréttindamál við ráðamenn en sýndi samhug sinn með samkynhneigðum með því að skarta trefli í litum regnbogans á setningarhátíðinni. Því ber að fagna að Eygló skuli hafa hætt við förina og sýnt í verki að hún sé ósátt við framkomu rússneskra stjórnvalda.



### Jafna eða Jafnræðisstofa

Velferðarráðuneytið auglýsti eftir nafni á nýja stofnun sem á að fjalla um jafnréttismál í víðum skilningi. Tillögurnar sem fólk gat kosið á milli voru ekki sérlega frumlegar en þær voru Jafnréttisstofnun, Umboðsmaður jafnréttismála og Mannréttindastofa, svo mátti koma með tillögur frá eigin brjósti. Mannréttindastofa fékk flest atkvæði. Meðal annarra tillagna eru: Jafna, Jafnaðarstofa, Jafnréttiseftirlitið, Jafnræðisstofa, Mannhelgisstofa, Réttindaver, Réttindastofa, Stofnun Bríetar Bjarnhéðinsdóttur um mannréttindi á Íslandi og loks Umboðsmaður mannhelgi. Flest mun skemmtilegri nöfn en Mannréttindastofa.



johanna@frettabladid.

## HALLDÓR




## Ákall til alþjóðasamfélagsins

MANNRÉTTINDI




**Jóhanna Sigurðardóttir**
fv. forsætisráðherra


„Ógeðslegt fólk" voru orðin sem forseti Úganda lét falla um samkynhneigða nýlega. Þetta hljómaði kunnuglega en við Jónína, eiginkona mín, fengum svipuð skilaboð frá Úganda árið 2010 þegar hjónaband okkar vakti heimsathygli. „Samfélag þeirra er búið að vera, þær eru siðlausar," var haft eftir talskonu stjórnarflokksins í Úganda. Og svo klykkti hún út með því að segja að hjónaband okkar væri „viðurstyggilegt".

Maður verður orðlaus að heyra fordómana og hvernig raunveruleikinn er algjörlega afskræmdur, eins og þegar því er haldið fram að samkynhneigðir séu hættulegir samfélaginu, einkum og sér í lagi börnum.

Já, staðan í Úganda er skelfileg og samkynhneigðir þar í landi hafa þurft að búa við hræðileg mannréttindabrot. Fyrir það eitt að elska aðra manneskju þurfa þeir að lifa í stöðugum ótta, sæta miskunnarlausu ofbeldi, grimmd, ofsóknum og kúgun. Og nú hefur lífstíðardómur fyrir samkynhneigð verið lögfestur í Úganda.

Lagasetningin hefur þegar haft þau áhrif að dauðalistar, svartir listar með persónuupplýsingum um hinsegin fólk, eru birtir í götublöðum í Úganda og birting þeirra hefur leitt til árása á þetta fólk og til sjálfsvíga samkynhneigðra.

**➜ Maður verður orðlaus að heyra fordómana og hvernig raunveruleikinn er algjörlega afskræmdur, eins og þegar því er haldið fram að samkynhneigðir séu hættulegir samfélaginu, einkum og sér í lagi börnum.**

Alþjóðasamfélagið þarf að bregðast miklu harðar við þessum hrikalegu mannréttindabrotum en það hefur gert. Og Ísland ekki síst, sem á margan hátt hefur verið í fararbroddi í heiminum varðandi sjálfsögð réttindi samkynhneigðra.

Fordæming utanríkisráðherra er ekki nægjanleg. Kröftug ályktun frá stjórnvöldum og Alþingi gegn þessum mannréttindabrotum væri fyrsta skrefið. Síðan þarf að koma frumkvæði stjórnvalda í samráði við önnur norræn ríki um hvernig best væri að beita sér fyrir breiðri alþjóðasamstöðu í málinu.

Íslandsdeild Amnesty International og Samtökin '78 gangast þessa daga fyrir sameiginlegu átaki og fjársöfnun í þágu samkynhneigðra í Úganda, m.a. með glæsilegum stórtónleikum í Hörpu í kvöld.

Vonandi styður íslenska þjóðin dyggilega þetta átak. Það væri til fyrirmyndar og myndi skipta miklu máli.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Umfjöllun um yfirdráttarlán heimila á villigötum

**FJÁRMÁL**



**Kristófer Gunnlaugsson**
hagfræðingur á hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabankans

Reglulega hafa birst fréttir af þróun yfirdráttarlána heimila í fjölmiðlum á undanförnum árum þar sem fjallað er um hversu mikið þessi lán hafa aukist frá falli fjármálakerfisins. Jafnvel hefur borið við að ályktað sé að aukningin skýri stóran hluta af einkaneyslu landsmanna og þar með hagvaxtar. Rétt er að tölur um yfirdráttarlán innlánsstofnana til heimila hafa hækkað. Þannig var bókfært virði stofnsins tæplega 37 ma.kr. meira að meðaltali á árinu 2013 miðað við meðalstöðu ársins 2009 og um 27 ma.kr. meira að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Meginhluti aukningarinnar er hins vegar til kominn vegna bókhaldslegrar endurflokkunar þessara lána í bókum lánastofnana og því ekki um raunverulega aukningu yfirdráttarlána að ræða.

**Bókhaldsleg endurflokkun yfirdráttarlána**

Haustið 2009 setti Seðlabanki Íslands nýjar reglur, nr. 849/2009, um greiðsluuppgjör kortaviðskipta. Var það gert m.a. til að draga úr uppgjörsáhættu og tryggja öryggi greiðslna kortaútgefanda til færsluhirðis og áfram til söluaðila. Samkvæmt reglunum ber að varðveita með sem minnstri áhættu greiðslur sem færsluhirðar fá frá kortaútgefendum og greiðast ekki strax til söluaðila, til að mynda sem innlán. Samhliða var sú breyting gerð að kortaútgefendur gera örar upp við færsluhirða en áður. Í kjölfar reglusetningarinnar breyttu innlánsstofnanir uppgjörsaðferðum sínum við kreditkortafyrirtæki þannig að daglegar kreditkortaúttektir viðskiptavina voru færðar sem yfirdráttarlán. Yfirdráttarlán viðskiptavinar hlaðast þannig upp samhliða kortanotkun þar til reikningur hefur verið greiddur. Hin mikla aukning sem varð á yfirdráttarlánum til heimila undir lok árs 2009, um 20,3 ma.kr., er nánast að öllu leyti afleiðing þessarar bókhaldslegu endurflokkunar á uppgjöri kortaviðskipta og er þar með ekki raunveruleg aukning.

Þróun yfirdráttarlána hefur einnig litast af sameiningu fjármálafyrirtækja. Þannig jukust lánin við sameiningu Íslandsbanka hf. og Byrs hf. vegna mismunandi aðferða við flokkun útlána sem þessi fjármálafyrirtæki beittu. Að auki voru greiðslukortaskuldir endurflokkaðar sem yfirdráttarlán við sameiningu Kreditkorta hf. og Íslandsbanka hf. á vormánuðum 2012.

**Þróun yfirdráttarlána að teknu tilliti til endurflokkana**

Að teknu tilliti til ofangreindra endurflokkana er raunveruleg þróun yfirdráttarlána talsvert frábrugðin þeim tölum sem koma beint upp úr bókhaldinu. Í stað tæplega 37 ma.kr. aukningar á meðalstöðu stofns yfirdráttarlána innlánsstofnana hefur stofninn aukist um 10,5 ma.kr. frá 2009 til 2013. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga er aukningin hins vegar tæplega 1 ma.kr. eða um 1,4%. Á sama tímabili hefur einkaneysla landsmanna aukist um 196 ma.kr. að nafnvirði en rúmlega 45 ma.kr. að raunvirði.[1]

Bókhaldsleg endurflokkun skýrir þar með langstærstan hluta af aukningu í heildarstofni yfirdráttarlána innlánsstofnana til heimila á undanförnum árum. Raunveruleg breyting lánanna er mun minni og eingöngu brot af vexti einkaneyslunnar. Að halda því fram að einkaneysla landsmanna undanfarin ár hafi að stórum hluta verið fjármögnuð með yfirdrætti stenst því ekki skoðun.

[1]*Áætlun Seðlabankans fyrir 4. ársfjórðung 2013.*

**➜ Bókfærður stofn yfirdráttarlána innlánsstofnana til heimila á föstu verðlagi**




**➜ Bókhaldsleg endurflokkun skýrir þar með langstærstan hluta af aukningu í heildarstofni yfirdráttarlána innlánsstofnana til heimila á undanförnum árum. Raunveruleg breyting lánanna er mun minni og eingöngu brot af vexti einkaneyslunnar. Að halda því fram að einkaneysla landsmanna undanfarin ár hafi að stórum hluta verið fjármögnuð með yfirdrætti stenst því ekki skoðun.**

# Fastað á stóru orðin

**SAMFÉLAG**



**Árni Svanur Daníelsson**



**Kristín Þórunn Tómasdóttir**
prestar

Fasta er töfraorð í samtímanum. Allt árið er fastað til að koma skikki á líkamsþyngd, blóðsykur og mittismál. Sum okkar fasta á hveiti eða sykur, á kjöt, áfengi eða nammi. Markmiðið er að hnika hegðun og venjum sem gera okkur ekki gott.

Fastan á sér trúarlegar rætur. Við lesum um föstur í Gamla og Nýja testamentinu. Jesús fastaði í fjörutíu daga í eyðimörkinni og kirkjan heldur föstu í aðdraganda jóla og páska. Múslímar fasta frá sólarupprás til sólarlags í Ramadanmánuði. Markmið hinnar trúarlegu föstu er að rækta andann og efla trúræknina með því að leggja líkamlegar þarfir eða hvatir til hliðar.

Aðferðafræði föstunnar virkar líka í öðru samhengi og þarf ekki að takmarkast við að halda sig frá mat. Við getum fastað til góðs fyrir samfélagið okkar hér og nú, með því að leggja af hegðun og venjur sem draga okkur öll niður.

Óvægin orð, illt umtal og uppnefni eitra andrúmsloft og menga sameiginlegt rými okkar. Samhengi slíkra orða getur verið pólitískt eða persónulegt, þau eru sögð í fúlustu alvöru eða undir formerkjum húmors. Óháð samhenginu er slík umræða íþyngjandi. Hún getur orðið eins og illkynja æxli þegar hún grefur sig inn í þjóðarlíkamann.

Hún stendur í vegi fyrir því að við þroskumst sem einstaklingar og samfélag og getum orðið besta útgáfan af okkur sjálfum. Á þessari föstu skulum við fasta á stóryrtar yfirlýsingar um annað fólk, hvort sem er í persónulegum samskiptum, á ræðustóli, í fjölmiðlum eða á netinu. Markmiðið með föstu er nefnilega að verða betri manneskja í betra samfélagi. Föstum á stóru orðin og sjáum hvort við njótum ekki öll góðs af.

**➜ Við getum fastað til góðs fyrir samfélagið okkar hér og nú, með því að leggja af hegðun og venjur sem draga okkur öll niður.**




# Aðalfundur N1 hf.

Aðalfundur N1 hf. verður haldinn fimmtudaginn 27. mars 2014 klukkan 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

**Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2013.
5. Stjórnarkjör.
6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar.
8. Tillaga að starfskjarastefnu félagsins.
9. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum.
10. Önnur mál löglega upp borin.

**Tillögur:**

A) **Ársreikningur** (liður 3)
Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2013 verði samþykktur.

B) **Arðgreiðsla** (liður 4)
Stjórn leggur til að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.650.000.000 vegna rekstrarársins 2013 og fyrri ára, eða kr. 1,65 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa 28. apríl 2014. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 27. mars 2014 og arðleysisdagur því 28. mars 2014. Arðsréttindadagur er 1. apríl 2014, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá N1 hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 1. apríl 2014.

C) **Kjör endurskoðanda** (liður 6)
Stjórn leggur til að endurskoðunarfirmað Ernst & Young sjái áfram um endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna rekstrarársins 2014.

D) **Þóknun til stjórnar** (liður 7)
Stjórn leggur til að þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar verði óbreytt frá fyrra ári.

E) **Starfskjarastefna** (liður 8)
Stjórn leggur til að starfskjarastefna frá fyrra ári verði óbreytt.

F) **Kaup á eigin bréfum** (liður 9)
Stjórn leggur til að félagið fái heimild til kaupa á eigin hlutum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55 gr. hlutafélagalaga. Kaupverð skal vera á gengi sem ekki er hærra en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir skráðu meðalgengi hlutabréfa félagsins tveimur vikum á undan kaupunum. Heimildin standi til fimm ára.

**Aðrar upplýsingar:**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 22. mars 2014. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:30 á aðalfundardegi.

**Stjórn N1 hf.**

N1

# Blekkingin um verðtrygginguna afhjúpuð

FJÁRMÁL



**Kristinn H. Gunnarsson**
fv. alþingismaður

**➜ Í heimi án verðtryggingar og án möguleika á því að jafna greiðslubyrðina yfir lánstímann verður vandinn áfram við lýði og skuldarar verða síst betur staddir. Það er kjarni málsins og hann hefur nú verið afhjúpaður.**

Um árabil hefur því verið haldið fram að verðtrygging lánsfjár væri helsta vandamál skuldsettra heimila þar sem sjálfvirkar verðbætur gerðu það að verkum að lánin hækkuðu sífellt. Krafan hefur verið sú að banna verðtrygginguna og breyta lánunum í óverðtryggð lán. Yrði það gert myndu vextir lækka og greiðslubyrðin léttast og skuldin greiðast niður. Þessi málflutningur fékk mikinn stuðning í síðustu alþingiskosningum og nú stendur til að banna verðtrygginguna.

Sérstök nefnd ríkisstjórnarinnar hefur nú skilað áliti og tillögum. Niðurstaðan er á annan veg en til stóð, staða skuldara mun versna við breytinguna í stað þess að batna. Óverðtryggðu vextirnir verða hærri en þeir verðtryggðu og lánstíminn mun styttast. Greiðslubyrðin mun stórlega þyngjast. Af þessu leiðir að færri heimili munu ráða við íbúðakaup og þurfa því að búa við háa húsaleigu á almennum markaði eða treysta á úrræði sveitarfélaganna. Nefndarmönnum hrýs eðlilega hugur við afleiðingunum af afnámi verðtryggingarinnar og þeir leggja flestir til að setja málið í bið um óákveðinn tíma.

Um það er einhugur í nefndinni að vextir munu hækka. Upplýst er að síðustu 20 ár hafa vextir óverðtryggðra lán verið að jafnaði um 1,5% hærri en verðtryggðir vextir. Það er í samræmi við niðurstöður ýmissa aðila undanfarin ár. Þar með er fallin um sjálft sig meginfullyrðingin um hækkunarspíralinn sem sagður er leiða af verðtryggingunni. Við blasir að væru allar skuldir heimilanna færðar yfir í óverðtryggða vexti myndi vaxtafjárhæðin af skuldunum verða enn hærri en áður.

**Umræðan á villigötum**

Greiðslubyrðin af vöxtunum einum yrði slík að tugþúsundir heimila myndu ekki ráða við hana og augljóst er að úrræði bankanna yrði að bæta stórum hluta af vöxtunum við höfuðstól lánsins, rétt eins og gert er í verðtryggingunni. Allir nefndarmenn viðurkenna þessa staðreynd og telja að ríkið þurfi að grípa inn í með fjárframlögum til þess að vinna á móti vandanum sem afnám verðtryggingarinnar skapar.

Þá telja nefndarmenn að lánstíminn muni styttast umtalsvert ef bönnuð yrði greiðsludreifing á verðbótunum sem tíðkast í verðtryggingunni. Sú breyting mun líka hækka greiðslubyrðina af skuldunum verulega. Á móti því kæmi hraðari eignamyndun. Samanlagt getur greiðslubyrðin hækkað í rúman áratug um allt að 70% vegna vaxtahækkunarinnar og styttri lánstíma. Fjölmargir kjósendur fá með áliti nefndarinnar framan í sig sem kalda vatnsgusu þá staðreynd, sem raunar lá fyrir, að afnám verðtryggingarinnar er ekkert töfraráð, heldur þvert á móti til þess fallið að auka á vandræði skuldugra heimila. Versta útreið fær tillaga formanns Framsóknarflokksins, sem lagði til fyrir tæpu ári að skipt yrði út verðtryggðum skuldabréfum fyrir óverðtryggð. Seðlabankinn og Analytica telja að þá myndi greiðslubyrðin hækka mest og fasteignaverð gæti lækkað frá 14%–23% og með rýrnandi eignarhluta fjölskyldnanna í fasteigninni.

Það sem eftir stendur er að umræðan hefur verið á villigötum og kjósendur hafa verið blekktir. Verðtryggingin er ekki vandamálið og afnám hennar því ekki lausnin. Háir raunvextir hérlendis eiga sér flóknar orsakir og vanhæfir stjórnmálamenn eru sjálfstætt og umtalsvert efnahagsvandamál.

Í heimi án verðtryggingar og án möguleika á því að jafna greiðslubyrðina yfir lánstímann verður vandinn áfram við lýði og skuldarar verða síst betur staddir. Það er kjarni málsins og hann hefur nú verið afhjúpaður.

# Þegar ég fór í greiðslumat

KJARAMÁL



**Agnes Ósk Valdimarsdóttir**
framhaldsskólakennari

Ég er framhaldsskólakennari. Ég hef lokið háskólanámi frá þremur mismunandi skólum í jafn mörgum löndum. Nú þegar allt bendir til þess að ég sé á leiðinni í verkfall í fyrsta skipti, er ansi líklegt að það verði líka í síðasta skipti. Ég fór nefnilega í greiðslumat.

*„Ég lofa, Agnes, þetta verður auðveldara á næstu önn“*

Ég veit ekki hversu oft ég heyrði þessi orð fyrstu vikurnar í kennslu. Ég vann myrkranna á milli: allar helgar var ég mætt í vinnuna til þess að búa til verkefni, lesa bækur og gera mitt besta í að gera kennsluna sem fjölbreyttasta svo að nemendur – sem sýndu mismikinn áhuga á því að vera í skóla yfirhöfuð – myndu ekki „krepera“ í tímum hjá mér. Ég vann það lengi frameftir einn daginn að ég setti öryggiskerfið í skólanum í gang. Og þannig lærði ég að kerfið fer í gang á miðnætti því á þeim tímapunkti ætti enginn að vera ennþá í vinnunni. Ég er sammála öryggiskerfinu en vinnan sem fylgir nýliða í kennslu er ekki öryggiskerfum samkvæm.

Á mínum vinnustað er fólk á öllum aldri sem hefur unnið við kennslu í mislangan tíma (þó má taka fram að meðalaldur framhaldsskólakennara er 55 ár) og eiga allir starfsmenn þessa skóla það sameiginlegt að vera glaðlyndir og hafa gert líf mitt sem kennari mun auðveldara. Og það er kannski ástæðan fyrir að þetta fólk endist í kennarastarfinu: vinnustaðurinn. Því ég get staðfest það að það eru ekki launin sem fólk er að sækjast í.

Þegar þessi grein er skrifuð bendir allt til þess að framhaldsskólakennarar séu á leiðinni í verkfall. Ég geri mér fulla grein fyrir því að kennarar eru ekki eina láglaunastéttin á Íslandi. Systir mín sagði við mig um daginn að það væri fáránlegt að kennarar væru að biðja um hærri laun þegar það væru ekki til peningur í landinu.

Systir mín er líka manneskjan sem segir mér að ég verði að finna mér nýtt starf því kennarastarfið borgi mér ekki nóg fyrir alla þá vinnu sem hún hefur séð mig leggja í það (og við búum ekki saman svo þið getið rétt ímyndað ykkur hvað sambýlismaður minn finnur fyrir þessu).

Að vera kennari getur verið ótrúlega gefandi þegar þú sérð árangur – þegar þú tekur eftir því að áhugi nemenda á námsefninu hefur aukist og að þeir vilji standa sig vel. Það eru þessi örsmáu augnablik sem halda kennurum gangandi.

Með framtíðarplön í huga fór ég í bankann í síðustu viku til þess að athuga hver greiðslugeta mín væri ef ég myndi ákveða að kaupa mér 80 m² íbúð. Mánaðargreiðslur af LÍN-lánum er um 23 þúsund krónur á mánuði. Afborganir af bílaláni sem ég er með er um 25 þúsund á mánuði. Á framhaldsskólakennaralaunum er greiðslumatið mitt 0–20 þúsund krónur á mánuði. Ég hló. Ég veit ég er á lágum launum, en aldrei datt mér í hug að ég gæti í besta falli keypt gluggalaust geymsluhúsnæði.




*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# SAMSUNG LÆKKAR VERÐ

SAMSUNG

## 6475 LÍNAN
200 Hz · LED skjár · SMART TV · 3D · Innbyggt þráðlaust net




***Svona eiga sjónvörp að vera!***

**32" = 154.900**
**40" = 189.900**
**46" = 219.900**
UPPSELT **55" = 329.900**
UPPSELT **65" = 549.900**

*Ný sending væntanleg 2. apríl*

***Gríptu tækifærið! Frábær myndgæði!***

## Þvottavélar af bestu gerð



WF600B4BKWQ

- Tekur 6 kg. af þvotti
- Vinduhraði allt að 1200 sn./mín.
- Kolalaus móttor
- Verð **96.900.-**

## EcoBubble þvottavél

WF72F5E4P4W

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Vinduhraði allt að 1400 sn./mín.
- Kolalaus mótor
- Verð **119.900.-**



## Frábær þurrkari



DV70F5E0HGW

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Varma dæla
- Orkunotkun A++
- Verð **169.900.-**

Treystu Samsung til að framleiða

## ... afburða uppþvottavél



DW-UG721W

- 14 manna stell
- 7 þvottakerfi
- 3 grindur
- Grind efst fyrir hnífapör
- Orkunotkun A++
- Hljóðlát aðeins 44db
- Verð **142.900.-**

12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
Sjá nánar: samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

PENINGAFRÆÐSLA SPARNAÐAR
-ALLT UM PENINGA

# VISSIR ÞÚ AÐ FYRSTA MYNTIN VAR SLEGIN Í RÓM, 600 ÁRUM FYRIR KRIST?





## FÁÐU FRÉTTABRÉF SPARNAÐAR Á SPARNADUR.IS

SKEMMTILEGUR OG GAGNLEGUR FRÓÐLEIKUR.

Fréttabréf Sparnaðar veitir aðgengilega fræðslu um peningamál og svarar spurningum sem brenna á vörum margra. Meðal efnis er liðurinn peningafræðsla Sparnaðar með fróðleik sem er í senn gagnlegur og skemmtilegur. Auk þess geymir fréttabréfið pistla um fjármál heimilanna og ýmsa þætti efnahagsmála sem eru nútímafólki ofarlega í huga.

Farðu á sparnaður.is og pantaðu gjaldfrjálsa áskrift að Fréttabréfi Sparnaðar núna.

ISO 9001:2008

SPARNAÐUR

Holtasmára 1 · 201 Kópavogur
Kaupvangsstræti 4 · 600 Akureyri
Sími: 577 2025 · Fax: 577 2032

sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is
Við erum á www.facebook.is/sparnadur

# Skyrið selur sig sjálft í Finnlandi

LANDBÚNAÐUR



Guðni Ágústsson
framkvstj. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

„Skyr selur sig ekki sjálft þó gott sé," segir Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor í enn einni greininni í Fréttablaðinu 28. febrúar. Á sama degi eru skínandi hraustir og brosandi Finnar í Morgunblaðinu, þeir Miikka, Sami og Mika, að segja okkur að skyrið selji sig sjálft í Finnlandi því það „sé ein besta mjólkurvara í heimi".

Söluaukningin hjá þeim þremenningum var 220% í janúar. Þeir seldu þá 160 tonn af skyri á móti tæpum 50 tonnum í janúar í fyrra. Skyr Finland OY hefur á þremur árum tekist að fá Finna almennt til að borða skyr á öllum tímum árs enda fæst það í öllum búðum. Þetta eru duglegir drengir og fjárfestingu sína í markaðsfærslu skyrsins eru þeir áreiðanlega að fá margfalt til baka um þessar mundir. Áætlað er að salan í Finnlandi nemi 1.800 tonnum á þessu ári en aðeins 380 tonn koma frá Íslandi sem jafngildir ESB-kvótanum. Við komumst ekki yfir tollmúr ESB og verðum því að láta framleiða það í Danmörku með sérleyfi frá MS.

### Bændur taka áhættuna

Hagfræðiprófessorinn er enn að reikna út hvernig dæmið liti út ef Ísland fengi 4.000 tonna skyrkvóta til ESB-ríkja og fær það ekki til að ganga upp. Ég hef reynt að skýra það út að meðan framleiðslukvótar eru á mjólk muni falla til svokölluð umframmjólk í einhverum mæli vegna þess að bændur verða að gera ráð fyrir áföllum í sínum rekstri og framleiða meira en sem nemur kvótanum til þess að geta mætt þeim. Auk þess hafa þeir hvatt til meiri framleiðslu vegna þess að spurn eftir smjöri og ostum hefur náð nýjum og óvæntum hæðum innanlands. En bændur taka yfirleitt alla áhættuna af umframframleiðslunni og það fer alfarið eftir markaðsaðstæðum innanlands og erlendis hvað þeir fá fyrir hana. Þannig er umhverfið í dag og breytingar á því er önnur umræða.

### Hella niður hagfræði?

Smjör og rjómi selst allt innanlands, líka úr umframmjólkinni, en eftir situr próteinþátturinn sem neytendur í Finnlandi eru að sækjast eftir. Líka annarstaðar á Norðurlöndum því í heild jókst skyrsalan um 56% í fyrra og markaðurinn þar er orðinn tvisvar sinnum stærri en á Íslandi í magnsölu. Í þessu felast mikil sóknarfæri ef semdist um lægri tolla. Því verður áfram haldið að leita leiða til þess að framleiða á Íslandi skyr og flytja það út. Af því er bara ávinningur og hlýtur að vera betri kostur en að hella niður próteinríkum afurðum. Nema að hagfræðin segi annað!

### Prófessor í pólitískri orðræðu

Það liggur fyrir að prófessor er vísindamaður og talar sem slíkur aldrei eins og stjórnmálamaður eða trúboði. Vísindamaður rannsakar og staðreynir alla hluti áður en hann setur þá fram. Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur að undanförnu ítrekað rætt landbúnaðarmál. Stundum hvarflar að mér að hann sé í herför gegn landbúnaðinum, svo fjarri lagi hafa kenningar hans og fullyrðingar verið. Af hverju kostar það 400 milljónir að markaðssetja skyr, eins og prófessorinn fullyrðir? Á sama tíma skín hamingjan af Finnunum sem það gera og þeir segja að „skyrið markaðssetji sig sjálft".

# Salernisgjald og bílastæðagjald í stað náttúrupassa

FERÐAÞJÓNUSTA



Kári Jónasson
leiðsögumaður og fv. fréttastjóri

Þá er endanlega orðið ljóst að ekki verður af því að erlendir ferðamenn skuli kaupa náttúrupassa ef þeir hugsa sér að ferðast um landið.

Ragnheiður Elín ráðherra ferðamála hafði í haust gert sér vonir um að náttúrupassi yrði tekinn í notkun á sumarvertíð á þessu ári, en eftir að samráðshópur um passann var settur á laggirnar hafa komið upp margs konar sjónarmið varðandi passann. Á það bæði við um gildi hans, sölufyrirkomulag og kannski ekki síst hvernig eigi að útdeila þeim fjármunum sem kynnu að koma inn verði passinn að veruleika.

Þar eiga í hlut bæði opinberir aðilar, sveitarfélög, landeigendur, einstaklingar og fleiri sem hagsmuna hafa að gæta varðandi útgáfu væntanlegs passa. Samkvæmt mínum heimildum hafa komið fram í samstarfshópnum um undirbúning passans mjög mismunandi skoðanir um útdeilingu fjárins sérstaklega, og þar hafa fulltrúar ríkisins ekki verið neinir eftirbátar annarra í að krefjast ríkulegs hlutar af innkomunni fyrir passann.

### Hvernig skal bregðast við?

Á meðan beðið er kannski í allt að eitt ár eftir að passinn komist í umferð, eykst stöðugt straumur ferðamanna hingað til lands, og við leiðsögumenn höfum ekki síður en aðrir áhyggjur af umgengni á ferðamannstöðum. Margir okkar eru líka algjörlega á móti „skúravæðingu" við vinsæla ferðamannastaði.

Það er orðið of seint að hækka gistináttagjaldið svokallaða fyrir sumarvertíðina, en það hefði stjórnvöldum verið í lófa lagið á síðasta ári. Þá hefði að sjálfsögðu verið hægt að falla frá því að lækka virðisauka á gistingu, en með því hefði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fengið töluvert aukið fé. Stjórnvöld eru hins vegar ekki á þeim buxunum.

### Salernisgjald og bílastæðagjald

Þá fer maður að huga að öðrum og fljótvirkari leiðum, og í huga mér koma þá strax tvær tekjuöflunarleiðir á ferðamannastöðum sem hafa hingað til ekki verið nýttar mikið hér.

Það er þá í fyrsta lagi að staðir eins og Geysir innheimti salernisgjald eins og gert er víðast hvar í heiminum á ferðamannastöðum, áningarstöðum við hraðbrautir, á sumum veitingahúsum og verslunarmiðstöðvum. Við innganginn á salernunum á Geysi greiddu menn t.d. 200 krónur, fengju miða og gætu notað hálfvirði hans til að kaupa minjagripi eða veitingar. Þessari aðstöðu væri hægt að koma fyrir víða á viku og þá væri verið að greiða fyrir einhverja þjónustu.

Annar tekjumöguleiki sem ég sé er að ökumenn verði látnir greiða fyrir bílastæði á fjölmennum stöðum, rétt eins og fólk þarf að gera hér í Miðbænum, að ekki sé nú talað um Landspítalann við Hringbraut eða bráðadeildina í Fossvogi. Hvers vegna ekki við Hakið, Gullfoss og Geysi, Seljalandsfoss, Skógafoss eða Dimmuborgir svo dæmi séu nefnd.

**➜ Samkvæmt mínum heimildum hafa komið fram í samstarfshópnum um undirbúning passans mjög mismunandi skoðanir um útdeilingu fjárins sérstaklega, og þar hafa fulltrúar ríkisins ekki verið neinir eftirbátar annarra í að krefjast ríkulegs hlutar af innkomunni fyrir passann.**

### Miðamælir kostar um 1,7 milljónir

Á þessum stöðum þyrftu viðkomandi sveitarfélög að stofna bílastæðasjóð eins og í Reykjavík, og e.t.v. þyrfti að keyra í gegn lagabreytingu á Alþingi fyrir þinglok, ef ekki er lagagrundvöllur fyrir þessu utan borgarinnar.

Miðamælar eins og í Reykjavík kosta kannski 1,7 milljónir króna og þeir eru sjálfbærir þ.e. í þeim eru sólarsellur svo það þarf ekki að leggja að þeim rafmagn, bara að skella þeim niður, setja upp skilti, þjálfa fólk með hjálp Bílastæðasjóðs Reykjavíkur að reka mælana og sekta þá sem fara fram yfir.

Þarna mætti hugsa sér að bílar með hópferðaleyfi þyrftu ekki að greiða, rétt eins og íbúar og fatlaðir í borginni.

Nú þurfa sveitarstjórnarmenn á ýmsum stöðum að bretta upp ermar, og kannski gæti þetta og álag á gistingu sparað okkur að setja á stofn „Náttúrupassastofnun ríkisins", með öllu því sem slíkum stofnunum tilheyrir.


**Erasmus+**
**Mat á umsóknum**
Umsóknarfrestur **17. mars**

Rannís óskar eftir einstaklingum til að meta umsóknir í menntahluta Erasmus+ áætlunar ESB sem er ný styrkjaáætlun um menntun, æskulýðsstarf og íþróttir.

**Óskað er eftir einstaklingum sem hafa:**
- yfirgripsmikla þekkingu á íslensku menntakerfi
- skilning og þekkingu á stefnumiðum ESB um menntun
- reynslu af stjórnun innlendra og alþjóðlegra verkefna
- góða íslensku- og enskukunnáttu, sérstaklega í rituðu máli
- reynslu af því að meta verkefnisumsóknir
- skapandi huga og góða rökhugsun

Um er að ræða tímabundin verkefni í tengslum við umsóknarfresti Erasmus+.

**Aðeins um Erasmus+**
Erasmus+ er ný styrkjaáætlun Evrópusambandsins á sviði menntunar, æskulýðsstarfs og íþrótta sem gildir 2014-2020. Markmið Erasmus+ er að auka gæði og stuðla að samstarfi í menntun og þjálfun innan þeirra 33 Evrópulanda sem eiga aðild að áætluninni. Menntahluti Erasmus+ styrkir verkefni sem snúa að námi og þjálfun nemenda og starfsfólks og stór fjölþjóðleg samstarfsverkefni.

**Áhugasamir eru beðnir um að senda inn ferilskrá fyrir 17. mars á netfangið erasmusplus@rannis.is.**

Nánari upplýsingar á www.erasmusplus.is.
Ef einhverjar spurningar vakna, vinsamlegast setjið ykkur í samband við Margréti Sverrisdóttur, margret.sverrisdottir@rannis.is

Erasmus+ www.erasmusplus.is
rannís www.rannis.is
HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Meira um nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa

HEILBRIGÐISMÁL



Hulda M. Eggertsdóttir
áfengis- og vímuefnaráðgjafi CAC hjá SÁÁ-sjúkrastofnunum

Ráð Rótarinnar skrifar grein í Fréttablaðið 14. febrúar 2014 sem svar við grein sem birt var 6. febrúar 2014 í sama blaði um nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Mig langar að benda á grein mína á saa.is sem birtist í Morgunblaðinu 1. febrúar 2014 þar sem er farið ofan í hvernig náminu er háttað. Þegar ráðgjafarnemar hafa lokið kynningarviku og eru ráðnir í starfsnámið þá fá þeir afhent mjög ítarlegt hefti um hvernig starfsnáminu er háttað. Strax í byrjun eru markmið um hvað þarf að læra og ná færni í. Viðkomandi er með leiðbeinenda sem kennir, sýnir og hjálpar nemanum. Ráðgjafastarfið hefur þróast og er ungt fag innan heilbrigðisstéttarinnar. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar fengu löggildingu frá landlækni 2006 eftir mikla baráttu. Enn er fólk að kalla sig áfengis-og fíkniráðgjafa og öðrum eins nöfnum en hafa ekki löggildingu og starfa því ekki undir landlækni. Það er eins og fólk má kalla sig galdralækni en lög um heilbrigðistarfsmenn ná ekki yfir galdralækna eins og heimilislækna. Ýkt dæmi.

Í byrjun var þetta áhugasamt fólk sem flest hafði einhverja reynslu sjálft af áfengis- og vímuefnavanda og vildi hjálpa alkóhólistum. SÁÁ eru grasrótarsamtök sem voru stofnuð af svoleiðis fólki. Síðustu 37 árin hefur meðferðin þróast, vísindum hefur fleygt fram. Það sem áður voru tilgátur er hægt að sjá á mynd af heilanum. Hugmyndafræði og meðferðarvinnu hefur fleygt fram í heiminum og við gerum meiri kröfur um þekkingu og menntun okkar fólks.

Það er ekki rétt að allir ráðgjafar séu alkóhólistar og meðferðin sé byggð á AA. Við kynnum og tölum vel um AA-samtökin í meðferðinni þó að AA séu sjálfshjálparsamtök því reynsla og rannsóknir hafa sýnt að með því að fara í fulla meðferð og svo inn í AA þá næst betri árangur. Það er ætlast til þess af SÁÁ að þeir sem vinna hjá stofnuninni og hafa átt við þennan sjúkdóm að stríða sinni sínum bata og stundi AA-fundi. Sumir ráðgjafar eru ekki alkóhólistar. Þeir þurfa ekki að stunda neina fundi en það er mikilvægt að þeir kynni sér þessi sjálfshjálparsamtök svo þeir viti eitthvað um þau.

### Starfsnámið

Mig langar aðeins að útskýra hvernig starfsnám virkar til að útskýra námið okkar. Til þess að fá löggildingu þarf 300 fræðslutíma, 200 handleiðslutíma, að standast þrjú próf með einkunnina 7 um meðferðarhugmyndir, viðtalatækni, afeitrun og lyfjafræði, og 6.000 klst. inni á meðferðarstofnum sem samsvarar þremur árum. Þó svo að fræðslutímarnir séu 300 fyrirlestrar að lágmarki um fagið þá er miklu meira á bak við þetta. Þegar maður lærir annað starfsnám eins og til dæmis háriðn þá er búið að flokka niður í bóklegt í skóla og verklegt. Í bóklega hlutanum sem fer fram inni í skóla eins og Tækniskólanum þá er samt sem áður lítill hluti námsins kenndur upp úr bókum. Nemendur klippa, greiða, setja permanent og æfa sig undir handleiðslu kennara. Það er eins með þetta nám.

Við viljum að þetta nám sé á háskólastigi, við teljum okkur vera að læra þetta með þann metnað fyrir augum. Ég tel að við höfum fengið þjálfun í okkar starfsnámi í viðtalstækni og þekkingu um alkóhólisma sem aðrir heilbrigðisstarfsmenn fá ekki í háskólum, eftir ákveðnum viðurkenndum hugmyndum eins og „motivational interviewing". Í raun ætti SÁÁ-skólinn að setja upp kúrsa sem kenna læknum, hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjöfum, sálfræðingum og fleira háskólamenntuðu fólki þessa þætti, viðtalstækni og þekkingu á alkóhólisma. Við viljum fá viðurkenningu á starfi okkar, þekkingu og færni á þann máta. Ég skil ekki hvatann til að gera lítið úr öllu sem við höfum náð í gegn og erum að gera.

**➜ Það er ætlast til þess af SÁÁ að þeir sem vinna hjá stofnuninni og hafa átt við þennan sjúkdóm að stríða sinni sínum bata og stundi AA-fundi. Sumir ráðgjafar eru ekki alkóhólistar. Þeir þurfa ekki að stunda neina fundi en það er mikilvægt að þeir kynni sér þessi sjálfshjálparsamtök svo þeir viti eitthvað um þau.**

# VELKOMIN Í THE PIER

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME



Púðar frá 1.990

3 fyrir 2

Ný sending



Stóll 64.900

Stóll 59.900



25%

**Borð 127.425** (áður 169.900)
**Stóll 11.993** (áður 15.990)



Ljós **7.990**




Hjörtu frá **590**

Mikið úrval af servíettum



Kertaskraut frá **790**



Bakkar frá **3.490**



Mikið úrval af glösum frá **590**



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBÍA.IS

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



†

Ástkær eiginmaður minn, yndislegi pabbi okkar, sonur, bróðir, mágur og vinur,

**TEITUR BIRGISSON**

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu, Stóragerði 14, Akureyri, að kvöldi 1. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. mars kl. 13.30.

**Ruth Viðarsdóttir**
**Andri Leó Teitsson** **Birta María Guðmundsdóttir**
**Almar Teitsson**
**Telma Rut Teitsdóttir**
**Alma K. Möller** **Birgir Björn Svavarsson**
**Eygló Birgisdóttir** **Hjörtur Sigurðsson**
**Gígja Birgisdóttir** **Jerome Wigny**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**MATTHÍAS BJARNASON**
**fyrrv. alþingismaður og ráðherra, Lómasölum 16, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 28. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Auður Matthíasdóttir** **Kristinn Vilhelmsson**
**Hinrik Matthíasson** **Steinunn Ósk Óskarsdóttir**
**Matthías Kristinsson** **Liv Anna Gunnell**
**Matthías Hinriksson** **Kristín Dögg Guðmundsdóttir**
**Sigrún Hanna Hinriksdóttir** **Kenneth Kure Hansen**
**Kristín Petrína Hinriksdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS VILLI VILHJÁLMSSON**

sem lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, föstudaginn 28. febrúar, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju mánudaginn 10. mars kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Benedikt Magnússon** **Bryndís Ólafsdóttir**
**Jóhann Magnússon** **Ingunn Jónsdóttir**
**Guðrún Magnúsdóttir** **Gauti Halldórsson**
**Vilhjálmur Magnússon** **Ólöf Helga Þorvaldsdóttir Linnet**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN PÁLÍNA GÍSLADÓTTIR**
**Hólabergi 84,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar 19. febrúar sl. á líknardeild LHS í Kópavogi. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til starfsmanna Karitas heimahjúkrunar og líknardeildar LHS í Kópavogi í veikindum hennar. Sérstakar þakkir til séra Guðlaugar Helgu Ásgeirsdóttur.

**Eyþór Sölvi Jónsson**
**Kjartan Eyþórsson**
**Kolbrún Eyþórsdóttir**
**Hanna María Eyþórsdóttir**
**Svanur Þór Eyþórsson**
**tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, og langalangamma,

**SIGRÍÐUR JENSDÓTTIR**
**frá Kalastöðum,**

lést á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, þann 23. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Höfða fyrir góða umönnun og umhyggju. Þökkum auðsýnda samúð.

**Ásgerður Ásta Magnúsdóttir** **Ólafur Magnússon**
**Þorbjörg Unnur Magnúsdóttir** **Karl Sigurðsson**
**Þorvaldur Ingi Magnússon** **Brynja Þorbjörnsdóttir**
**Soffía Sóley Magnúsdóttir** **Kristinn L. Aðalbjörnsson**
**Ásta Jenný Magnúsdóttir** **Jón Haukur Hauksson**
**ömmubörn og fjölskyldur.**

**ÞETTA GERÐIST** 6. MARS 2010

## Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan á Íslandi

Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan á Íslandi frá stofnun lýðveldis fór fram þennan dag árið 2010. Þá var kosið um svonefnd Icesave-lög, sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hafði synjað staðfestingar. Samningurinn var felldur með miklum meirihluta í kosningunum.

Við atkvæðagreiðsluna voru alls 229.926 á kjörskrá eða 72,3 prósent landsmanna. Af þeim greiddu 144.231 atkvæði eða 62,7 prósent kjósenda. Kosningaþátttaka karla og kvenna var mjög svipuð, eða 62,9 prósent hjá körlum og 62,6 prósent hjá konum.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni voru greidd atkvæði um það hvort lög nr. 1/2010 ættu að halda gildi sínu eða falla úr gildi. Úrslit kosninganna urðu þau að gild atkvæði voru 136.991, auðir seðlar 6.744 og aðrir ógildir seðlar 496. Gild atkvæði féllu þannig að já sögðu 2.599 kjósendur eða 1,9 prósent en nei sögðu 134.392 eða 98,1 prósent. Lög nr. 1/2010 voru þar með felld úr gildi.

Icesave var vörumerki innlánsreikninga á netinu sem Landsbanki Íslands bauð í Bretlandi og í Hollandi. Þessi þjónusta stóð viðskiptavinum í þessum löndum til boða þar til í október 2008, þegar íslenska bankakerfið hrundi í kjölfar efnahagslegrar lægðar sem




staðið hafði frá byrjun árs. Alls voru viðskiptavinir þessarar þjónustu um 350 þúsund talsins, nokkru fleiri en íslenska þjóðin. Við fall Landsbankans urðu reikningarnir óaðgengilegir en stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi tóku þá ákvörðun að greiða innstæðueigendum upp að þeim mörkum sem þau höfðu áður ábyrgst vegna þarlendra banka.

Í kjölfarið þróaðist milliríkjadeila á milli Íslands annars vegar og Bretlands og Hollands hins vegar um það hvort og þá að hvaða marki Ísland bæri ábyrgð á reikningunum og því einnig ábyrgð á endurgreiðslu til Bretlands og Hollands.

Þegar ljóst var að samningaleiðin var fullreynd hóf eftirlitsstofnun EFTA undirbúning málsóknar fyrir EFTA-dómstólnum vegna meintra brota Íslands á skyldum sínum samkvæmt samningi um evrópska efnahagssvæðið. Dómur féll 28. janúar 2013 með því að Ísland var sýknað af öllum liðum málsins.



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**TRAUSTA JÓNSSONAR**
**Þjóðbraut 1, Akranesi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sjúkrahúss Akraness fyrir ómetanlegan stuðning, umhyggju og kærleika í veikindum hans.

**Elínborg Kristjánsdóttir og fjölskylda.**



†

**INGIBJÖRG TÓMASDÓTTIR**
**Kópavogsbraut 1A í Kópavogi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 1. mars sl. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Birna Bjarnadóttir** **Haukur Ingibergsson**
**Hildur Halldóra Bjarnadóttir** **Þórður Elefsen**
**Bjarni Tómas Jónsson** **Lilja B. Arnardóttir**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**KARL EIRÍKSSON**
**fv. forstjóri,**

lést fimmtudaginn 20. febrúar sl. Jarðarför mun fara fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík 7. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálp eða Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Eiríkur Karlsson** **Ragnheiður Pétursdóttir**
**Þóra Karlsdóttir**
**Bergrós Hauksdóttir**
**Fjóla Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR OLIVERSDÓTTIR**
**frá Hellissandi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi miðvikudaginn 26. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. mars nk. kl. 13.00.

**Lovísa Árnadóttir** **Viðar Pétursson**
**Finnur Árnason** **Anna María Urbancic**
**Ingibjörg Árnadóttir** **Jónas Þór Guðmundsson**
**Sigríður Erla, Pétur, Davíð, Finnur Árni, Árni Grétar, Ebba Katrín, Oliver Páll, Viktor Pétur, Guðmundur Már, Lovísa Margrét, Stefán Árni og Viðar Breki.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA HULDA JÓNSDÓTTIR**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 2. mars sl., verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju mánudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Jóhannes Kristinsson**
**Kristinn Jóhannesson** **Brynja Pála Helgadóttir**
**Steingrímur Jóhannesson**
**Sóldís Dröfn Kristinsdóttir** **Fanney Rán Arnarsdóttir**
**Kristinn Andri Kristinsson** **Jóhannes Smári Kristinsson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**HERVÖR HÓLMJÁRN**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 2. mars. Útförin fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Líf styrktarfélag, s. 696 4600.

**Hildur Helgadóttir, Hörður Helgi Helgason, Elsa Björk Valsdóttir, Eva Bjarnadóttir, Styrmir Goðason, Snorri Örn Arnarson, Helga Harðardóttir, Bragi Styrmisson og bræður hinnar látnu.**



†

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**ÓLÖF COOPER**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 26. febrúar 2014. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. mars 2014 kl. 13.00.

**Gylfi Einarsson**
**Margrét Björnsdóttir**
**Konráð Gylfason** **Anna María Harðardóttir**
**Margrét Gylfadóttir** **Ólafur Sveinsson**
**og barnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEINUNN ÞÓRLEIFSDÓTTIR**
**Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ, frá Efri-Hólum í Núpasveit,**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar að morgni sunnudagsins 2. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hún verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. mars kl. 13.00.

**Hulda Bjarnadóttir** **Jóhann Geirdal**
**Guðjón Þórhallsson** **Guðveig Sigurðardóttir**
**Lárus B. Þórhallsson** **Hrönn Gestsdóttir**
**Magnea Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ Á KEX HOSTELI

**Þjóðlagatónlistarhátíðin Reykjavík Folk Festival hefst í dag og stendur um helgina. Tónleikar verða á Kex hosteli. Margir þekktir tónlistarmenn koma fram á hátíðinni, meðal annarra Bubba Morthens, KK, Bjartmar Guðlaugsson og Snorra Helgason svo fáeinir séu nefndir. Nánar um hátíðina á folkfestival.is.**




FLOTT FERMINGARGJÖF
fyrir stelpur og stráka
BORÐLAMPAR
Margar stærðir og gerðir
Verð frá kr. 9500.-
NÝTT
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





# BÓLURNAR BURT!

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura Antiac húðvörur eru 100% náttúrulegt meðferðarúrræði sem getur veitt langvarandi bata við bólum, fílapenslum, stífluðum fitukirtlum og óhreinni húð. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

Salcura Antiac Active Liquid Spray inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem hreinsar húðina innan frá og út. Spreyið fer djúpt inn í húðina, kemur jafnvægi á fituframleiðslu húðarinnar og stuðlar að hreinsun hennar.

Hormónabreytingar eru aðalorsakir þess að við fáum bólur. Þær gera það að verkum að fitukirtlarnir framleiða of mikið af húðfitu sem blandast við dauðar húðfrumur og myndar massa sem stíflar svitaholurnar.

Allar vörur í húðlínu Salcura Antiac innihalda aðeins náttúrulegar olíur, vítamín og steinefni til að hreinsa, róa og sótthreinsa húðina.

**Antiac Activ Gel Serum** notast beint á bóluna. Öflug innihaldsefnin minnka bólgu og sýkingu. Sjáanlegur munur á bólunni á innan við 4 klst.

**Antiac andlitshreinsir** ph hlutlaus djúphreinsandi andlitshreinsir. Hentar öllum húðgerðum.

**Antiac Daily Face Wipes** djúphreinsandi hreinsiklútar. Hentar öllum húðgerðum. Tilvalið í íþróttatöskuna eða í ferðalagið.

**VIRKU INNIHALDSEFNIN ERU:**

Tea Tree olía sem er einstaklega bakteríudrepandi og eyðir sýkingum fljótt, Manuka olía, einstaklega græðandi, Sea Buckthorn- og Eucalyptus olía ásamt Aloe Vera sem draga úr bólgu og róa húðina.

**Allar vörurnar eru ÁN:**

- Parabena
- Benzoyl Peroxíðs
- Sýklalyfja
- Ætandi efna

**ÚTSÖLUSTAÐIR**

Lyf og heilsa, Lyfja, Garðsapótek, Lyfsalinn, Lyfjaver, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Garðabæjar, Árbæjarapótek, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Heilsuver, Heilsutorgið Blómavali. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.



**FYRIR ÞÁ SEM ÞJÁST AF:**

Bólum
Fílapenslum
Kýlum
Óhreinni húð


GLÆSILEG VORDRESS



Skoðið laxdal.is /london-porto-bilbao
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422
Vertu vinur á Facebook

Vertu vinur okkar á Facebook
Frábært buxnaúrval!
GERKE - GARDEUR - LINDON - ELINETTE - TUZZI
Gallabuxur - stretchbuxur - sparibuxur
Stærðir 36-52 • Þrjár síddir
Verð frá 9.980
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Kíktu á www.reverie.com
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Frábært tilboð
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-
Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



MARINA RINALDI
persona
BASLER
Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770


Flott vesti
( pleður )
Str. 40-56/58
Litir:
svart, rautt, blátt,
ljósbrúnt, perlugrátt
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


Magic fit!
Mikið stretch - háar í mittið
Stærð 34 - 50
Litur kakísvart og -blátt.
Verð 14.900 kr.
Litur gallablátt.
Verð 15.900 kr.
Sendum út á land og ef flíkin passar ekki þá endurgreiðum við.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516




**DANSARAR** Nanna Ósk Jónsdóttir hefur frá stofnun DanceCenter Reykjavík fengið fjölmarga af danshöfundum Justins Timberlake til gestakennslu í skólanum. Hér er hún ásamt dóttur sinni, Maríu Kristínu L. Jónsdóttur, 6 ára. MYND/DANÍEL

# FETAÐ Í DANSSPOR TIMBERLAKES

**DANSTÍSKA** *Þegar sumri hallar lofar poppgoðið Justin Timberlake þokkafullum mjaðmahnykkjum og seiðandi danstöktum í Kórnum. Til að taka snúning með Justin gefst Íslendingum heillandi tækifæri á að læra sporin hans.*

Justin Timberlake er dansari af Guðs náð og ein fárra stórstjarna með meðfædda danshæfileika á við Michael Jackson," segir Nanna Ósk Jónsdóttir, danskennari og eigandi dansskólans DanceCenter Reykjavík.

Skólinn hefur frá upphafi haft dansstíl Timberlakes í öndvegi.

„Blæbrigði DanceCenter eru öll í anda Timberlakes og frá fyrstu tíð höfum við fengið danshöfunda Justins til að kenna við skólann," segir Nanna og nefnir sem dæmi danshöfundana Darrin Henson og Dan Karaty sem einnig sat í dómarasæti í dansþættinum So You Think You Can Dance?

„Sem dansari er Justin undir miklum áhrifum frá Michael Jackson og sækir sér innblástur þangað. Michael þróaði sinn eigin dansstíl sem margar poppstjörnur hafa tileinkað sér síðan en dansstíll Justins er líka blandaður hipp hopp-áhrifum og götudansi frá New York."

Nanna Ósk segir fáa vita að Timberlake hafi ætlað sér að gerast dansari að atvinnu hefði hann ekki slegið í gegn sem tónlistarmaður.

„Öll up-beat-lög Justins (með hraðari takti) eru mjög dansvæn og samin með það í huga að fólk skelli sér á dansgólfið og fái útrás. Lagasmíðarnar eru kraftmiklar, fela í sér dansvæna stemningu og ekki spillir fyrir að textarnir eru innihaldsríkir og sungnir af frábærri rödd Justins," segir Nanna Ósk, sem búin er að tryggja sér miða á tónleikana sem fram fara í íþróttahöllinni Kórnum að kvöldi 24. ágúst í sumar.

„Það er alkunna að tónleikagestir taka sporið á tónleikum Justins Timberlake og ekki hægt annað en að verða fyrir áhrifum og dilla sér með stórstjörnunni. Hægt er að læra flóknari útgáfu af dönsum Justins, sem er meira fyrir þá sem hafa eitthvað stundað dans áður, en einnig er hægt að tileinka sér sáraeinföld spor fyrir þá sem vilja tileinka sér „svægið", svona helstu mjaðmahnykki og danstakta Justins."

Í tilefni komu Justins Timberlake, einnar stærstu poppstjörnu veraldar, mun DanceCenter Reykjavík hita rækilega upp fyrir tónleikana með fjögurra vikna námskeiði í anda goðsins.

„Á námskeiðinu verður létt yfirbragð og partístemning í anda Justins Timberlake og dansgleðin í fyrirrúmi. Danskennarar skólans, Júlí, Nína og ég sjálf, eru vel inni í dansbakgrunni poppstjörnunnar og kenna sjóðheitar rútínur fyrir 16 ára og eldri og svo yngri hópa. Það eina sem þarf að gera er að hnýta á sig strigaskóna og mæta í partíið," segir Nanna Ósk, full tilhlökkunar.

„Við ætlum að skemmta okkur vel með þeim vinahópum sem ætla á tónleikana en einnig hverjum þeim sem vill læra að dansa í anda Justins Timberlake. Við förum hægt í danssporin til að byrja með en færum okkur svo yfir í flóknari dansspor fyrir þá sem vilja og skiptum í hópa eftir getustigi."

Fyrsta námskeið hefst 11. mars og námskeiðum verður bætt við eftir þörfum. Skráning fer fram á dancecenter.is og upplýsingar um námskeiðið er að finna á Facebook undir dancecenter.reykjavik. Einnig er hægt að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is og fá nánari upplýsingar í síma 7773658 hjá DanceCenter Reykjavík.

■ thordis@365.is



**DANSFÍFL** Justin Timberlake hlaut danshæfileikana í vöggugjöf og segist örugglega hafa gert dans að ævistarfi hefði hann ekki slegið í gegn sem tónlistarmaður.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# Settu þér alvöru markmið strax í dag!

Þyngd -13,2 Kíló
Verð 119.990Kr



## Cube LTD CLS
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -13,2 Kíló
Verð 119.990Kr



## Cube LTD CLS LADY
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 109.990Kr



## Cube Aim pro 29
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 149.990Kr



## Cube Aim SL 29
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,5 Kíló
Verð 279.990Kr



## Cube Cross Race
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,1 Kíló
Verð 219.990Kr



## Cube Peloton 3-fach
Þýsk gæði á góðu verði!

## CUBE 2014

CUBE barnahjólin
eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.



## 15 - 35% afsláttur
af árgerðum 2012 & 2013

## CUBE 2014

CUBE barnahjólin
eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.

- Cube / Craft / Louis Garneau / Brooks / Compresssport -

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 15:00




# STÓRAR OG LITRÍKAR TÖSKUR Í HAUST

**TÖSKUTÍSKA** *Á tískuvikunni í París voru mörg módelin með stórar og litríkar töskur sem fylgihluti. Það er því óhætt að geyma stóru töskurnar sem verið hafa í tísku undanfarið því þær verða áfram næsta haust og vetur. Samkvæmt tískusýningum liðinnar helgi á ekki að láta töskurnar sveiflast á öxlunum heldur bera þær í fanginu eða halda í haldföng þeirra.*


GUL OG GLAÐLEG FRÁ KENZO


MJÚK OG MEÐFÆRILEG FRÁ DRIES VAN NOTEN


GIAMBATTISTA VALLI GERÐI ÞESSA DÖMULEGU TÖSKU


TASKA FRÁ AKRIS SEM ER TILVALIN ÞEGAR FARA Á EITTHVAÐ FÍNT

# KÆRI NEMANDI Í 10. BEKK!

**ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA KYNNIR** *Nú stendur þú frammi fyrir þeirri spennandi ákvörðun sem val á námi að loknum grunnskóla er. Framtíðin er þín. Kannski ertu búinn að ákveða hvert þú stefnir. Líklegra er þó að þú sért ekki alveg viss enda um ótal leiðir að velja. Helga Helgadóttir bendir nemendum á að taka sjálfstæða og upplýsta ákvörðun.*

Foreldrar, vinir, kennarar og aðrar fyrirmyndir eru líklegar til að hafa áhrif á námsval ungs fólks og er það vel. Gættu þess þó að fylgja ekki straumnum án þess að hafa neitt um það að segja sjálfur hvar þig ber niður. Kynntu þér vel þá valkosti sem eru fyrir hendi. Ekki hræðast það að vera frumlegur og fara ótroðnar slóðir. Í samfélagi okkar eru staðalmyndir um hlutverk kynjanna rótgrónar. Þegar kemur að því að velja náms- eða starfsvettvang hafa möguleikar okkar að sumu leyti verið takmarkaðir vegna þessara viðmiða. Hafðu það hugfast þegar þú velur þér nám að láta ekki staðalmyndirnar flækjast fyrir þér. Sjálfsþekking er grunnurinn sem við byggjum á. Ef góð sjálfsþekking er til staðar eru meiri líkur á að við finnum farveg sem gerir okkur hamingjusöm. Skoðaðu vel hvað það er sem veitir þér ánægju.

Eitt meginhlutverk náms- og starfsráðgjafar er að aðstoða einstaklinga við að uppgötva styrkleika sína, færni og áhuga til að auðvelda þeim að ákveða stefnu í námi og/eða á vinnumarkaði. Ef þú ert óviss varðandi framhaldið ættirðu að leita aðstoðar náms- og starfsráðgjafa sem hefur sérþekkingu á þessu sviði og getur leiðbeint þér. Gangi þér vel með framhaldið og umfram allt skaltu muna að standa með sjálfum þér og velja samkvæmt áhuga þínum og gildismati.


**ÁRÍÐANDI** Helga segir að áríðandi sé að velja sér nám við hæfi.




# ALLTAF GLÆSILEG

Breska leikkonan Helen Mirren vekur gjarnan athygli hvar sem hún kemur fyrir fágaða framkomu og glæsilegan fatastíl. Síðast vakti hún mikla athygli þegar hún tók á móti heiðursverðlaunum úr höndum Vilhjálms Bretaprins á BAFTA-verðlaunahátíðinni í febrúar. Þessi margverðlaunaða leikkona, sem verður 69 ára á árinu, geislaði á hátíðinni. Helen hlaut Óskarsverðlaun árið 2007 fyrir bestan leik í aðalhlutverki fyrir leik sinn í The Queen en prinsinn nefndi einmitt að hann ætti kannski bara að kalla leikkonuna „ömmu“ auk þess sem hann hrósaði henni fyrir framúrskarandi hæfileika. Án efa er Helen ein virtasta leikkona Breta.

Það sem vakti einnig athygli var að Helen mætti í fallegum síðkjól sem hannaður var af Jacues Azagury en hann hannaði einnig marga fallega kjóla fyrir Díönu prinsessu á sínum tíma. Azagury hefur hannað fyrir margar Hollywoodstjörnur. Tískulöggur eru sammála um að Helen sé ævinlega fallega klædd og þar að auki alltaf glaðleg.


**FRÆGUR HÖNNUÐUR** Kjóllinn er eftir Jacues Azagury sem hannaði fyrir Díönu prinsessu á sínum tíma.

**FRÆGUR KJÓLL** Þessi kjóll er frá Dolce & Gabbana en fleiri þekktar konur hafa sést í sams konar kjól.

# VORSPRENGJA

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

# 30%



AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

6.–9. MARS

COSMO

Kringlunni








**SKRAUTLEGUR HÓPUR** „Á sambandsmóti á ég oft í kringum 18 búninga. Það er sérstaklega gaman að fylgjast með keppninni."
MYND/ÚR EINKASAFNI

# TÓLF HUNDRUÐ SWAROVSKI-STEINAR

***SKAUTABÚNINGAR** Kristín Þöll Þórsdóttir klæðskeri hefur saumað marga af þeim skautabúningum sem sjást í keppni hér á landi. Dætur hennar æfa og keppa með Skautafélagi Akureyrar og aðstoða gjarnan við búningahönnunina.*

Ég hef sennilega saumað hátt í 60 búninga, fyrir ýmis félög. Á sambandsmóti á ég oft í kringum 18 búninga. Það er sérstaklega gaman að fylgjast með keppninni," segir Kristín Þöll Þórsdóttir, klæðskeri á Akureyri og höfundur margra búninga sem íslenskar skautadrottningar klæðast á ísnum. Tvær dætur Kristínar, Hrafnhildur Ósk og Kolfinna Ýr, æfa og keppa á skautum með Skautafélagi Akureyrar og hefur Kristín Þöll saumað búningana á þær. Hún segir saumaskapinn á skautabúningum ólíkan öðru.

„Sá fyrsti var kannski ekki beysinn hjá mér en ég hef lært mikið á þessum átta árum. Þetta er allt önnur sniðagerð og ég þurfti að fá tilfinninguna fyrir þessu þó ég sé menntuð í klæðskurði. Þær eru að fetta sig og bretta á ísnum, stökkva og snúast í hringi og búningurinn þarf að falla rétt. Saumaskapurinn getur líka verið snúinn ef búningarnir eru mikið skreyttir. Oft þarf ég að renna þeim saman, láta máta og koma því öllu á rétta staði, taka það svo sundur og byrja að skreyta og setja svo allt saman aftur. Þetta er mjög skemmtileg vinna og ég reyni að toppa sjálfa mig með hverjum búningi," segir Kristín Þöll sposk og bætir við að oft séu búningarnir mjög skrautlegir.

„Ætli ég sé ekki að nota um það bil tólf hundruð Swarovski-steina á einn búning. Hrafnhildur Ósk er á listnámsbraut í VMA og teiknar oft fyrir mig munstrin. Búningurinn þarf að ganga upp í samspili við tónlistina og prógrammið sjálft. Það þýðir ekkert að vera í trúðabúningi við dramatískt lag. Þetta er góð samvinna hjá okkur."

Kristín Þöll er með vinnustofu í Listagili á Akureyri og einnig er hún verslunarstjóri í Vogue. „Ég er nær eingöngu með sérsaum, skautakjóla, fermingar- og brúðarkjóla.

■ heida@365.is



**ÖÐRUVÍSI SNÍÐAGERÐ** Kristín Þöll Þórsdóttir, klæðskeri og verslunarstjóri í Vogue á Akureyri, hefur saumað marga af þeim skautabúningum sem íslenskar skautadrottningar klæðast á ísnum.
MYND/GVA







## HELGAR SIG RULLUNNI

*Jared Leto sagði hápunkt Óskarsverðlaunahátíðarinnar vera þegar mamma hans dansaði við Madonnu.*

Jared Leto er leikari sem margir hafa fylgst með gegnum árin en hann varð fyrst frægur fyrir að leika hjartaknúsarann Jordan Catalano í vinsælu sjónvarpsþáttaröðinni My So-Called Life sem leikkonan Claire Danes lék aðalhlutverkið í. Eftir að Leto hlaut Óskarsverðlaunin um nýliðna helgi vita hins vegar mun fleiri en áður hver hann er. Verðlaunin hlaut hann fyrir aukahlutverk í kvikmyndinni Dallas Buyers Club þar sem hann túlkaði konu í karllíkama.

Leto er þekktur fyrir að lifa sig inn í þau hlutverk sem hann tekur að sér og helga sig þeim algjörlega meðan á upptökum stendur. Hann létti sig um fimmtán kíló fyrir hlutverkið í Dallas Buyers Club og segir þá upplifun mjög gagnlega. „Að léttast svona breytir því hvernig þú hugsar, hvernig þú andar, hvernig þér líður og því hvernig fólk kemur fram við þig. Þannig setur maður sjálfum sér ákveðið markmið þar sem maður segir: Ókei, ég er búinn að gera þetta þannig að nú verð ég að gera allt annað vel líka."


JARED LETO

Þakkarræða Jareds á Óskarnum vakti athygli og sérstaklega það að hann lýsti yfir stuðningi við mótmælendur í Úkraínu og Venesúela. Daginn eftir verðlaunahátíðina mætti hann svo í spjallþátt Ellenar DeGeneres þar sem hann meðal annars slúðraði um fræga fólkið í Hollywood og sagði að hápunktur kvöldsins hefði verið að sjá mömmu sína, sem fylgdi honum á Óskarinn, dansa við Madonnu í eftirpartíinu.

# UPPREIMAÐIR STRIGASKÓR HJÁ CHANEL

Chanel heldur áfram að sýna strigaskó í margs konar útfærslum á sýningum sínum fyrir haust og vetur 2014–2015. Í þetta skiptið eru það hnéháir uppreimaðir strigaskór, líkt og stígvél. Á þriðjudag var Chanel með sýningu í Grand Palais í París og þar mátti sjá margt frægt fólk eins og Rihönnu og Keiru Knightley sem báðar voru klæddar í Chanel-fatnað frá toppi til táar. Á tískuvikunni í janúar voru allar fyrirsætur frá Chanel í skrautlegum strigaskóm en nú hafa þeir breyst í stígvél.

Strigastígvélin eru bæði í ólíkum litum og efnum, sum úr týpískum Chanel-efnum. Þarna mátti sjá bleik stígvél, græn, grá, svört og vínrauð. Við stígvélin voru hnésíð pils og dragsíðar kápur.

Karl Lagerfeld leggur áherslu á þægilega skó, líkt og fyrirrennari hans, Coco Chanel, gerði. Þægilegheit fyrir nútímakonur sem alltaf eru á fullu.



**NÝJU SKÓRNIR FRÁ CHANEL**
Svolítið öðruvísi strigaskór en þeir verða í mörgum litum næsta haust hjá Chanel.



## Draumavaralitur úr vaxlitum barna

**Það eru eflaust einhverjir sem trúa því ekki en ein besta leiðin til að uppfæra varalitasafnið eða jafnvel bæta við það er að búa til eigin varaliti úr vaxlitum.**

**Það er mjög einföld og um leið sniðug aðferð til að endurnýta gamla liti sem börnin eru hætt að nota. Þetta hljómar ef til vill eitthvað skringilega í eyrum sumra en í flestum varalitum eru alls kyns aukaefni sem eru ekki í vaxlitum. Þeir eru búnir til fyrir börn og eru eiturefnafríir. Með því að búa til eigin varaliti eru öll innihaldsefni þekkt og auk þess er auðvelt að stjórna því hvaða litur verður til.**

**Það sem þarf í varalitargerðina er einn vaxlitur (eða blanda af fleirum en þá þarf magnið að jafngilda einum lit), ein teskeið af kókosolíu og lítil krukka með loki. Einnig má bæta í þetta til dæmis glimmeri eða bragðefnum eins og vanillu eða möndlu.**

**Liturinn og olían eru brædd saman yfir vatnsbaði á vægum hita. Ef glimmer eða bragðefni eru notuð er þeim líka bætt út í. Þegar allt hefur blandast vel saman er litnum hellt í krukkuna og hann látinn kólna.**

**Svo er hægt að leika sér endalaust með liti og áferð. Ef liturinn er of þurr má blanda meiri olíu við hann og öfugt ef hann er of glansandi. Nú er bara um að gera að leita að gömlu litunum og skella í draumavaralitinn.**

## UNDIRSTRIKAR GRANNT MITTIÐ

**NÝTT TREND? Leikkonan Keira Knightley vakti mikla athygli þegar hún mætti á Chanel-tískusýninguna á tískuvikunni í París á þriðjudag í fötum sem undirstrikuðu ótrúlega grannt mitti hennar. Keira var klædd í hvítt pils og víðan topp í stíl. Undir var hún í níðþröngum svörtum aðhaldsbol sem glitti í á milli. Hann sýndi örmjótt mittið sem virkaði enn mjórra á móti víðum efri og neðri parti.**

**Leikkonan hefur ætíð verið grannvaxin og sjálfsagt hefur ekkert breyst hvað það snertir en hér gengur hún skrefi lengra í að undirstrika vöxtinn.**





## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



BÁTUR Valiant 570. Árgerð -1, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.133748. uppl síma 517-1111

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**NETBÍLAR**
**www.netbilar.is**



**GOTT VERÐ !**
BMW X5 . 12.2006, ekinn 148 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 2.990.000. Mjög vel búinn bíll Rnr.108248. Netbílar 5885300 Hlíðarsmára 2 kópavogi Bíllinn er á staðnum

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**MB bílar**



VW Tiguan Sport & Style árgerð 2011 Ekinn 29 þkm, dísel sjálfskiptur Verð 5.290.



Ford Fiesta Trend árgerð árgerð 2010 Ekinn 95 þkm, bensín beinskiptur Verð 1.250.000



Skoda Octavia Combi 4x4 ágerð 2013 Ekinn 35 þkm, dísel sjálfskiptur Verð 4.790.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Auris 1.4 sol dísel. Árgerð 2008, ekinn 105 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.160705.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 136 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140046.



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 53 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140789. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**bílaplan.is**



**ÚTSALA ÚTSALA**
SKODA OKTAVIA árg. 2008 ek. 149 þkm. 5 gíra, álfelgur, ný tímareim ofl. áhvílandi 1290 Þús afb. 25 þús, tilboðsverð 1290 þús. Rnr 147388 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**ÍSBAND.IS**
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER SOFA BED**
ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 4 stk í boði, Verð 2.690.000kr og 2 stk M/Geymslukassa 2.890.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

**abill.is**
NETBÍLASALA



LAND ROVER Discovery 3 s. Árgerð 2009, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskipturflott Verð 7.500.000. Rnr.100109. Glæsilegt eintak. abill.is aðstoð við skjalafrágang ráðleggingar við bílakaup bílaleiga s 5876600

**abill.is**
**Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík**
**Sími: 5876600**
**Skráðu bílinn frítt á abill.is !**

**STÓRA BÍLASALAN**



**NÝR BÍLL.**
HYUNDAI I20 Classic. Árgerð 2014, bensín, 5 gírar,álfelgur. Verð 2.190.000.-Er á staðnum Rnr.133912.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777



VW Touareg v6. Árgerð 2008, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Rnr.148679.



HONDA Cr-v executive. Árgerð 2007, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.980.000. stgr Rnr.112832.



LAND ROVER Discovery series ii. Árgerð 2002, ekinn 230 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.700.000. Rnr.132692.



TOYOTA Tacoma doublecab 38". Árgerð 2005, ekinn 119 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.900.000. Rnr.112777.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



VW Crafter (Sprinter) árg.'07, ek. 112þús.km., sk.'15, millilangur, háþekja, góð dekk, góð þjónustubók, verð kr. 2.980.000,- gsm. 821-6292.



VW Transporter árg.'08, diesel 2,5 sjálfskiptur, olíumiðstöð, dráttarkúla, ek. 152þús.km., 6 dyra, þjónustubók, sk.'15, verð kr. 2.720.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.



Kia 2500 diesel árg.'05, vinnuflokkabíll, 6 manna, ek. 95 þús.km., sk.'15, verð kr. 1.090.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**

**ÓSKA EFTIR NÝLEGUM HÚSBÍL**
fyrir einn af viðskiptavinum okkar
Þarf að vera undir 7 m, láþekja, 2.3 l vél, æskileg. Staðgreiðsla . Vantar einnig allar gerðir ferðavagna á skrá.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

## Bílar til sölu



VW Passat Station árg ,00, 6 cyl., 2.8 l, sskj. Ek. 189 þús. Í góðu standi. Verð 650 þús. kr. Uppl. í s. 896 8900.



Góð Corolla skoðuð 2015 verð 150 þ. Uppl. í s. 847 8704.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

## 0-250 þús.



**ALMERA TILBOÐ 150 ÞÚS!**
Nissan Almera árg ,97, ek. 190 þús, sskj, skoðaður út árið. Góður bíll á 150 þús. S. 891 9847.

## 250-499 þús.



**DÍSEL JEPPLINGUR - TILBOÐSVERÐ!**
Disel Korando 2.8 benz vél. 3dyra. bsk. ek 197þús km. álfelgur. samlæsingar. dráttarkrókur. skoðaður út árið. Tilboðsverð aðeins 299þús stgr. fast verð. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**TOPPBÍLL - SSK - LÍTIÐ KEYRÐUR**
Toyota Corolla 1.6 VVTi Liftback ,00 ek.131 þús, sjálfskiptur,ný skoðaður 15, ný vetrardekk, tímakeðja, toppbíll! ásett verð 620 TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**GULLMOLI - SMÁJEPPLINGUR**
Daihatsu Terios árg.'98 ek. aðeins 91þús. 2eig. krókur, öryðgaður, eyðir litlu. Verð 480þús. möguleiki á 100% visaraðgreiðslum s.841 8955



**SPARNEYTIN - TILBOÐ !**
Hyundai Getz 2003 ek.162 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný skoðaður 2015, spoiler,álfelgur ásett verð 690 TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**DÍSEL SPARIBAUKUR !**
Peugeot 1007 Disel. árg ,07 e 162þús km. nánast allt langkeyrsla. bsk. hiti í sætum. smurbók frá upphafi. nýleg vetrardekk. eyðsla 4L/100km. Ásett verð 970þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR EKINN AÐEINS 83ÞÚS**
Hyundai Getz 1.6 árg ,03 ekinn aðeins 83þús km. sjálfskiptur. 5dyra. heilsársdekk. skoðaður. virkilega eyðslugrannur. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**MJÖG EYÐSLUGRANNUR KALOS**
Kalos 1.4 árg ,03 ekinn aðeins 114þús km. 5dyra. beinskiptur. ný tímareim. ný yfirfarinn á verkstæði. nýleg heilsársdekk. smurbók frá upphafi. lýtur mjög vel út og í góðu ástandi. ásett 790þús. Tilboðsverð aðeins 550þús stgr. 100% vísaláni í boði. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**
98-05"árg. á allt að 300 þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## til sölu



**LAND ROVER Discovery 4S**
Árgerð 2014, ekinn 2 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.

**Verð 12.900 þ.**
Rnr.127011.

Vegna mikillar eftirspurnar vantar bíla frá 2008 til 2013 á skrá

Höfðabílar, Fossháls 27, 110 RVK
577 4747 www.hofdabilar.is

**HÖFÐABÍLAR**

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315**

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 565 1400 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.




GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
**S. 777-8100**
Fáðu fagmenn í verkið

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur gildir til 31. mars. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

Tek af mér alliðamúrverk og viðgerðir innan sem utanhúss. Snyrtileg og góð þjónusta. S. 846 7622.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðnum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



**NÝJAR VÖRUR FRÁ PARÍS**
Kjóll 6.990,- margir litir Mikið úrval af ermum Hárskraut í miklu úrvali Opið til 10-22 alla virka daga. Laugardaga 10-20 Sunnudaga 13-20 Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningana og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl. í síma: 699 0778.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**ENGLISH PUB - REYKJAVÍK**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Reynsla af barstörfum og góð þjónustulund skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttann aðila.
**Ferilskrá sendist á: ingvar@enskibarinn.is**

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST. SÖLUSTARF, ÚTKEYRSLA OG FL.**
Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 30-40 ára, í sölu á vélbúnaði, efnavörum og fleiru til iðnaðarnota og þjónsuta við viðskiptavini. Tölvukunnátta æskileg. Vinnutími frá kl. 8:00-17:00. Góð laun í boði. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Vinsamlegast sendið tölvupóst á: jako@jako.is**

**AUKAVINNA Á KVÖLDIN**
Samhjálp óskar eftir fólki í símsölu á kvöldin - góð laun í boði. Upplýsingar í s. 699-0005 frá kl.12-20 eða á annamc@samhjalp.is

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
maður óskast til vinnu í útkeyrslu og lagerstörf. Vinnutími 8 til 18 virka daga.
aðeins duglegur, samviskusamur og heiðarlegur maður kemur til greina þarf að tala 100% íslensku.
**Allar nánari upplýsingar fást í godatvinna@gmail.com**

**JÁRNIÐNAÐARMENN**
Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is**
**Merkt: Járniðnaðarmenn**

**BÓKARI ÓSKAST**
Góður bókari óskast í hlutastarf ca 1 dag í viku fyrir 3 fyrirtæki. Allar nánari upplýsingar fást í godatvinna@gmail.com

## Viðskiptatækifæri

**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR**
Glæsileg verslun á Skólavörðustíg til sölu.

Flott merki, einnig aðrir möguleikar.
**Fyrirspurnir sendist á: verslunskola@hotmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## til sölu

**Falleg snyrtistofa • Gott tækifæri.**
Til sölu, af sérstökum ástæðum, snyrtistofa með vandaðan tækjakost, m.a 2 vandaðir snyrtistólar, fótabor og vaxpotta og fl. Frábært tækifæri, og selst á mjög góðu verði, eða tilboð. Uppl. í síma 773-4700 eða á www.atv.is
**Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 atv.is**
Óskar Mikaelsson, löggiltur fyrirtækjasali

## fasteignir

**Boðaþing 2**
203 Kópavogur
Vönduð penthouse - stórar svalir

Stærð: 150,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 37.400.000




RE/MAX Lind

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is

OPIÐ HÚS í dag milli 18:00-18:30 | Verð: 46.900.000

RE/MAX Lind kynnir: Mjög fallega og vandaða penthouse íbúð með stórum suður svölum, fallegu útsýni og mikilli lofthæð. Tvö bílastæði í lokuðum bílakjallara fylgja. Halogen lýsing, sér fataherbergi. Eldhús með eikarinnréttingu ásamt eyju, gott skápapláss, stór borðkrókur sem nýttur er sem borðstofa. Útgengi úr eldhúsi út á mjög stórar suður svalir, sem eru meðfram allri íbúðinni. Rúmgóð stofa. Gott hjónaherbergi með sér fataherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Merrild
198
krónur kg.
Appelsínurfrá Spáni
298
kr. kg
Ameríska sætar kartöflur
Pink Lady
398
kr. 600g.
Pink Lady Epli 600g
Merrild
MALAÐ KAFFI
61 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 759 KR.
698
kr. 500g
298
krónur 1 kg.
Danskar Gulrætur 1 kg.
BÓNUS
229
kr. 1 kg
Bónus Kornbrauð 1 kg.
2 fyrir 1
598
kr. 2 stk.
Myllu Jólakaka 420g TVÆR FYRIR EINA
798
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Frosið lambasúpukjöt FROSIÐ
KYCKLINGFILÉ
1548
krónur 900g.
Frosnar Kjúklingabringur 900g
1498
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
Kolsýrt vatn
ÞORSKBITAR
VERÐLÆKKUN 100 kr.
898
kr. kg.
Frosnir Þorskbitar / roð og beinlausir
VERÐ ÁÐUR 998 KR.
129
kr. 2 ltr.
1259
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSIÐ
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



2 | KL. 20:25
**Heilsugengið**
Vandaður og fróðlegur þáttur í umsjón Völu Matt sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 19:55
**Life's Too Short**
Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Rickys Gervais og Stephens Merchant.



2 | KL. 21:00
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 21:45
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðahlutverki.



2 | KL. 23:15
**Person Of Interest**
Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



3 | KL. 20:00
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | 7 | | 4 | 5 | |
| 8 | | 3 | 4 | | | 1 | | |
| | 5 | | | | 9 | | | |
| | 9 | | | 2 | | | | 4 |
| | | | 8 | | | | 7 | |
| | 8 | 7 | 3 | | 6 | | | 2 |
| | 6 | 5 | 9 | 1 | | | | 3 |
| | 3 | 4 | | | | 7 | | |
| 2 | | | | | 4 | | | 9 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | | 4 | |
| 2 | 6 | | | | 5 | 3 | | 9 |
| | 4 | | | | 6 | 5 | | 2 |
| | 7 | | 5 | | 8 | | | |
| | 3 | | | | | | 5 | 4 |
| | | | | 4 | 3 | 7 | | |
| | 5 | | | | | 8 | 6 | 1 |
| | 2 | | | 8 | 9 | | 3 | |
| 6 | | 4 | 3 | | 1 | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | | | | 1 |
| | 4 | | | 8 | | | 6 | 7 |
| | | 1 | 9 | 6 | | | 3 | 4 |
| | | | | | 9 | 6 | | |
| | | 8 | 2 | 5 | 6 | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| | 1 | 3 | | | 8 | | | |
| 7 | | | | | | | 4 | |
| 8 | | | 7 | | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 5 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |
| 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 7 | 2 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 8 | 3 | 7 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 5 | 4 | 1 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 9 | 8 | 2 | 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 5 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 6 | 4 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 9 | 4 | 3 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 2 | 8 | 6 |
| 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 7 | 4 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 | 1 | 9 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég hef aldrei hitt mann sem var svo fávís að ég gat ekki lært eitthvað af honum."
*Galileo Galilei*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, **6.** tveir eins, **8.** hækkar, **9.** Mánuður, **11.** Ekki, **12.** framburður, **14.** sanka saman, **16.** kusk, **17.** ílát, **18.** skammstöfun, **20.** eldsneyti, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** tveir eins, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** Írafár, **7.** pest, **10.** kæla, **13.** bókstafur, **15.** frumeind, **16.** Lærir, **19.** hætta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** ff, **8.** rís, **9.** maí, **11.** ei, **12.** áset, **14.** safna, **16.** ló, **17.** fat, **18.** etv, **20.** mó, **21.** stál.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** rr, **4.** víetnam, **5.** así, **7.** farsótt, **10.** ísa, **13.** eff, **15.** atóm, **16.** les, **19.** vá.

## SKÁK
**Gunnar Björnsson**

**Hjörvar Steinn Grétarsson (2.511) vann hið 10 ára bandaríska undrabarn Awonder Liang (2.237) í 2. umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins í gær.**
**Hvítur á leik:**



**36. Hxf6!** Hér gafst undrabarnið upp enda mát eftir 36.…Bxf6 37. Dh5+ Rh6 38. Dg6 Kh8 39. Dxh6#.
N1 Reykjavíkurskákmótið hefur hafist fjörlega og strax hefur orðið töluvert um óvænt úrslit.
**www.skak.is** Fjórða umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins.

# iPad

## hvar sem er, hvenær sem er



**iPad Air**
Verð frá: **84.990.-**

**iPad mini Retina**
Verð frá: **69.990.-**

**iPad mini**
Verð frá: **49.990.-**



Apple TV
Varpaðu myndefni og tónlist úr iPhone, iPad og tölvunni þinni þráðlaust í sjónvarpið.
Verð: 18.990.-



Skullcandy Heyrnartól
Margar gerðir, ýmsir litir.
Verð frá: 1.990.-



iPad hulstur
Frábær hulstur frá PANTONE, margir litir.
Verð frá: 6.990.-



JBL Flip
Litaðu lífið með þráðlausum JBL Flip hátölurunum.
Verð: 24.990.-



JBL Pulse
Þráðlaus hátalari fyrir iPhone og iPad.
Verð: 39.990.-

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

# Taka áheyrendur í tímaferð til Köben

Fjögurra alda afmæli Hallgríms Péturssonar sálmaskálds verður fagnað í Hallgrímskirkju á sunnudaginn með tónleikum Mótettukórsins sem Hörður Áskelsson stjórnar. Listvinafélag kirkjunnar stendur að viðburðinum og þar verður flutt tónlist frá ýmsum tímum.

Hvaða tónlist heyrði Hallgrímur Pétursson á skólaárum sínum í Kaupmannahöfn? Þeirri spurningu hyggst Mótettukórinn svara á tónleikum sínum í Hallgrímskirkju á sunnudaginn klukkan 17. Auk þess að syngja vel þekkta Hallgrímssálma býður kórinn áheyrendum í tímaferð til Kaupmannahafnar á fjórða áratug 17. aldar þegar hinn óharðnaði skagfirski unglingur gekk um götur borgarinnar.

„Eftir að sú hugmynd kom upp að leita að tónlist sem Hallgrímur hefði ungur heyrt í Kaupmannahöfn, í þeirri trú að hún hefði mótað hann sem listamann að einhverju leyti, fundum við gríðarlega fallega tónlist eftir samtímamenn hans; Danina Mogens Pedersøn og Thomas Schattenberg og Þjóðverjann Heinrich Schütz sem var eitt af stærstu tónskáldum snemmbarokksins í Þýskalandi. Við lifum á þannig tímum að hægt er að finna upptökur og nótur á netinu sem mann hefði ekki órað fyrir að komast í tæri við,“ segir Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórsins, og tekur fram að miklir snillingar sitji í verkefnavalsnefnd kórsins.

Hörður segir dönsk tónskáld hafa verið send af kónginum suður í Evrópu til menntunar á sautjándu öld. „Mogens Pedersøn, sem á býsna drjúgan hlut í þessari efnisskrá, lærði í Feneyjum sem var á þessum tíma mekka kirkjutónlistarinnar. Heinrich Schütz lærði þar líka og var undir sömu áhrifum. Hann var ein þrjú ár í Kaupmannahöfn á sama tíma og Hallgrímur og mjög líklega með skólapiltunum sem Hallgrímur var einn af. Þess vegna eru allar líkur á að þeir hafi hist,“ segir hann og telur engan vafa á að Hallgrímur hafi stundað messur í Frúarkirkjunni og tekið þátt í þeim.

Hörður segir 17. aldar efnið sem Mótettukórinn flytur á tónleikum sunnudagsins listilega vel skrifaða kórtónlist í snemmbarokkstíl. Á Íslandi hafi hins vegar ekki þekkst raddaður söngur á þeim tíma.

„Hryggjarstykkið í efnisskránni er tónsetning í latneskri messu eftir Mogens Pedersøn. Svo byggjum við kringum hana alls konar tónlist við texta Hallgríms. Meira að segja útsetningar Pedersøns á þeim lögum sem Hallgrímur orti sálma sína við. Okkur finnst þetta afar skemmtileg stúdía, alger gæsahúðarupplifun,“ segir Hörður sem tekur fram að fleira skemmtilegt sé á prógramminu. „Eins og áður sagði eru vel þekkt lög og útsetningar íslenskra tónskálda við sálma Hallgríms líka á dagskránni, svo sem eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Nordal og Jón Hlöðver Áskelsson, verk sem hafa fylgt Mótettukórnum um árabil. Við erum líka að frumflytja fjögur lög við texta Hallgríms, þrjú eftir Halldór Hauksson við sjaldséða sálma og nýtt lag Hreiðars Inga Þorsteinssonar við hinn alþekkta andlátssálm Allt eins og blómstrið eina.“

gun@frettabladid.is



**STJÓRNANDINN** „Okkur finnst þetta afar skemmtileg stúdía, alger gæsahúðarupplifun,“ segir Hörður Áskelsson um rannsóknir Mótettukórsins á samtímatónlist Hallgríms.



**SÁLMASKÁLDIÐ** Í tilefni af tónleikunum teiknaði Halldór Baldursson mynd af Hallgrími Péturssyni eins og hann ímyndar sér að hann hafi litið út sem ungur maður.

## Kynntist tónlistarstraumum Evrópu

Hallgrímur Pétursson (1614–1674) hóf nám við Frúarskóla í Kaupmannahöfn átján ára gamall og sat þar á skólabekk þangað til þau Guðríður Símonardóttir felldu hugi saman og sneru heim til Íslands.

Kaupmannahöfn var í örum vexti undir stjórn Kristjáns IV. og menningarlíf í áður óþekktum blóma, ekki síst tónlistin. Hallgrímur kynntist því nýjustu tónlistarstraumum Evrópu, ekki aðeins sem áheyrandi, heldur að öllum líkindum einnig sem söngvari, en skólapiltar í latínuskólanum fengu tilsögn í tónlist og sungu í kór Frúarkirkju, dómkirkju Kaupmannahafnar.

# Túlkar árstíðirnar í orðum, litum og línum

Myndlistarkonan Rut Rebekka opnar málverkasýninguna „Í garðinum“ og gefur út listaverka- og ljóðabókina Málverk og ljóð – Paintings and Poems í sal Íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17, laugardaginn, 8. mars.

„Ég er búin að vera að mála í 40 ár. Er að verða sjötug og í staðinn fyrir að halda veislu ákvað ég að setja upp sýningu og gefa út bók með tuttugu og einu ljóði og tuttugu og einu myndverki,“ segir Rut Rebekka listmálari. Hún opnar sýninguna Í garðinum á laugardaginn klukkan 14 í sal Íslenskrar grafíkur í Tryggvagötu 17 (gengið inn hafnarmegin.)

„Ég byrjaði á teikningunum. Var í fögrum garði Ríkharðs Valtingojers austur á Stöðvarfirði og teiknaði og teiknaði. Var svo innblásin að síðar málaði ég stór málverk eftir teikningunum, um einn og hálfan metra á kant. Laufblöðin á myndunum eru ýmist lokuð eða að springa út með miklum krafti,“ lýsir Rut Rebekka og segir tveggja ára vinnu liggja að baki sýningunni.

**„Í staðinn fyrir að halda veislu ákvað ég að setja upp sýningu og gefa út bók.**

Bókin hennar Rutar Rebekku heitir Málverk og ljóð – Paintings and Poems, ljóðin eru bæði á íslensku og ensku. Skyldi hún alltaf hafa ort? „Nei,“ svarar hún glaðlega. „Þetta er frumraun mín í þeim efnum. Ég hef alltaf skrifað eitthvað en nú var ég undir svo sterkum áhrifum af gróðrinum, litunum og kraftinum í jörðinni að ég tók meðvitaða ákvörðun um að yrkja.“

Sýningin og ljóðin túlka vorið, sumarið, haustið og veturinn bæði í litum og orðum. Sýningin er opin þriðjudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18 og endar sunnudaginn 23. mars.

gun@frettabladid.is



**LISTAKONAN** „Flestir þekkja mig sem konuna sem hefur málað tónlistarmenn og dansandi konur,“ segir Rut Rebekka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fróðleikur um Rut Rebekku

Rut Rebekka Sigurjónsdóttir er fædd og uppalin á Lindargötunni í Reykjavík. Gekk í Hjúkrunarskólann og fór að vinna við hjúkrun en teiknaði og málaði sér til yndisauka.

Þrítug ákvað hún að næra listþörfina og hóf nám við Handíða- og myndlistarskólann, þá komin með þrjú börn, minnkaði starfið við hjúkrun í 40% og málaði daglega.

Hún hefur haldið einkasýningar í Hafnarborg, á Kjarvalsstöðum, í Norræna húsinu, í Kaupmannahöfn, Hamar í Noregi, Piteå í Svíþjóð og víðar. Þessi sýning er sú 20. í röðinni. Auk þess hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga.

# Spænskar rómönsur í Norðurljósum

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Julio Alexis Muñoz píanóleikari koma fram á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í Norðurljósum í dag. Þau flytja efnisskrá sem þau nefna ¡Zarzuela! og inniheldur rómönsur sem eru aríur úr spænskum zarzúelum þar sem skiptast á tal og söngur.

Guðrún Jóhanna hefur búið og starfað á Spáni í níu ár og sungið heilmikið af spænskri tónlist víða um heim. Hún tekur um þessar mundir þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Ragnheiði, þar sem hún fer með hlutverk Ingibjargar vinnukonu í Skálholti.

Með Guðrúnu leikur spænski píanóleikarinn Julio Alexis Muñoz, sem er einn virtasti meðleikari Spánverja og kennari við Konunglega söngskólann í Madrid. Þau Guðrún munu einnig halda námskeið í söngtónlist á spænsku í Listaháskólanum og Söngskólanum.

Tónleikarnir eru eins og áður sagði í Norðurljósum og hefjast klukkan 12.15. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



**GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR**

# Heilbrigðissvið Fastus

Fastus býður uppá vandaðar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir á heilbrigðissviði ásamt því að finna lausnir og aðstoða við val á vörum til einstaklinga.



Stuðningshlífar



Einnota hanskar



Æfingatæki




Næringarvörur



Rannsóknarvörur



Hjálpartæki



Vönduð rúm og húsgögn

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS

Veit á vandaða lausn

**Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 - 2.hæð. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

FASTUS_H_12.03.14

ÓSKUM EFTIR
DUGLEGUM
OG
KRAFTMIKLUM
VERSLUNARSTJÓRUM
OG VAKTSTJÓRUM
UMSÓKNIR BERIST Á
ES@VIDIR.IS
VÍÐIR

Kommuneqarfik SERMERSOOQ Reykjavíkurborg Tórshavnar kommuna

Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2014

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgasjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþrótta.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

Umsókn skal beint til:
Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar b.t. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsóknir berist eigi síðar en miðvikudags 26. mars. og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Umsóknum skal skila á umsóknareyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, s:411 4500. Stjórn sjóðsins mun afgreiða umsóknir í apríl nk.

Reykjavík, 28.feb. 2014
Borgarritari



**ENDURREISNARMAÐUR** „Magnús var frábær listamaður, eins konar endurreisnarmaður, sem lést langt fyrir aldur fram og þetta er í fyrsta sinn sem er gerð úttekt á honum," segir Laufey Helgadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Háspenna – lífshætta

Yfirlitssýning á verkum Magnúsar Kjartanssonar opnuð á föstudaginn.

Á föstudaginn 7. mars klukkan átta verður opnuð yfirlitssýning á verkum Magnúsar Kjartanssonar myndlistarmanns í Listasafni Íslands. „Þetta er búið að standa til lengi," segir Laufey Helgadóttir sýningarstjóri, en Magnús lést árið 2006, aðeins 57 ára gamall. Sýningin heitir Form, litur, líkami: Háspenna/Lífshætta.

„Titillinn lýsir ferli Magnúsar mjög vel. Hann byrjaði sem formalisti, fór síðan út í að gera samklippur og verk í anda popplistarinnar áður en hann fór að gera alls konar tilraunir með ljósmyndatækni. Þá bætti hann stundum inn í verkin sín setningunni „Háspenna/Lífshætta". Líf Magnúsar og ferill voru svolítið þannig. Hann fór út á ystu nöf, var ögrandi, gagnrýninn, beinskeyttur, og veigraði sér ekki við að takast á við viðfangsefni sem aðrir þorðu ekki að taka á."

Magnús gerði til dæmis myndir þar sem hann notaði sinn eigin líkama, hendur, fætur, og bókstaflega allan líkamann. „Hann makaði málningu á sig, lagðist á léreftið og útkoman varð mjög sterkar og óvanalegar sjálfsmyndir," segir Laufey. „Hann gekk nærri sjálfum sér, til dæmis með því að nota iðulega hættuleg efni í verkin sín.

Eftir að ljósmyndatímabilinu lauk fór hann að mála stór olíuverk þar sem hann notaði alls konar fundið efni og undir lokin gerði hann myndir með trúarlegum viðfangsefnum," heldur

> **Hann fór út á ystu nöf og var ögrandi, gagnrýninn, beinskeyttur og veigraði sér ekki við því að takast á við viðfangsefni sem aðrir þorðu ekki að taka á.**

Laufey áfram og bætir við að þessi ólíku skeið hafi jafnvel verið ólík innbyrðis.

„Magnús var frábær listamaður, eins konar endurreisnarmaður, sem lést langt fyrir aldur fram og þetta er í fyrsta sinn sem er gerð úttekt á honum. Þetta er yfirgripsmikil sýning sem verður í fjórum sölum í safninu," segir Laufey að lokum. olof@frettabladid.is

# Viðbragð við því að breytast í konu

„Kona sem átti að vera eins og kókflaska í laginu" nefnist fyrirlestur um átraskanir í Máva-hlátri sem Elín Björk Jóhannsdóttir flytur í Þjóðminjasafninu á morgun.

Ég vann fyrirlesturinn upp úr MA-ritgerðinni minni þar sem ég fjallaði um þrjár skáldsögur sem eiga átraskanir sameiginlegar, Mávahlátur eftir Kristínu Marju, Skaparann eftir Guðrúnu Evu og Kýr Stalíns eftir Sofi Oksanen," segir Elín Björk Jóhannsdóttir, MA í almennri bókmenntafræði. Fyrirlesturinn sem hún vísar til ber heitið „Kona sem átti að vera einsog kókflaska í laginu – Mávahlátur og átraskanir" og hún mun flytja hann í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í hádeginu á morgun.

Spurð um nálgunina á umfjöllunarefnið segist Elín munu byrja á að kynna hina fræðilegu nálgun. „Ég geng svolítið út frá umfjöllun um tvíhyggjuna sem birtist í átröskunarsjúkdómum, sérstaklega anorexíunni, en því hefur verið haldið fram að þeir sem þjást af anorexíu líti á hana sem sigur andans á líkamanum."

Hvað var það sem olli því að þú valdir þetta viðfangsefni í ritgerðinni? „Ég hef svolítið verið að horfa á líkamann í skáldskap, skrifaði til dæmis BA-ritgerðina mína um mannát í sögu eftir Þórarin Leifsson, þannig að þetta var rökrétt framhald. Þegar ég fór að skoða þessar þrjár skáldsögur komst ég að því að þær áttu ákveðin þemu sameiginleg, svo sem kynþroska og kynverund stúlkna og það er hægt að sjá átraskanir sem viðbragð við því að fara frá því að vera stúlka yfir í að vera kona, með öllum þeim menningarlegu fylgifiskum sem fylgja því ferli."

Fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og fer fram í fyrirlestrasal þess frá klukkan 12 til 13 á morgun. - fsb



**ELÍN BJÖRK** „Ég geng svolítið út frá umfjöllun um tvíhyggjuna sem birtist í átröskunarsjúkdómum." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

# RÝMINGARSALA

# 30-80% AFSLÁTTUR

Af völdum vörum



Rúm - Baðmottur - Gjafavara - Stakar dýnur - Náttborð - Svefnsófar - Sófar - Stólar - Húgöld
Sængur - Heilsukoddar - Sængurverasett - Rúmteppi - Skrautpúðar - Handklæði - Baðsloppar

Rýmingarsölu líkur 8. mars
30-80% afsláttur af völdum vörum

LYSTADÚN

Vogue

**Mörkinni 4** - 108 Reykjavík - Sími 533 3500

# Bara viðkvæmt blóm sem dansar

Dansaðu fyrir mig verður sýnt beggja vegna Atlantshafsins á þessu ári. Síðustu sýningar á Íslandi verða í kvöld og annað kvöld. Fyrsta utanferðin er til Kanada.

„Við förum til Winnipeg í maí, til Frankfurtar í júní og Bergen í haust á einhverjar listahátíðir sem ég veit ekki hvað heita,“ segir Ármann Einarsson, fyrrverandi skólastjóri sem venti kvæði sínu í kross og gerðist samtímadansari í verkinu Dansaðu fyrir mig. „Pétur sonur minn sem leikstýrir og Brogan tengdadóttir mín sem dansar líka í verkinu halda utan um þetta. Ég er bara viðkvæmt blóm sem dansar,“ segir Ármann.

„Síðustu sýningar á Dansaðu fyrir mig á Íslandi verða í dag og á morgun,“ segir Ármann.

Fyrst er förinni heitið til Winnipeg í Kanada. „Svo förum við til Frankfurtar og Bergen síðar á árinu. Þessi ferðalög eru staðfest en við erum líka að skoða ferðalög til Írlands, Danmerkur og Bretlands. Síðan var okkur boðið að dansa í Ástralíu en við frestuðum því um óákveðinn tíma.“

Ármann segir engan bilbug að finna á hópnum. „Þetta er ekki leiðinlegt, skal ég segja þér. Þetta litla ævintýri hefur tekið óvænta stefnu og er að enda með að verða ansi stórt ævintýri. Það eru umboðsmenn sem koma að sjá þessar sýningar á listahátíðunum. Þeir útlensku listamenn sem hafa séð þetta hafa verið hrifnir. Þeir sem hafa séð sýninguna eru allir mjög jákvæðir. Þetta er önnur sýning en fólk býst við,“ segir Ármann. **- ue**



DANS Ármann Einarsson var skólastjóri í Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar áður en hann gerðist samtímadansari. Brogan Davisson dansar líka í verkinu.






# Mannréttindi í

Samtökin ´78 & Íslandsdeild Amnesty International, ásamt nemum í tómstunda- og félagsmálafræði standa fyrir tónleikum í kvöld til styrktar mannréttindum í Úganda.

Mannréttindi hinsegin fólks í Úganda eru fótumtroðin og nú á dögunum var frumvarp þar í landi samþykkt sem kveður á um lífstíðarfangelsi við samkynhneigð í landinu. Með því hefur rótgróið hatur og mismunum gagnvart þeim sem eru eða teljast hinsegin fest í sessi.

Samtökin ´78 og Íslandseild Amnesty International styðja úgönsk grasrótarsamtök hinsegin fólks í mannréttindabaráttu þess fyrir réttindum sínum.

Eftir að Amnesty bauð lesbísku baráttukonunni Köshu til Íslands í fyrra ákváðu Samtökin ´78 að hefja samstarf við baráttusystkini í Úganda.

Tilgangur styrktartónleikanna er að vekja athygli Íslendinga á stöðu hinsegin fólks í Úganda sem og að afla fjár fyrir grasrót hinsegin fólks þar í landi, svo það geti hratt og örugglega unnið gegn hatri og fordómum, með það að markmiði að opna augu samlanda sinna fyrir því hvaða afleiðingar það mun hafa í för með sér.

Á tónleikunum koma fram

# FIMMTU

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**19.30** Midori leikur Mendelssohn í Eldborg í Hörpu. Miðaverð krónur 6.600/5.100/4.400/3.400/2.300.

**20.00** Tónleikar með tilgang. Tónleikar til styrktar mannréttindum í Úganda í Norðurljósum í Hörpu. Miðaverð 2.000 krónur.

**21.30** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Ókeypis inn!

### Fræðsla

**20.00** Vikulegt Wikipedia-kvöld á Landsbókasafni Íslands, tölvuverinu á þriðju hæð.

### Hátíðir

**20.00** Fyrsta kvöld þjóðlagahátíðarinnar Reykjavik Folk Festival á Kex Hostel. Miðaverð þetta kvöld er 3.000 krónur. Miði á öll kvöldin kostar 7.999 krónur.

### Leikrit

**19.00** Með allt á hreinu í Austurbæ. Miðaverð 2.500 krónur.

**19.30** Spamalot á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 5.650 krónur.

**19.30** Svanir skilja ekki í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

**20.00** Gullna hliðið í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Unglingurinn í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð 2.500 krónur.

**20.00** Óskasteinar á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

# Næsti bar leggur niður starfsemina

**Einum vinsælasta bar bæjarins hefur verið lokað. Ekki er ljóst hvaða starfsemi kemur í hans stað. Augustin, eigandi Næsta bars, ætlar þó að opna nýjan stað.**

„Það hafa margir viljað kaupa staðinn undanfarna mánuði og því fór ég að hugsa að það væri kannski rétt að selja staðinn núna. Ég er að leita að öðrum stað og ætla að opna nýjan stað sem allra fyrst,“ segir Augustin Navarro Cortés, fyrrverandi eigandi Næsta bars sem var lokað um liðna helgi.

Augustin opnaði Næsta bar árið 2008 og hefur staðurinn verið einn vinsælasti skemmtistaður höfuðborgarinnar þann tíma. „Það var mjög ánægjulegt að sjá að fólk tók það til sín að ég væri að fara loka staðnum, fólki þykir greinilega vænt um staðinn,“ segir Augustin.

Hann segist elska fólk og hann hafi unnið á bar lengi. „Ég byrjaði að vinna á bar fjórtán ára gamall, á Benidorm. Ég flutti til Íslands árið 1986.“

Augustin hefur í hyggju að opna nýjan stað á næstunni. „Nýi staðurinn á að heita Kaffi list. Ég opnaði Kaffi list árið 1992 en hætti með hann árið 1999,“ segir Augustin sem ætlar að endurvekja gamla staðinn. „Mig langar líka að bjóða upp á rétt dagsins. Hafa einn veglegan rétt.“

Augustin ætlar að opna Kaffi list um leið og hentugt húsnæði finnst. „Ég elska þetta og þetta er mitt líf. Næsti bar var eins og kirkjan mín. Ég þakka öllum gestum mínum fyrir komuna og öllu mínu frábæra samstarfsfólki.“

- glp



**NÆSTA BAR LOKAÐ** Augustin Navarro Cortés, fyrrverandi eigandi Næsta bars, ætlar að endurvekja Kaffi list á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Spamalot**

★★★☆☆

**„Bráðfyndin og skemmtileg sýning en efnið reynist áhorfandanum erfið gáta.“**

*Jakob Bjarnar Grétarsson*

# Úganda styrkt

Hinsegin kórinn, Sigga Beinteins & Stjórnin, Páll Óskar, Sykur og Retro Stefson.

Kynnar verða Bjarni Snæbjörnsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir.

Þá mun Felix Bergsson flytja ávarp.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í Hörpu. Miðaverð verður 2.000 krónur og rennur allur ágóði óskiptur til hinsegin fólks í Úganda.

- glp



# DAGUR

### Málþing

**13.00** Málþingið Heilsugæsla og heilbrigðisþjónusta í náinni framtíð fer fram klukkan 13-16 í sal HB1 í Háskólabíói.

### Dans

**20.00** Dansaðu fyrir mig í Tjarnarbíói. Miðaverð 3.900 krónur.

### Uppistand

**20.00** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

### Fyrirlestrar

**12.00** Opinn fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar um val á samstarfslöndum til þróunarsamvinnu og ákvarðanir um veitingu neyðaraðstoðar í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands.

**12.00** Halldór Rósmundur Guðjónsson heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Hvers vegna eru nauðgunarmál felld niður? Fyrirlesturinn fer fram í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**12.00** Þorvaldur Gylfason, prófessor við Hagfræðideild, mun flytja fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands frá kl. 12.00-13.30 Titill fyrirlestrarins er: Ísland: Hvernig gat þetta gerzt?

### Myndlist

**17.00** Looking at the Big Sky. Kynning á vídeólist á kaffistofu Listasafns Íslands klukkan 17-19. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**17.00** Elín G. Jónhannsdóttur opnar sýninguna Smáfólkiðí Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafni Seltjarnarness.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


MORROW × NIKITA

LAGERSALA

HEFST Í DAG KL.16

VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| OUTERWEAR JAKKAR | 6990 |
| OUTERWEAR BUXUR | 4990 |
| JAKKAR | 3990 |
| GALLABUXUR | 3990 |
| KJÓLAR | 2990 |
| PEYSUR | 2990 |
| TOPPAR | 990 |

MORROW KRINGLUNNI 3.HÆÐ SÍMI 588 5777



TÓNNINN GEFINN
Lilja Katrín Gunnarsdóttir

# Þá byrjar ballið

Síðustu vikur hafa framlög hinna ýmsu landa til Eurovision verið kunngjörð. Þó ekki öll, enda má ekki gefa allt sælgætið í einu, en hins vegar er hægt að fá góða hugmynd um hvað bíður okkar þessa skemmtilegu viku í byrjun maí í kóngsins København.

Það kemur svo sem lítið á óvart. Frakkar taka keppnina núll-alvarlega eins og vanalega og senda eitthvert stórfurðulegt lag með sveitinni Twin Twin sem heitir Moustache. Strákarnir þrír sem flytja það eru svo hrikalegir söngvarar að ég hefði frekar búist við því að rekast á þá á afdönkuðum karaókíbar í Taílandi.



**TRYLLT** Það jafnast ekkert á við Ruslönu.

Svo eru það Hollendingar sem senda krúttaðan þjóðlagadúett sem er afar frambærilegur en passar engan veginn í þessa keppni. Vissulega sætt en á aldrei eftir að komast á toppinn.

Eistar hins vegar færa sig upp á skaftið með grípandi tölvupopplagi sem gæti hugsanlega heillað Evrópu. Ekki skemmir fyrir að söngkonan, Tanja, er þrusudansari og býður upp á dramatískan nútímadans í stíl við lagið sitt Amazing. Allar Eurovision-formúlur nýttar í botn og enginn fer á klósettið í miðju lagi.

Næstu vikur munu enn fleiri lög verða opinberuð og ég get eiginlega ekki beðið. Er pínulítið að pissa á mig. Ég nefnilega elska Eurovision. Ég gleymi því aldrei þegar ég sá Siggu Beinteins dilla sér í rauða kjólnum í Zagreb árið 1990. Ég trúði því ekki að svona kjólar væru búnir til. Flottasti kjóll sem ég hef á ævi minni séð. Og ég man ennþá hvað ég var svekkt þegar Selma vann ekki með All Out of Luck árið 1999. Gina G frá Bretlandi hreyfði við mér árið 1996 en ókrýnd Eurovision-drottning, að öðrum ólöstuðum, er að sjálfsögðu Ruslana frá Úkraínu sem kom, sá og sigraði með Wild Dances árið 2004.

Margir hafa reynt en öllum mistekist að fanga hjarta mitt eins og Ruslana gerði. Ætli einhver nái því í ár?

## Í spilaranum







**Bob Dylan -** The 30th Anniversary Concert Celebration
**Strumparnir -** Strumpastuð
**Beck -** Morning Phase




# Pharrell breytir öllu í gull sem hann snertir

**Tónlistarmaðurinn Pharrell Williams skapaði sér nafn sem pródúsent árið 1994 og hefur framleitt hvern smellinn á fætur öðrum síðustu tuttugu ár. Í vikunni kom út önnur sólóplata hans, G I R L, sem hefur fengið rífandi góða dóma.**

Nýjasta plata Pharrells Williams, G I R L, kom út í vikunni og þótt hann hafi verið viðloðandi tónlistarbransann í fjöldamörg ár þá er þetta aðeins hans önnur sólóplata.

Tónlistarferill Pharrells hófst þegar hann hitti Chard Hugo í sumartónlistarbúðum á unglingsárunum. Þá spilaði Pharrell á hljómborð og trommur en Chard á tenórsaxófón. Þeir voru saman í lúðrasveit og stofnuðu sveitina The Neptunes með vinum sínum Shay Haley og Mike Etheridge á tíunda áratugnum. Þeir tóku þátt í hæfileikakeppni meðal miðskóla og voru uppgötvaðir af Grammy-verðlaunahafanum Teddy Riley sem bauð þeim samning strax við útskrift úr miðskóla.

Chard og Pharrell náðu fljótt að skapa sér nafn sem pródúsentadúó og voru meðal annars með puttana í laginu Tonight's the Night af plötunni Blackstreet með samnefndri hljómsveit sem kom út árið 1994. Næstu þrjú árin komu þeir að ýmsum plötum en hljómurinn var frábrugðinn þeim sem The Neptunes átti síðar eftir að tileinka sér. Það var ekki fyrr en þeir pródúseruðu Superthug með N.O.R.E. árið 1998 að þeir fundu sína hillu. Ári síðan kynnti sameiginlegur vinur Pharrell fyrir tónlistarkonunni Kelis og unnu þau saman að fyrstu plötu hennar, Kaleidoscope.

Árið 2001 pródúseruðu The Neptunes Britney Spears-slagarann I'm a Slave 4 U sem fór á toppinn á vinsældalistum víðs vegar um heiminn. Sama ár gaf N.E.R.D, sem samanstóð af Chard, Pharrell og Shay, út sína fyrstu plötu, In Search of …, í Evrópu þar sem plata Kelis hafði gengið vel þar. Þeir tóku plötuna upp aftur með rokksveitinni Spymob og gáfu hana út í Bandaríkjunum árið 2002. Sama ár pródúseruðu The Neptunes lagið Hot in Herre með Nelly og voru í kjölfarið valdir pródúsentar ársins á bæði Source-verðlaununum og Billboard-tónlistarverðlaununum.

Ári síðar gáfu The Neptunes út plötuna The Neptunes Present … Clones sem fór í fyrsta sæti á Billboard 200-listanum í Bandaríkjunum. Nú var Pharrell á allra vörum og virtist allt sem hann gerði verða að gulli. The Neptunes unnu mikið með Jay-Z og pródúseruðu fjölmörg lög með honum, þar á meðal Frontin'. Það lag var 34. stærsta lagið það árið samkvæmt Billboard og sýndi könnun í ágúst árið 2003 að lög sem voru pródúseruð af The Neptunes væru tuttugu prósent af öllum lögum sem spiluð voru í bresku útvarpi á þeim tíma. Útkoman var 43 prósent í Bandaríkjunum í sömu könnun.

Önnur plata N.E.R.D, Fly or Die, kom út í mars árið 2004 og hlutu The Neptunes tvenn Grammy-verðlaun það árið, sem pródúsentar ársins og fyrir bestu poppplötu fyrir plötuna Justified með Justin Timberlake sem þeir komu að. Í september sama ár tók Pharrell þátt í laginu Drop It Like It's Hot með Snoop Dogg en það lag var valið rapplag áratugarins í Billboard árið 2009.

Pharrell gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2005, In My Mind. Ári síðar pródúseraði hann aðra plötu Clipse, Hell Hath No Fury, og sögðu flestir gagnrýnendur að það væri hans besta verk í mörg ár. Síðan þá hefur hann unnið með öllum fremstu popplistamönnum heims, þar á meðal Maroon 5, Frank Ocean, Madonnu og Shakiru.

Árið 2010 samdi Pharrell tónlistina fyrir teiknimyndina Despicable Me og samdi til dæmis lagið Happy fyrir Despicable Me 2 sem var tilnefnt til Óskarsverðlaunanna í ár.



**NÚMER EITT** Pharrell stígur nánast aldrei feilspor í tónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




### → Dómar um G I R L

AllMusic ★★★★☆
Chicago Tribune ★★★☆☆
The Guardian ★★★★☆
The Independent ★★★☆☆
Slant Magazine ★★★☆
Billboard **85/100**
Spin **8/10**

Þá samdi Pharrell og pródúseraði tónlistina á 84. Óskarsverðlaunahátíðinni fyrir tveimur árum með tónskáldinu Hans Zimmer.

Síðasta ár var klárlega árið hans Pharrells sem kom að tveimur vinsælustu lögum ársins 2013, Get Lucky með Daft Punk og Blurred Lines með Robin Thicke. Hann var tilnefndur til sjö Grammy-verðlauna en lag Daft Punk var valin smáskífa ársins á hátíðinni og besta lag poppdúetts eða -hóps. Random Access Memories, plata Daft Punk, var valin plata ársins og besta dansplatan.

Pharrell hefur einnig rutt sér til rúms í tískubransanum og stofnaði fatalínurnar Billionaire Boys Club og Ice Cream Footwear. Hann tók þátt í að hanna skartgripi og gleraugu fyrir Louis Vuitton árið 2008 og vann að húsgögnum með Galerie Emmanuel Perrotin og franska framleiðandanum Domeau & Pérès.

liljakatrin@frettabladid.is

## 27.2.2014 → 5.3.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Pharrell** | **Happy** |
| 2 | ▲ | Pollapönk | *Enga fordóma* |
| 3 | ▼ | Ed Sheeran | *I See Fire* |
| 4 | ▲ | Mono Town | *Peacemaker* |
| 5 | ▼ | Gary Barlow | *Let Me Go* |
| 6 | ▲ | Rudimental / Emeli Sandé | *Free* |
| 7 | ▼ | Björgvin Halldórsson / Jón Jónsson | *Kæri vinur* |
| 8 | ▲ | Greta Mjöll | *Eftir eitt lag* |
| 9 | ▲ | U2 | *Invisible* |
| 10 | ▲ | John Legend | *All Of Me* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2014* |
| 2 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 3 | ▼ | Kaleo | *Kaleo* |
| 4 | ▲ | Ásgeir | *In The Silence* |
| 5 | ▲ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 6 | ▲ | Samaris | *Samaris* |
| 7 | ▼ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| 8 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 9 | ▲ | Pálmi Gunnarsson | *Þorparinn* |
| 10 | ▼ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


SKÍÐADAGAR
fimmtudag, föstudag og laugardag
35%
afsláttur
UTANBRAUTASKÍÐI
Skíði, skór, bindingar og stafir
GÖNGUSKÍÐATILBOÐ
Skíði, skór, bindingar og stafir
30% - 35%
afsláttur
FJALLASKÍÐATILBOÐ
Skíði, skór, bindingar, stafir og skinn
30% - 35%
afsláttur
Íslensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Connie Britton er 47 ára í dag**

Helstu kvikmyndir/þættir: Friday Night Lights, A Nightmare on Elm Street, Conception

# Heimsfrumsýnd á Íslandi

Kvikmyndin 300: Rise of an Empire er sjálfstætt framhald myndarinnar 300.

Kvikmyndin 300: Rise of an Empire, verður heimsfrumsýnd á Íslandi á morgun. Hún er sjálfstætt framhald myndarinnar 300 sem Zack Snyder gerði árið 2006.

Zack skrifar handritið og framleiðir myndina en nú er það Ísraelinn Noam Murro sem leikstýrir. Myndin er byggð á teiknimyndasögunni Xerxes eftir Frank Miller og ku ekki gefa 300 neitt eftir.

300: Rise of an Empire gerist þegar Leonídas konungur er fallinn og persneski herinn, sem leiddur er af hálfguðinum Xerxes, nálgast Aþenu. Xerxes hefur heitið því að leggja bæði Spörtu og Aþenu undir sig og þurrka út gríska samfélagið í eitt skipti fyrir öll en her hans er gríðarlega öflugur.

Hinn hugrakki Þemistókles leiðir varnarbaráttu Grikkja en verkefnið virðist nær ómögulegt.

Í aðalhlutverkum eru Sullivan Stapleton, Rodrigo Santoro, Eva Green, Lena Headey, Jack O'Connell, David Wenham og Andrew Tiernan.

\- lkg

### → Dómar

| | |
|---|---|
| Variety | 70/100 |
| Movie Nation | 63/100 |
| Time Out London | 60/100 |
| The Hollywood Reporter | 50/100 |



**HASAR Í FRAMHALDINU** Persar og Grikkir berjast í 300: Rise of an Empire.

## FRUMSÝNINGAR
**Eitthvað fyrir alla**

### 3 Days to Kill,
spenna

**AÐALHLUTVERK:** Kevin Costner, Hailee Steinfeld, Amber Heard, Connie Nielsen og Tómas Lemarquis.



IMDb 6,4/10

40/100

Rotten Tomatoes 31/100

### Bönnuð innan 12 ára
Ævintýri hr. Píbodýs og Sérmanns, teiknimynd

**AÐALHLUTVERK:** Steinn Ármann Magnússon, Grettir Valsson, Gréta Arnarsdóttir, Esther Talía Casey og Rúnar Freyr Gíslason.

IMDb 6,8/10

57/100

Rotten Tomatoes 92/100



# Kvikmyndin sem var hunsuð á Óskarsverðlaununum

Saving Mr. Banks fjallar um það þegar Walt Disney ákvað að gera mynd byggða á sögunum um Mary Poppins. Kvikmyndin hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og þeirra sem unnu með Walt sjálfum. Þrátt fyrir það fékk hún aðeins eina tilnefningu til Óskarsverðlauna.

Kvikmyndin Saving Mr. Banks verður frumsýnd á Íslandi á morgun en hún fjallar um það þegar Walt Disney ákvað að gera mynd byggða á sögunum um Mary Poppins árið 1938.

Það tók Walt yfir tuttugu ár að telja höfundinn, Helen Lyndon Goff sem skrifaði undir höfundarnafninu P.L. Travers, á að selja sér kvikmyndaréttinn. Því var myndin ekki frumsýnd fyrr en árið 1961.

Það var ekki fyrr en Helen lenti í fjárhagsvanda að hún samþykkti að ræða við Walt. Samt sem áður var hún hörð í horn að taka og fjallar Saving Mr. Banks um þær tvær vikur sem Helen eyddi í Hollywood til að kljást við Walt.

Stórleikarinn Tom Hanks var persónulega beðinn um að leika Walt af forstjóra Disney, Robert A. Iger, en Tom er fjarskyldur frændi Walts. Til að búa sig undir hlutverkið heimsótti hann fjölskyldusafn Walts Disney í San Francisco oft og mörgum sinnum og talaði við marga ættingja meistarans, þar á meðal dóttur hans, Diane Disney Miller. Að sögn Bobs Gurr, samstarfsmanns Walts, náði Tom honum afar vel og táraðist Bob meira að segja þegar hann horfði á myndina.

„Hann, ásamt öðrum Disney-goðsögnum sem unnu með honum, var snortinn yfir því hvernig leikstjórinn John Lee Hancock og handritshöfundurinn Kelly Marcel blésu lífi í Walt. Litlar tiktúrur, eins og það að Walt rækti sig alltaf til að láta fólk vita að hann væri að koma inn í herbergi, bæta sannindum við myndina sem oftast gleymast í verkum sem þessum," segir í grein á vefsíðunni The Flickcast – All Things Geek.



IMDb 7,7/10

Rotten Tomatoes 65/100

80/100

**SANNFÆRINGARKRAFTURINN** Walt reyndi allt sem hann gat til að sannfæra Helenu.

Það kom því mörgum í opna skjöldu að myndin hlaut aðeins eina tilnefningu til Óskarsverðlaunanna og það fyrir bestu tónlist. Bjuggust margir við því að Tom yrði tilnefndur sem og leikkonan Emma Thompson sem leikur Helenu. Þá spáðu líka margir gagnrýnendur því að myndin hlyti tilnefningu sem besta myndin.

Auk Toms og Emmu eru það Colin Farrell, Paul Giamatti, Kathy Baker og Jason Schwartzman sem fara með aðalhlutverkin.

liljakatrin@frettabladid.is



**GRJÓTHÖRÐ** Emma Thompson leikur Helenu sem lætur ekki vaða yfir sig.




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9

HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

PUMA

# ÚTSALA

## 30-50% AUKAAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**50% AUKA AFSLÁTTUR** af öllum skóm

PUMA CATMANDOO
Fótboltaskór
Hlaupaskór
Loðfóðraðir vetrarskór
Götuskór

**30% AUKA AFSLÁTTUR** af öllum sundfötum

speedo
Sundbolir
Bikiní
Sundskýlur
Sundbuxur

**30% AUKA AFSLÁTTUR** af öllum fatnaði

PUMA CATMANDOO
Íþróttafatnaður
Vetrarúlpur
Snjóbuxur
Sokkar

**Verðdæmi:**

**Puma innanhússskór**
Fullt verð: 19.990 kr.
Outlet verð: 13.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 6.995 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 65%

**Puma-fótboltaskór barna**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 1.995 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 75%

**Puma-barnakuldaskór**
Fullt verð: 11.990 kr.
Outlet verð: 7.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 3.995 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 66%

**Herrasundbuxur**
Fullt verð: 7.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 65%

**Stelpusundbolur**
Fullt verð: 5.990 kr.
Outlet verð: 3.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 2.795 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 53%

**Catmandoo vetrarúlpa**
Fullt verð: 19.990 kr.
Outlet verð: 13.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 9.795 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 51%

**Puma-dömuhettupeysa**
Fullt verð: 15.990 kr.
Outlet verð: 8.990 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ: 6.295 kr.**
HEILDAR-AFSLÁTTUR 60%

## Komdu og gerðu frábær kaup!

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

**Útsöluopnun:**
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






# LÍFIÐ

## Trend á Twitter Mat bætt inn í vinsæla dægurlagatexta

➜ Kassamerkið #FoodSongs tröllríður nú Twitter en þar keppist fólk um að breyta vinsælum lagatextum með einhverju matarkyns.

**Jee Young Han**
**@lajeejee**
Sweet dreams are made of cheese, who am I to diss a brie? **#FoodSongs**
**Réttur texti**
*Sweet dreams are made of this. Who am I to disagree?*
**Eurythmics**

**K Grubb**
**@10MinuteWriter**
**#FoodSongs** Let's Hear It For The Soy!
**Réttur texti**
*Let's hear it for the boy*
**Deniece Williams**

**Josh Stern**
**@joshingstern**
I wanna hold your Ham **#FoodSongs**
**Réttur texti**
*I wanna hold your hand*
**Bítlarnir**

**AMP Radio Calgary**
**@ampcalgary**
What is love? Bacon don't hurt me ... don't hurt me ... anymore. **#FoodSongs**
**Réttur texti**
*What is love? Baby don't hurt me. Don't hurt me, no more*
**Haddaway**

**Howard Ho**
**@ho_howard**
Jello, is it me you're cooking for? @midnight **#FoodSongs**
**Réttur texti**
*Hello, is it me you're looking for?*
**Lionel Richie**

**Dane Rauschenberg**
**@seedanerun**
We Are Never Ever Getting Snacks Together **#FoodSongs** @midnight
**Réttur texti**
*We are never ever getting back together*
**Taylor Swift**



**MIKIL FEGURÐ** Akureyrarbær lýsir upp myrkrið með einskærri fegurð. Hér sjáum við svokallað „rail“ sem menn ætla leika listir sínar á. MYND/DAVÍÐ RÚNAR

# Allt klárt í fjallinu

**Iceland Winter Games hefjast í dag í Hlíðarfjalli. Um sextíu keppendur taka þátt í þessum einstöku vetrarleikum. Miklar framkvæmdir fylgja vetrarleikunum.**

„Það er allt orðið klárt og það ríkir mikil eftirvænting. Nú treystum við bara á veðurguðina,“ segir Davíð Rúnar Gunnarsson, viðburðastjóri hjá Viðburðastofu Norðurlands, sem stendur fyrir vetrarleikunum Iceland Winter Games sem hefjast í dag.

Miklar framkvæmdir hafa verið í Hlíðarfjalli undanfarnar vikur til að gera allt klárt fyrir þessa einstöku vetrarleika.



**DAVÍÐ RÚNAR GUNNARSSON**

„Á næsta ári verður mótið platinum-mót sem þýðir að allir bestu skíða- og brettakappar heimsins koma á svæðið. Þá erum við að tala um heimsmeistarann og Evrópumeistarann. Menn verða að mæta á slík mót því annars hrynja þeir niður heimslistann. Menn eru mest að keppa á platinum-mótum,“ útskýrir Davíð Rúnar.

Í ár taka þátt margir af fremstu bretta- og skíðamönnum heimsins eins og PK Hunder sem er í norska landsliðinu í free-ski. „Hann var í 14. sæti á Vetrarólympíuleikunum. Hann er búinn að taka þátt í X games fimm sinnum og lenti í þriðja sæti í Frostgun í Frakklandi.

Felix Usterud er í norska landsliðinu í free-ski. „Hann hefur tvisvar tekið þátt í heimsmeistaramótinu í free-ski, lenti í þriðja sæti á Frostgun og í Street rail battle.“

Alls eru keppendur vetrarleikanna um sextíu talsins. Þá eru margir frá erlendum fjölmiðlum fyrir norðan á meðan vetrarleikarnir standa yfir.

„Bærinn er að fyllast af erlendu skíða- og íþróttafólki. Við leggjum mikið upp úr off-venue dagskránni, það er alltaf eitthvað að gerast á kvöldin. Páll Óskar skemmtir á laugardagskvöldið í Sjallanum og Nýdönsk á Græna hattinum fyrr að kvöldi laugardags,“ bætir Davíð Rúnar við.

gunnarleo@frettabladid.is



**HÖRKUVINNA** Mikil vinna er að baki í Hlíðarfjalli fyrir vetrarleikana Iceland Winter Games sem haldnir verða um helgina. MYND/DAVÍÐ RÚNAR




**HLÍÐARFJALL** Mikið verður um dýrðir í fjallinu um helgina. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir undanfarnar vikur. MYND/DAVÍÐ RÚNAR



**TRYLLITÆKI** Hér sjáum við ógnvænlegt tryllitæki við smíði stökkpalls í Hlíðarfjalli. MYND/DAVÍÐ RÚNAR



**GRÍÐARSTÓRIR PALLAR** Stærðarinnar stökkpallar prýða hluta brekkunnar í fjallinu góða. MYND/DAVÍÐ RÚNAR


## Útboð – Utanhúsmálun

**Húsfélagið Meistaravöllum 17 óskar eftir tilboðum í málun utanhúss ásamt minni háttar múrviðgerðum.**

Útboðsgögn er hægt að nálgast hjá formanni húsfélagsins, sími 866 22 58 (Salvör).

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir kl. 17 þann 18. mars, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim er þess óska.

170 Seltjarnarnes **Tjarnarstígur**





**Seltjarnarnes - einbýlishús**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Glæsilegt einbýlishús samtals að stærð 227,9 fm
- Steypt hús
- Eignarlóð
- Tvöfaldur bílskúr



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **69,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Brávallagata 14 - Tvær íbúðir**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðrar íbúðar í risi hússins. Skjólgóðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Auðvelt að breyta annarri stofu í herbergi. Nýlegir þakgluggar eru á risíbúð. Barnvænn bakgarður á milli Ljósvallagötu og Ásvallagötu. **Verð 36,9 millj. Verið velkomin.**

# DEBENHAMS

# SENSAI

Geislandi af völdum silkis.

SENSAI andlitsfarði veitir húðinni nauðsynlegan raka og lýtalausa áferð með öllum þeim ljóma og fágun sem silki hefur til að bera.

Fáguð fegurð með SENSAI




## SENSAI dagar í Debenhams 6.–12. mars.
## 20% afsláttur af öllum förðum og Bronzing Gel.

Boðið verður upp á húðgreiningu með nýju húðgreiningartölvu SENSAI virka daga milli 12 og 17.
Fallegur kaupauki ef keyptar eru tvær vörur.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Njóta náttúrunnar á fjallaskíðum

**Fjallaskíði njóta síaukinna vinsælda hér á landi en hægt er að stunda þessa skíðamennsku nánast allt árið um kring. Fjallaskíði eru ólík venjulegum skíðum að ýmsu leyti og segir fjallaskíðakapinn Tómas Einarsson íþróttina krefjandi.**

„Þetta er eins og að klappa ketti,“ segir Tómas Einarsson fjallaskíðakappi um skinnin sem sett eru undir fjallaskíði. Fjallaskíði eru ólík venjulegum skíðum að ýmsu leyti.

„Skinn eru sett undir skíðin til að það sé hægt að ganga á þeim, jafnvel upp brekkur,“ segir Tómas. „Skinnin eru með stuttum hárum. Þau liggja þannig að þú getur rennt þér aðeins áfram,“ segir Tómas. „Skíðin sjálf eru sosum ekki mjög ólík venjulegum skíðum, þótt þau séu aðeins breiðari. Aðalmunurinn er sá að hægt er að losa upp hælinn á bindingunum fyrir klossana þannig að þú ert frjálsari til gangs á skíðunum.“



TÓMAS EINARSSON

Hópurinn sem stundar fjallaskíðamennsku fer ört stækkandi.

„Þetta er alltaf að öðlast meiri og meiri vinsældir, þessi skíðamennska. Það er í rauninni hægt að stunda þetta nánast allt árið. Eins og þetta er búið að vera núna síðastliðið ár er hægt að komast á skíði alla mánuði ársins,“ segir Tómas sem byrjaði að stunda fjallaskíðamennsku fyrir fjórum árum.

„Ég hef ekki alltaf verið mikill skíðamaður, en tók upp á því fyrir um sex eða sjö árum. Krakkarnir eru búnir að vera að æfa á skíðum og ég hef fylgt þeim. Síðan lá beinast við að fara út í fjallaskíðamennsku meðfram hinu. Þetta er að vissu leyti meira krefjandi en venjuleg skíðamennska. Þú verður að geta gengið upp til að geta rennt þér niður. Það er ekki minnsta gleðin við það að vera úti í náttúrunni og bara ganga,“ segir Tómas.

Tómas er búsettur á Akureyri. „Svæðið hérna á Tröllaskaganum er paradís fyrir svona skíðamennsku. Svo er fólk alveg að fara upp á jökla á fjallaskíðum, til dæmis á Hvannadalshnjúk. Þá næst alveg ævintýralega langt rennsli. Ég hef hins vegar verið mest hér á þessu svæði á Tröllaskaganum. Ég var nefnilega skilinn eftir þegar hópurinn fór upp á Hvannadalshnjúk. Það var þannig að Andrésarleikarnir voru haldnir akkúrat sömu helgi. Sonur minn var að keppa, og það var ekki hægt að sleppa því. Á meðan fór kunningjahópurinn á Hvannadalshnjúk. Það tók víst mjög á, ekki síst andlega, þetta er svo langur gangur.“

> **Þetta er að vissu leyti meira krefjandi en venjuleg skíðamennska. Þú verður að geta gengið upp til að geta rennt þér niður.**
>
> *Tómas Einarsson*

Á föstudaginn langa verður haldið fyrsta fjallaskíðamótið hér á landi.

„Þá er gengin ákveðin leið sem við erum ekki alveg búin að negla niður. Þurfum að meta veður og aðstæður á keppnisdegi. Þetta snýst um það hver er fyrstur í mark. Það verður hópstart. Síðan er gengin ákveðin leið. Menn þurfa að skíða niður einhverjar brekkur, og síðan jafnvel að ganga aftur og skíða aftur niður. Við komum til með að birta frekari upplýsingar þegar nær dregur,“ segir Tómas.

ugla@frettabladid.is



→ Aðalmunurinn á fjallaskíðum og venjulegum skíðum er sá að hægt er að losa upp hælinn á bindingunum fyrir klossana þannig að þú ert frjálsari til gangs á skíðunum.



**SKILINN EFTIR** Tómas Einarsson var skilinn eftir á Akureyri á meðan vinir hans gengu á Hvannadalshnjúk. MYND/EIRÍKUR GEIR RAGNARSSON

## → Hvað kostar búnaðurinn?

**Fréttablaðið hafði samband við búðina Fjallakofann í Kringlunni, sem selur fjallaskíðabúnað, til að fá hugmynd um hvað kostar að stunda þessa íþrótt. Hér er verð á búnaði frá þeim.**

**Ódýrasti** **pakkinn frá þeim kostar**
Völkl Qanik skíði **57.995 kr.**
Völkl Qanik skinn **36.995 kr.**
Marker F10 Tour binding **64.995 kr.**
Scarpa Thrill fjallaskíðaskór **79.995 kr.**
Samtals **239.980 kr.**

**Miðlungsdýr** **pakki**
Völkl Nanuq skíði **109.995 kr.**
Völkl Nanuq skinn **36.995 kr.**
Diamir Fritschi Eagle **12 89.995 kr.**
Scarpa Maestrale RS **109.995 kr.**
Samtals **346.980 kr.**

**Ef keyptur er pakki** þá gefur Fjallakofinn 20% afslátt af honum. Að auki er nauðsynlegt að vera með góða stafi og hafa þá með breiðum kringlum.
Verð **19.995-24.995 kr.**

Bakpoka er einnig nauðsynlegt að hafa fyrir aukaföt, nesti og snjóflóðabúnað. Verð á þeim er frá **13.995-28.995 kr.**

Heilög þrenning eins og fjallagarpar tala um er þetta:
**Snjóflóðaýlir 29.995-84.995 kr.**
**Skófla 10.995-17.995 kr.**
**Stöng 13.995-19.995 kr.**





**Velkomin á Dior daga 6.-8. mars**
Sérfræðingur frá Dior kynnir spennandi nýjungar.
Glæsileg gjöf fylgir kaupum á tveimur Dior vörum.

SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS


# Langar í fleiri börn

**Söngkonan Shakira væri til í átta eða níu stykki.**

„Ég væri orðin ólétt aftur ef ég væri ekki föst í tónlistarverkefnum. Mig langar í átta eða níu börn með Gerard – mitt eigið fótboltalið,“ segir söngkonan Shakira í viðtali við tímaritið Latina. Hún á soninn Milan, þrettán mánaða, með knattspyrnumanninum Gerard Pique og reynir nú að finna takt á milli einkalífsins og vinnunnar.

„Ég fór stundum í hringi í kringum hugmynd en ég hef ekki tíma í það síðan hann fæddist. Ég þarf að flýta mér aftur heim. Þannig að hann hefur kennt mér að einbeita mér,“ segir hún og vísar í son sinn.

„Þegar maður á barn, þá finnur maður ást þess og friðinn í heiminum. Maður vill deila góðu fréttunum og deila hamingjunni sem maður finnur,“ bætir Shakira við.

- lkg



**BARNAÓÐ** Shakira vill stóra fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 21. mars 2014 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillögur til breytingar á samþykktum.
3. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

BRJÁLUÐ...

# LAGERSALA NTC

Faxafeni 10




flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautján Kultur menn gs skór focus KARAKTER KONUR Kultur

COMPANYS Deres SMASH Sparkz URBAN eva

**Opið í dag og alla helgina frá kl. 11-18**




Lagersala NTC í Outlet 10 Faxafeni 10 - s. 578 7977




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| NON STOP VIP | KL. 5:50 - 10:20 | |
| WINTER'S TALE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:40 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 10:30 | L |
| 12 YEARS A SLAVE | 6 - 9 | 16 |
| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
| 300: RISE OF AN EMPIRE FORSÝND | KL. 8 | 16 |
| GRAVITY 3D SALUR 1 (STÆRSTA TJALD LANDSINS) | KL. 5:50 | 12 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:25 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:30 | 12 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| NON STOP | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NEBRASKA (ÓTEXTUÐ) | KL. 5.30 - 8 | 7 |
| RIDE ALONG | KL. 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.30 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.25 | 12 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 6 - 8 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 6 - 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | 8, 10:25 | 12 |
| RIDE ALONG | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| ROBOCOP | 10:25 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 5:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |




**MIKIL HÁTÍÐ** Emilíana Torrini kemur fram á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Allir fá aðgang að hátíðinni

Íslensku tónlistarverðlaunin fagna 20 ára afmæli í ár og verða haldin í Eldborg í Hörpu föstudaginn 14. mars. Margt af okkar helsta tónlistarfólki mun koma fram, það sem skara þótti fram úr á árinu 2013 verður verðlaunað auk þess sem litið verður yfir farinn veg og saga verðlaunanna skoðuð allt aftur til ársins 1993 með aðstoð umsjónarmanna þáttarins Árið er. Fram koma meðal annars Emilíana Torrini, Hjaltalín, Skálmöld og Mezzoforte.

Í fyrsta skipti í sögu Íslensku tónlistarverðlaunanna gefst almenningi nú færi á að kaupa miða á hátíðina.

- glp

# Talað við ókunnuga

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Átta af hverjum tíu Íslendingum eru á Facebook. Þrátt fyrir þetta ótrúlega hlutfall erum við eftirbátar margra þjóða þegar kemur að því að nýta samskiptamiðlana til fulls. Facebook hefur fjölmarga samfélagslega kosti en sem tól til að tengja saman ólíka hópa og skoðanir er það glatað.

**VINIR** og kunningjar eiga samskipti á Facebook, sem síar út þá sem þú átt í litlum samskiptum við. Ef þú lækar status hjá vini þínum eykurðu líkurnar á því að þú sjáir næsta status frá honum. Þannig gerist það smátt og smátt að veggurinn þinn fyllist af fólki sem þú átt samleið með. Umræðan lokast því inni í ákveðnum hópum og sleppur ekki út nema í undantekningartilfellum. Hvað getum við gert í þessu?

**VIÐ** byrjum að nota Twitter. Twitter er eins og frjálslynd útgáfa af Facebook — umræða án hindrana í formi vinabeiðna og einkalífsstillinga. Twitter flokkar umræðuna í kassamerki (e. hashtags) og virkar best þegar sérstakir viðburðir eru í gangi. Fótboltaáhugamenn (#fotbolti) voru fyrstu íslensku landnemarnir á Twitter en í dag er hópurinn sem notar samfélagsmiðilinn mjög fjölbreyttur og sístækkandi. Gísli Marteinn (#sunnudagur) og Mikael Torfason (#minskodun) nýta sér til dæmis Twitter til að víkka út umræðuþætti sína á netið með frábærum árangri, Eurovision verður helmingi skemmtilegra (#12stig), eins og Óskarsverðlaunin (#óskarinn) og 25 ára afmæli bjórsins á Íslandi (#bjór25) varð allt í einu persónulegt þegar Íslendingar lýstu fyrstu kynnum sínum af þeim görótta drykk í 140 slögum.

**TWITTER-BYLTINGIN** er hafin og fjölmiðlar þurfa að vera vakandi með því að birta kassamerki með beinum útsendingum. Við sjáum nefnilega reglulega glötuð tækifæri til að færa umræðuna á annað stig. Fyrstu oddvitakappræðurnar í Reykjavík fóru fram á Stöð 2 á mánudag en kassamerkið í horninu var fjarverandi. Umræðan var því lítil. Kastljós gerði sömu mistök þegar forsætisráðherra settist í rafmagnsstólinn hjá Helga Seljan á þriðjudagskvöld.

**BÖRNUM** er sagt að tala ekki við ókunnuga en þegar maður verður fullorðinn er það skemmtilegt, gefandi og nauðsynlegt til að víkka sjóndeildarhringinn. Gerum meira af því. Sjáumst á Twitter (@atlifannar).



**FÉLL FYRIR ÍSLENSKU KVENFÓLKI** Mirko segist hafa verið djúpt snortinn eftir fyrstu heimsókn sína til landsins í fyrra. MYND/MIRKO KRAEFT



**MIRKO KRAEFT** Hætti í verkfræði og hóf nám í ljósmyndun fyrir fimm árum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Vill mynda nakið kvenfólk

Hinn þýski Mirko Kraeft er kominn hingað til lands til þess að klára lokaverkefni sitt í ljósmyndun.

„Ég er að leita að íslenskum konum á aldrinum tuttugu til þrjátíu ára til að sitja fyrir, naktar,“ segir þýski ljósmyndarinn Mirko Kraeft, sem er hingað kominn til lands frá Berlín, til þess að mynda lokaverkefni sitt við Berliner Technische Kunsthochschule, sem er listaháskóli þar í borg.

Mirko kom fyrst hingað til lands í september í fyrra. „Fyrir utan þessa ótrúlega fallegu birtu, fannst mér óvanalegt landslagið einstaklega heillandi,“ segir hann og bætir við: „Litirnir og formin í náttúrunni virtust renna saman í eitt, sem var eitthvað sem ég hafði aldrei áður séð, hvorki fyrr né síðar. Bylgjótt yfirlagið er eins og einhver sjónbrella – eins og það séu lík sem liggi undir jörðinni,“ segir hann og bætir við að honum hafi þótt mikið til íslenskra kvenna koma.

„Íslenskar konur eru eins og íslenska náttúran; ljós húð sem skín á, hár sem flæðir og augun eru eins og ísjakar í Atlantshafinu. Ég var virkilega djúpt snortinn eftir þessa heimsókn mína,“ segir hann og segist hafa ákveðið þá og þegar að láta lokaverkefni sitt við listaháskólann fjalla um þetta.

Mig langar til þess að heimfæra þessa kvenlegu fagurfræði upp á íslensku náttúruna – mig langar til þess að rannsaka þetta betur.“

Mirko keypti sína fyrstu myndavél fyrir fimm árum.

„Ég varð ástfanginn af ljósmyndun. Ég hætti í skólanum, þar sem ég var að læra verkfræði, til þess að einbeita mér að ljósmynduninni. Nú hef ég mestan áhuga á portrettlist og hygg á frama í ljósmyndun,“ segir Mirko að lokum – en áhugasamar fyrirsætur geta haft samband á mirkokraeft@googlemail.com.

**olof@frettabladid.is**

> **Íslenskar konur eru eins og íslenska náttúran; ljós húð sem skín á, hár sem flæðir og augun eru eins og ísjakar í Atlantshafinu.**
>
> *Mirko Kraeft*


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



# PÁSKAFLUG

TILBOÐSVERÐ FRÁ

# 8.800 KR.

AÐRA LEIÐ MEÐ SKÖTTUM

BÓKANLEGT FRÁ 6. MARS KL. 10.00 TIL 7. MARS KL. 24.00 | FLUGFELAG.IS

GILDIR TIL EÐA FRÁ REYKJAVÍK, ÍSAFIRÐI, AKUREYRI
EÐA EGILSSTÖÐUM FERÐATÍMABILIÐ 13. APRÍL TIL 28. APRÍL.
GILDIR EKKI Í TENGIFLUG. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ.

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 68020 03/14

## Fyrsta Hafnarfjarðar-„sópið“ í átta ár?



Nýkrýndir bikarmeistarar Hauka fá stórt verkefni í kvöld í fyrsta leik sínum eftir bikarsigurinn í Höllinni þegar þeir taka á móti nágrönnum sínum í FH í Schenker-höllinni á Ásvöllum í 16. umferð Olís-deildar karla.
Haukar hafa unnið alla fjóra leiki sína á móti FH í vetur og vinni þeir einnig í kvöld verður það í fyrsta sinn síðan tímabilið 2005-2006 þar sem annað Hafnarfjarðarliðið vinnur alla deildarleiki þessara erkifjenda á sama tímabilinu. FH hefur aftur á móti haft betur í deildarleikjum Hafnarfjarðarliðanna undanfarin þrjú tímabil (2-1 í öll skiptin). Síðasta Hafnarfjarðar-„sópið“ var þegar Haukar unnu báða deildarleiki liðanna leiktíðina 2005-2006. Leikur Hauka og FH hefst klukkan 20.00 en í kvöld mætast einnig Akureyri-ÍR (19.00), ÍBV-Fram (19.30) og Valur-HK (20.15).

## Þjálfari dönsku bikarmeistaranna tekur við landsliðinu

**KÖRFUBOLTI** Craig Pedersen, 48 ára Kanadamaður, mun þjálfa íslenska karlalandsliðið í körfubolta í sumar en hann tekur við liðinu af Svíanum Peter Öqvist.
Aðstoðarmenn Pedersens verða þeir Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari toppliðs KR í Dominos-deildinni, og Arnar Guðjónsson sem er einnig aðstoðarmaður Pedersens hjá danska liðinu Svendborg Rabbits. Finnur mun einnig þjálfa 20 ára landslið Íslands.
Þeir Craig Pedersen og Arnar gerðu Svendborg Rabbits að dönskum bikarmeisturum á dögunum eftir magnaðan endurkomusigur á Bakken Bears sem var meðal annars 23 stigum yfir í hálfleik. Strákarnir hans Craigs gerðu hið ómögulega í seinni hálfleiknum á móti toppliði deildarinnar, unnu hann 57-31 og þar með leikinn 87-84.
Það var í þriðja sinn sem Pedersen gerir Svendborg-liðið að dönskum bikarmeisturum (líka 2007 og 2011) en liðið vann danska meistaratitilinn undir hans stjórn vorið 2001. Liðið hefur hins vegar tapað í lokaúrslitunum undanfarin þrjú ár og alls sex sinnum síðan Pedersen tók við liðinu 2003.
Íslenska liðið tekur þátt í undankeppni Evrópukeppninnar í ágúst þar sem liðið er í riðli með Bretlandi og Bosníu. Liðið mun hefja æfingar í júlí og mun leika æfingaleiki í lok júlímánaðar áður en Bretar mæta í Laugardalshöllina 10. ágúst. - óój



**FJÓRIR TITLAR** Craig Pedersen hefur gert Svendborg Rabbits að dönskum meisturum (2010) og bikarmeisturum (2007, 2011, 2013). MYND/LINDA SÖRENSEN



**FRÁBÆR** Gareth Bale var illviðráðanlegur fyrir íslenska liðið í gær. MYND/AFP

## Bale afgreiddi íslenska liðið

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið tapaði 1-3 á móti Wales í vináttulandsleik í Cardiff í gærkvöldi. Árið 2014 byrjar því ekki vel.
Gareth Bale, dýrasti knattspyrnumaður í heimi, gerði útslagið en hann skoraði eitt mark sjálfur og lagði síðan upp hin mörkin fyrir félaga sína.
Jóhann Berg Guðmundsson jafnaði metin í 1–1 á 26. mínútu eftir sendingu Alfreðs Finnbogasonar. Allt um leikinn má finna inn á visir.is. -óój

### Vináttulandsleikir á erlendri grundu
**- UNDIR STJÓRN LARS LAGERBÄCK**

| | |
|---|---|
| 24. febrúar 2012 - Japan | 1-3 tap |
| 29. febrúar 2012 - Svartfjallaland | 1-2 tap |
| 27. maí 2012 - Frakkland | 2-3 tap |
| 30. maí 2012 - Svíþjóð | 2-3 tap |
| 14. nóvember 2012 - Andorra | 2-0 sigur |
| 6. febrúar 2013 - Rússland | 0-2 tap |
| 21. janúar 2014 - Svíþjóð | 0-2 tap |
| 5. mars 2014 - Wales | 1-3 tap |



**ÞRENNA ÞRIÐJA LEIKINN Í RÖÐ?** KR-ingurinn Pavel Ermolinskij hefur verið öflugur undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Klára KR-ingar titilinn í kvöld?

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar geta tryggt sér deildarmeistaratitilinn í Dominos-deild karla í kvöld þegar þeir fá Skallagrím í heimsókn í DHL-höllina.
KR er með fjögurra stiga forskot á Keflavík þegar sex stig eru eftir í pottinum og verður alltaf ofar á innbyrðisleikjum.
Á sama tíma tekur Grindavík (3. sæti) á móti Keflavík (2. sæti) þar sem Keflvíkingar tryggja sér annað sætið með sigri. Grindavík er 4 stigum á eftir Keflavík en þarf að vinna með 15 stigum til að vera með betri innbyrðisárangur.
ÍR tekur á móti Njarðvík í þriðja leik kvöldsins þar sem Nigel Moore mætir sínum gömlu félögum. Njarðvíkingar hafa tapað þremur leikjum í röð í deildinni og eiga á hættu að missa heimavallarrétt í fyrstu umferð. ÍR er í baráttu við Stjörnuna og Snæfell um tvö laus sæti í úrslitakeppninni en öll liðin eru með 16 stig. -óój

# ÍSÍ mætti standa sig betur

Formaður Körfuknattleikssambands Íslands, Hannes S. Jónsson, gagnrýnir stjórnvöld fyrir að sýna íþróttastarfinu á Íslandi lítinn stuðning. Hann gagnrýnir einnig ÍSÍ fyrir að beita stjórnvöld ekki nægum þrýstingi.



**ÞETTA ER BRANDARI** Hannes segir að það vanti rúmar 300 milljónir króna í afrekssjóð ÍSÍ svo hægt sé að styðja almennilega við íslenskt afreksfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KÖRFUBOLTI** „Það er ekkert gaman að vera í vinnunni á hverjum einasta degi með í maganum út af peningamálum,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður og framkvæmdastjóri Körfuknattleikssambands Íslands, en samband hans skuldar í dag um 20 milljónir króna.
Reksturinn er erfiður og KKÍ hefur aðeins bolmagn til þess að halda úti þremur stöðugildum. Það er ekki mikið fyrir stórt samband eins og KKÍ.
„Hér þyrftu að vera að lágmarki fimm til sex stöðugildi svo eðlilegt væri. Ég veit að sama staða er uppi hjá fleiri sérsamböndum. Stærri sérsamböndin eru undirmönnuð og það er mikið álag allan sólarhringinn á öllum starfsmönnum.“
Formaðurinn hefur í gegnum tíðina verið ötull við að gagnrýna hvernig staðið er að íþróttamálum á Íslandi. Hann segir stjórnvöld alls ekki styðja nógu vel við bakið á íslensku íþróttalífi.

### Betra á hinum Norðurlöndunum

„Ríkisvaldið sýnir íþróttahreyfingunni ekki nægan skilning. Bæði hvað varðar að reka sérsamböndin sem og að reka afreksstarf. Við þurfum að sækja peninga til félaganna til að standa undir tekjum starfsmanna. Við fáum ríkisstyrk upp á 3 milljónir króna á ári til þess að reka skrifstofu. Þær duga engan veginn til hjá eins stóru sambandi og okkar.“
Hannes segir vinsælt á Íslandi að bera sig saman við nágrannaþjóðirnar. Hann hefur kynnt sér hvernig staðið er að málum þar.
„Þar er ríkisvaldið að setja mun meira í prósentum talið inn í samböndin en á Íslandi.“
Þessi barátta Hannesar og íþróttaforkólfa á Íslandi er langt frá því að vera ný af nálinni og árangurinn undanfarin ár hefur ekki verið mikill. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, semur við ríkisvaldið en hvernig finnst Hannesi ÍSÍ standa sig í þeirri baráttu?
„Ég held að allir séu að gera sitt besta. Mér persónulega finnst að ÍSÍ mætti standa sig betur í þessum málum. Að vera meira þrýstiafl fyrir okkur hin. Það hefur verið rætt hér innandyra að það þurfi að beita ríkisvaldið meiri þrýstingi,“ segir Hannes en er hann bjartsýnn á að eitthvað breytist í nánni framtíð?
„Nei, það er ég ekki. Ég er svartsýnn því það virðist alveg vera sama hvaða stjórnmálaflokkar eru við völd í þessu landi. Það er alltaf lofað öllu fögru og allir stjórnmálamenn tala um hvað íþróttir skipti miklu máli á góðri stundu. Þegar á hólminn er komið hafa allir stjórnmálamenn, sama í hvaða flokki þeir eru, ekki kjarkinn til þess að fara í þetta af fullu afli.“

### Vantar miklu meiri pening

Síðustu tvær ríkisstjórnir hafa komið með smá hækkanir í íþróttastarfið en Hannes segir að þær séu allt of litlar og enn sé langt í land.
„Þetta eru litlar hækkanir í heildina. Aðeins nokkrar milljónir á nokkrum árum. Það vantar miklu meira fjármagn. Þá segja margir að það vanti líka pening í hitt og þetta. Það er aftur á móti staðreynd að íþróttir eru ein besta forvörnin. Við munum hafa færra fólk sem þarf að fara í gegnum heilbrigðiskerfið ef við getum haft íþróttastarfið enn öflugra en það er.“
Ísland hefur framleitt marga afreksmenn í gegnum tíðina og Hannes segir það vera ótrúlegt miðað við þann litla stuðning sem afreksfólkið og íþróttastarfið fær.
„Það er fólk að vinna ótrúlegt starf út um allt land við lítinn skilning stjórnmálamanna nema þegar árangur næst. Þetta er að mörgu leyti brandari. Afrekssjóður þarf að vera að lágmarki 200 til 250 milljónir króna. Ríkisvaldið kemur aftur á móti með 70 milljónir,“ segir Hannes og bendir á að afreksstarfið skili miklum tekjum til landsins. Íþróttafólk komi á mót til Íslands. Fljúgi með íslenskum flugfélögum, gisti á hótelum, kaupi mat og varning.
„Afrekssjóðurinn þyrfti með réttu að vera í kringum 400 milljónir en 200 er algjört lágmark. Það er magnað að við getum framleitt afreksmenn yfirhöfuð miðað við þennan litla stuðning. Fólk úti í heimi skilur ekki hvernig við förum að þessu.“ henry@frettabladid.is

# Refsuðu fyrir barnaleg mistök

Kvennalandsliðið tapaði stórt fyrir Evrópumeisturum Þýskalands í Algarve.

**FÓTBOLTI** „Tilfinningarnar eru blendnar eftir þennan leik,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, við Fréttablaðið eftir 5-0 tap gegn Evrópumeisturum Þýskalands í fyrsta leik liðsins á Algarvemótinu í gær.
„Maður er svekktur með 5-0 tap, sérstaklega þar sem við vorum 3-0 undir í hálfleik. En skipulagið sem við lagt var upp með tókst vel. Leikmenn voru kraftmiklir og ákveðnir í návígi eins og lagt var upp með. Við náðum að vernda miðjuna og miðverðina ágætlega,“ sagði Freyr.
Lagt var upp með varnarleik gegn Þýskaland og spiluðu stúlkurnar lágpressu. Þrátt fyrir það komust Evrópumeistararnir yfir með marki Dzsenifer Marozsán á 8. mínútu. Hún bætti svo við öðru marki fimmtán mínútum síðar og Celia Sasic skoraði það þriðja rétt fyrir lok fyrri hálfleiks.
„Við fengum á okkur þrjú mörk í fjórum marktilraunum sem er bara of mikið. Ég get samt ekkert sett út á Guðbjörgu í markinu. Þjóðverjar kláruðu færin sín bara vel. Það voru bara barnaleg mistök okkar sem gáfu þeim þessi færi og þýska liðið er alltof gott. Það bara refsar ef maður gerir svona mistök,“ sagði Freyr sem ætlar að gefa óreyndari leikmönnum tækifæri á mótinu og leyfa þeim að taka út sín mistök.
„Þessi barnalegu mistök eru að gerast í kringum nýliða og óreyndari leikmenn. En við verðum bara gefa þeim tíma til að gera sín mistök. Ég var samt sem áður mjög ánægður með frammistöðu þeirra þrátt fyrir mistökin. Allar fóru þær eftir skipulaginu og lögðu sig fram. Við verðum bara passa okkur að staldra ekki of lengi við þetta og fara að hugsa um næsta leik,“ sagði Freyr Alexandersson. Ísland mætir næst Noregi á morgun. - tom



**ERFITT** Harpa Þorsteinsdóttir í baráttu í leiknum í gær. MYND/KSÍ

## Grátlegt tap í Kasakstan

**FÓTBOLTI** Íslenska 21 árs landsliðið kemur stigalaust heim frá Kasakstan eftir 2-3 tap en íslenska liðið fékk úrslitamarkið á sig á 89. mín. og þá manni fleiri.
Kasakar komust í 2-0 á fyrstu 17 mínútunum en Hólmbert Friðjónsson (60. mín.) og Hjörtur Hermannsson (67. mín.) jöfnuðu metin. Mark var síðan dæmt af Hólmberti áður en Kasakar skoruðu sigurmarkið í blálokin.
Íslenska liðið vann fjóra fyrstu leiki sína í riðlinum en hefur nú tapað tveimur í röð. Liðið hefur þremur stigum meira en Kasakstan og á leik inni og á því enn mjög góða möguleika á að ná inn í umspilið um sæti á EM. - óój



**HÓLMBERT FRIÐJÓNS**



Vnr. 41100109
Matar- og kaffistell
fyrir 4, alls 20 stk.
**6.995kr.**




**9,5X4,5 CM**

Vnr. 41121098
Möffinsform, sílikon, 6 stk.
**995kr.**

## MOTTUMARS ARMBAND



Allur ágóði af sölu armbands rennur til Krabbameinsfélagsins.
**1.500kr.**

VERÐVERND BYKO
## LÆGRA VERÐ

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.




## ÓDÝR OG GÓÐ BOX



Vnr. 42410178-81/271
Þeytari, sílikon.
Bleikur, rauður,
grænn eða fjólublár.
**1.895kr.**



Vnr. 42410174-77/267
Spaði, sílikon.
Bleikur, rauður,
grænn eða fjólublár.
**1.895kr.**

Vnr. 42410281
Salt- og piparkvörn.
**1.995kr.**






Vnr. 42410247-50
Hnífasett, 3 hnífar.
Bleikir, rauðir,
grænir eða fjólubláir.
**2.795kr.**

HRAUSTIR MENN
MOTTU MARS

BYKO TEKUR ÞÁTT Í
# MOTTUMARS
ÁTAKI KRABBAMEINSFÉLAGSINS

Af því tilefni renna 10% af söluandvirði
af völdum vörum til Krabbameinsfélagsins.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.25
### Heilsugengið

Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



### Eldað með Ebbu

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### The Biggest Loser – Ísland

**SKJÁR EINN KL. 20.40** Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir.



### American Idol

**STÖÐ 3 KL. 20.00** Þrettánda röð þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið.

## FM957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann



Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Nashville**
**11.50** **Suits**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **It's Kind of a Funny Story**
**14.45** **The O.C**
**15.40** **Loonatics Unleashed**
**16.05** **Tasmanía**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Fóstbræður**
**19.55** **Life's Too Short** *(2:7)*
**20.25** **Heilsugengið**
**20.50** **Masterchef USA** *(10:25)*
**21.35** **The Blacklist** *(15:22)*
**22.20** **NCIS** *(4:24)*
**23.05** **Person of Interest**
**23.50** **The Descent**
**01.25** **Spaugstofan**
**01.50** **Mr. Selfridge**
**02.35** **The Following**
**03.20** **Banshee**
**04.10** **Queen to Play**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Suður Afríka - Brasilía**
**08.40** **England - Danmörk**
**14.40** **Atletico Madrid - Real Madrid**
**16.20** **Spænsku mörkin 2013/14**
**16.50** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.20** **England - Danmörk**
**19.00** **Meistaradeildin í hestaíþróttum 2014** Bein útsending
**22.30** **Haukar - Stjarnan**
**00.10** **Skallagrímur**
**00.40** **Oklahoma - Los Angeles Clippers**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.45** **Messan**
**12.05** **Swansea - Crystal Palace**
**13.50** **Tottenham - Cardiff**
**15.35** **Everton - West Ham**
**17.20** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.15** **Southampton - Liverpool**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Stoke - Arsenal**
**22.15** **Football League Show 2013/14**
**22.45** **Fulham - Chelsea**
**00.30** **Messan**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.25** **H8R**
**18.10** **How To Make It in America**
**18.40** **Game tíví**
**19.10** **Ben and Kate**
**19.35** **1600 Penn** *(10:13)*
**20.00** **American Idol** *(16:37)*
**21.25** **Hawthorne** *(2:10)*
**22.10** **Shameless** *(7:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman er löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
**22.55** **Shameless**
**23.45** **Supernatural**
**00.30** **Ben and Kate**
**00.55** **1600 Penn**
**01.20** **American Idol**
**02.40** **Hawthorne**
**03.25** **Supernatural**
**04.10** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Latibær **07.34** Ævintýraferðin **07.47** Tom and Jerry **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.50** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Brunabílarnir **10.47** Ávaxtakarfan **11.00** Skógardýrið Húgó **11.23** Latibær **11.35** Ævintýraferðin **11.48** Tom and Jerry **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.50** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Brunabílarnir **14.47** Ávaxtakarfan **15.00** Skógardýrið Húgó **15.23** Latibær **15.35** Ævintýraferðin **15.48** Tom and Jerry **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.50** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Brunabílarnir **18.47** Ávaxtakarfan **19.00** Iceage **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.50** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(1:24)*
**20.05** **Tekinn 2** *(2:14)*
**20.30** **Weeds** *(2:13)*
**21.00** **Game of Thrones** *(4:10)*
**22.00** **Without a Trace** *(1:24)*
**22.45** **Curb Your Enthusiasm**
**23.15** **Twenty Four**
**00.00** **Tekinn 2**
**00.25** **Weeds**
**00.55** **Game of Thrones**
**01.55** **Without a Trace**
**02.40** **Curb Your Enthusiasm**
**03.10** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.30** **The September Issue**
**13.00** **Johnny English Reborn**
**14.45** **There's Something About Mary**
**16.45** **The September Issue**
**18.15** **Johnny English Reborn**
**20.00** **There's Something About Mary**
**22.00** **Contraband**
**23.50** **Water for Elephants**
**01.50** **Ghost Rider. Spirit of Vengeance**
**03.25** **Contraband**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Einar Áskell**
**17.33** **Verðlaunafé**
**17.35** **Stundin okkar**
**18.01** **Skrípin**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Kiljan**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.05** **Eldað með Ebbu** *(1:8)* Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.
**20.35** **Frankie** *(6:6)* Ljúf og skemmtileg þáttaröð frá BBC um hjúkrunarfræðinginn Frankie. Umhyggjusöm og ósérhlífin eins og hún er, setur hún sjálfa sig iðulega í annað sæti.
**21.30** **Best í Brooklyn** *(7:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.50** **Svipmyndir frá Noregi** *(1:7) (Norge rundt)* Skyggnst er inn í líf dansara á níræðisaldri sem lætur ekkert stöðva sig.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** *(12:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.00** **Erfingjarnir** *(9:10) (Arvingerne)*
**00.00** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**11.00** **Árshátíðarmyndband Kvennaskólans í Reykjavík 2014**
**11.30** **Pepsi MAX tónlist**
**14.50** **The Voice**
**17.05** **90210**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **Parenthood**
**19.10** **Cheers**
**19.35** **Trophy Wife** *(9:22)*
**20.00** **Svali&Svavar** *(9:12)*
**20.40** **The Biggest Loser - Ísland** *(7:11)*
**21.40** **Scandal** *(8:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi.
**22.25** **The Tonight Show**
**23.10** **CSI**
**23.55** **Franklin & Bash**
**00.40** **The Good Wife**
**01.30** **The Tonight Show**
**02.15** **Blue Bloods**
**02.55** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** PGA Tour 2014 - Highlights **14.45** 2013 Augusta Masters **16.45** Golfing World 2014 **17.35** Inside The PGA Tour 2014 **18.00** World Golf Championship 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

20% afsláttur af kösturum

# KASTARADAGAR

Litir: HVÍTT, STÁL, GYLLT OG ANTIK




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

**BESTI SJÓNVARPSÞÁTTURINN**



„Besti sjónvarpsþátturinn þessa dagana er klárlega RuPaul‘s Drag Race. Ég er fullkomlega háð honum.“

Mr. Silla (Sigurlaug Gísladóttir), tónlistarkona.

# Frændur vinsælir í Finnlandi

Hugleikur Dagsson og Ari Eldjárn fara til Finnlands á þriðjudaginn með uppistand. Þeir skemmta í fjórum bæjum í þetta sinn og fara þangað aftur í sumar.

Hugleikur Dagsson heldur á þriðjudaginn ásamt frænda sínum, Ara Eldjárn, í uppistandsferðalag um Finnland. „Þeir kalla túrinn okkar Icelandic Comedy Invasion,“ segir Hugleikur, en þeir Ari skemmta í bæjunum Turku, Tampere, Oulu, Jyväskylä, og loks í Helsinki. „Þetta kom til eftir að Ari og félagar hans í Mið-Íslandi fengu André Wickström, sem er finnskur uppistandari, sem gestauppistandara á sýningu hjá Mið-Íslandi.“

„Ég dró Ara og André í eftirpartí eftir uppistand. Síðan þá höfum við verið Facebook-vinir. Ég spurði hann hvort það væri ekki möguleiki á því að ég gæti verið með uppistand í Finnlandi. Hann stakk upp á að við Ari kæmum saman, en Ari hafði farið áður til Finnlands með uppistand. Það endaði með því að okkur var skellt á grínhátíð í Turku síðastliðið haust. Á þessari grínhátíð vöktum við svo mikla lukku að við vorum beðnir um að koma aftur. Þess vegna erum við að fara í þennan túr núna. Svo förum við enn og aftur á einhverja grínhátíð í Finnlandi í sumar í bæ sem heitir Kuopio,“ segir Hugleikur.

Bækur Hugleiks hafa notið mikilla vinsælda í Finnlandi. „Ég er einmitt að svara hér viðtali á netinu við finnskan vefmiðil sem spyr meðal annars hvort Íslendingar og Finnar séu sálufélagar,“ segir Hugleikur.

- ue



**GRÍN** Hugleikur og félagar eru byrjaðir að skrifa nýja seríu af Hulla. „Þetta er allt á algjöru byrjunarstigi, en það skortir hvorki kímni né kerskni í nýja efninu,“ segir Hugleikur.





„Afar áhrifamikil bók – svo ekki sé meira sagt.“

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Höfðaborgin, fátækt sjöunda áratugarins, hyldjúp sorg og óbilandi lífskraftur.

VERÖLD




**FRÆÐA FÓLK UM FEMÍNISMA** Egill Fannar Halldórsson og Viktor Sveinsson hafa mikinn áhuga á að fræða fólk um femínisma og eru báðir mikli femínistar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Femínismi er ekki kúl

Egill Fannar Halldórsson og Viktor Sveinsson fræða nemendur um femínisma. Þeir unnu verkefni í framhaldsskóla um femínisma og álit nemenda á femínisma. Í undirbúningsvinnunni hittu þeir sérfræðinga, þar á meðal Hildi Lilliendahl.

„Við vildum rannsaka viðhorf fólks á menntaskólaaldri til femínisma og niðurstöðurnar voru nett sláandi,“ segir Egill Fannar Halldórsson en hann og Viktor Sveinsson, báðir fyrrverandi nemendur í Menntaskólanum við Sund, unnu rannsókn á viðhorfum ungs fólks til femínisma sem lokakjörsviðsverkefni á síðasta ári.

Markmið verkefnisins var að láta fólk kynna sér femínisma og mynda sér sína eigin skoðun.

Þeir skiluðu niðurstöðu verkefnisins í formi fyrirlestra sem þeir fluttu fyrir nokkra bekki skólans en niðurstöðurnar voru sláandi. Þeir lögðu rafræna könnun fyrir tvö hundruð nemendur á menntaskólaaldri og kom í ljós að mikil fáfræði var um femínisma og jafnréttisbaráttu hjá unga fólkinu.

„Við töldum að það væri engin fræðsla um jafnréttisbaráttu kynjanna af viti í skólum, að fræðslan komi aðallega frá fjölmiðlum og að skilaboðin séu því oft röng. Niðurstaðan varð sú að krakkar hafa fordóma gegn femínismanum. Krökkum finnst ekki kúl að vera femínisti því þeir fá svo röng skilaboð í hendurnar,“ útskýrir Egill Fannar. Áður en þeir lögðu af stað í rannsóknina kynntu þeir sér efnið mjög vel, lásu bækur og töluðu við góða kennara. „Ofan á það þá hittum við sérfræðinga, eins og Hildi Lilliendahl, við erum svolítið að tala hennar máli,“ bætir Egill Fannar við.

Báðir eru þeir útskrifaðir úr MS en þó hafði skólinn samband við þá félaga um að flytja erindi sitt í jafnréttisviku þar fyrir skömmu. Einnig hafði Menntaskólinn í Kópavogi samband við þá og fluttu þeir erindi í jafnréttisviku þar. „Við fengum frábær viðbrögð við fyrirlestrunum. Við sáum hvað það var mikið hlustað á okkur, bæði nemendur og kennarar voru ánægðir með þetta.“

Egil Fannar og Viktor langar að flytja fyrirlestur sinn víðar og telja að allt ungt fólk hafi gott af því að fá fræðslu. „Okkar langar mikið að fara í fleiri skóla og fræða fólk.“

Þeir félagar leggja mikið upp úr því að gera efnið skemmtilegt og auðskiljanlegt. „Við förum yfir allan pakkann í fyrirlestrinum. Í upphafi var ég alltaf meiri femínisti en Viktor, og má segja að hann hafi verið akkúrat andstæðan við mig og kallaði hann femínista til dæmis flíspeysumömmur. Fyrirlesturinn er alveg dónalegur á köflum og við erum að sjokkera. Hins vegar hafa viðbrögðin verið frábær.“ Þeir hafa báðir meðal annars fengið Facebook-skilaboð frá ánægðum nemendum.

gunnarleo@frettabladid.is

➜ Ein spurning úr könnun piltanna: Hvað er að vera öfgafemínisti? „Við fengum skemmtileg svör við þessari spurningu. Þarna sýndi það sig skýrt að margir hafa ekki hugmynd um hvað femínismi snýst. Til að mynda voru margir sem skrifuðu Hildur Lilliendahl sem svar við þessari spurningu.“



# New York-draumur í sumar

Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir eftir Ívar Pál Jónsson söngleik í New York.

„Ég hafði aldrei komið út fyrir Evrópu fyrr en í janúar þegar ég fór út að skoða aðstæður,“ segir Bergur Þór Ingólfsson sem leikstýrir söngleik í New York í sumar. „Fjölskyldan kemur með mér. Þær verða allar að lifa einhvern New York-draum, og ég leikhúsdraum,“ segir Bergur. „Ég hef ekki reynt að komast á skrá hjá umboðsskrifstofu erlendis áður, en nú fer ég að skoða það mál,“ segir Bergur, en þetta tækifæri kom upp í hendurnar á honum eftir að hann leikstýrði Mary Poppins. „Höfundurinn og framleiðandinn, Karl Pétur Jónsson, fengu mig í þetta eftir að hafa séð Mary Poppins,“ segir Bergur. Verkefnið er fjármagnað af Mostly Human Entertainment og Theater Mogul.

„Þetta verður sýnt í leikhúsi sem heitir Minetta Lane og er nálægt Washington Square. Leikmyndahönnuðurinn Petr Hlousek og danshöfundurinn Lee Proud úr Mary Poppins koma með,“ segir Bergur Þór.

Leikritið verður alheimsfrumsýning á nýju verki eftir Ívar Pál Jónsson. „Sýningin heitir Revolution Inside the Elbow of Ragnar Agnarsson the Furniture Painter.“ Bergur fer út um páskana að halda leikaraprufur. „Um leið og leikárið klárast hérna í júní hoppa ég svo upp í flugvél og fer og leikstýri þessu þarna úti,“ segir Bergur Þór.

- ue



**BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON**





next
Jakki
Kr. 15.990.
BREYTT OG BETRI DÖMUDEILD
OPIÐ
mán. - mið. 10:00 - 18:30
fimmtudaga 10:00 - 21:00
föstudaga 10:00 - 19:00
laugadaga 10:00 - 18:00
sunnudaga 13:00 - 18:00
Fylgstu með okkur á Facebook
NEXT, KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ralph Winter les handrit

Ralph Winter, framleiðandi X-Men-myndanna, er að lesa handrit eftir **Óttar Martin Norðfjörð** og Þórhall Sævarsson. Þórhallur flaug til Bandaríkjanna í fyrrakvöld til þess að kynna handritið fyrir framleiðendum. Handritið er hrollvekja. Óttar og Þórhallur fóru upp á hálendi í fyrrasumar til að taka myndir af hugsanlegum tökustöðum. Síðan var búinn til kynningarpakki sem Þórhallur ætlar að sýna mögulegum framleiðendum. „Það hefur verið mikill áhugi fyrir þessu, en það er samt ekkert í hendi,“ segir Óttar.



- ue

### Saman í Edmonton

**Helga Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, er nú stödd í Albertafylki í Kanada í tengslum við jómfrúarflug Icelandair til Edmonton.

Flogið var til borgarinnar í gær að lokinni athöfn þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra klippti á borða í Leifsstöð. Hann og eiginkona hans, Anna S. Pálsdóttir, flugu einnig til Kanada en ráðherra fer fyrir viðskiptasendinefnd sem mun dvelja í borginni fram á laugardag. - hg



### Mest lesið VÍSIR

1 Grútspældir og reiðir viðskiptavinir IKEA
2 Einfættur Elvis væntanlegur á sviðið
3 Fjölskylda greiðir hálfan milljarð fyrir 26 milljóna lán
4 „Hann er breyttur maður“
5 Skattsvik í ferðaþjónustu rannsökuð
5 Kristinn fundinn heill á húfi





